


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jólagjöfin hans




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag




FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
8. desember 2010
288. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Aldrei verið jafn glaður

*Egill Einarsson tekinn inn í Rithöfundasambandið og fagnar með partíi á veitingastaðnum Austur.*

fólk 38

## Drengjakór Reykjavíkur

*Eini drengjakórinn á Íslandi tuttugu ára.*

tímamót 22



## Tap gegn Svíum

*Íslenska karlalandsliðið í handknattleik keppir um þriðja sætið í heimsbikarnum.*

sport 34

## veðrið í dag




**HLÝNAR VESTAN TIL** Í dag verða sunnan eða suðvestan 3-8 m/s. Skýjað og dálítið él vestan til en annars bjart með köflum. Frost víða 0-10 stig.

VEÐUR 4

# 416 þúsund í bensín á ári

**Bensínkostnaður á meðal fólksbíl er 416 þúsund á ári miðað við síðustu hrinu hækkana. Forstjóri Skeljungs segir heimsmarkaðsverði um að kenna. Framkvæmdastjóri FÍB segir ekki þörf á svo bröttum hækkunum.**

**NEYTENDUR** Eldsneytiskostnaður við meðal fjölskyldubíl verður 416 þúsund krónur á ári, haldist verðið í 208 krónum á lítrann. Fyrir tveimur árum kostaði lítrinn 141 krónu og var árskostnaður miðað við það 282 þúsund. Hækkunin nemur 134 þúsundum, eða 47 prósentum.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) miðar við að meðalnotkun fólksbíls á ári sé 2.000 lítrar og magnast kostnaðurinn upp þegar nýjustu hækkanir á bensínverði eru teknar með inn í reikninginn. Útsöluverð á eldsneyti hækkaði talsvert í gær þar sem lítraverðið á bensíni fór hæst upp í 209 krónur á stöðvum Shell. Olís hækkaði verðið upp í 208 krónur, en verð var að mestu óbreytt hjá N1 og sjálfsafgreiðslustöðvunum þar sem lítraverð var um 203,50 krónur.

Eldsneytisverðið hefur því hækkað verulega síðustu daga en Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, segir í samtali við Fréttablaðið að rekja megi þá þróun til hækkana á heimsmarkaðsverði.

„Þær hafa verið mjög brattar síðasta mánuðinn, um tíu prósent, en sem betur fer hefur Bandaríkjadalur gefið eftir, því annars hefði hækkunin verið meiri.“

Einar Örn segir að hátt heimsmarkaðsverð megi skýra með kuldakasti í Evrópu, auk þess sem litlar birgðir séu í Bandaríkjunum og mikil eftirspurn frá Asíu.

„Ef maður skoðar síðustu tvö ár hefur heimsmarkaðsverð á bensíni næstum þrefaldast,“ segir Einar Örn og bætir því við að þótt verðið á heimsmarkaði muni eflaust lækka einhvern tíma bendi langtímaspár til þess að olíuverð muni hækka og ekki sé hægt að búast við því að útsöluverð hér á landi muni færast langt niður.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir þær hækkanir þó ekki réttlæta verðhækkun Olís og Shell hér á landi.

„Það liggur fyrir að nokkur hækkun hefur verið á mörkuðunum, en við sjáum ekki þessa miklu hækkun í kortunum eins og var hjá Olís og Shell.“

Runólfur bætir því við að ekki sé á bætandi þar sem fyrir liggi auknar skattheimtur á eldsneyti, sem muni sennilega hafa í för með sér verðhækkun upp á fimm og hálfa krónu á lítrann. **- þj**

### Þróun bensínverðs á Íslandi




Samkvæmt viðmiðum FÍB um að ársnotkun fjölskyldubíls sé um 2.000 bensínlítrar hafa útgjöld aukist um 47%, eða úr 282.000 kr. upp í 416.000 kr. á síðustu tveimur árum.



**...Á FÆRIBANDINU ÞOKAST NÆR** Gosverksmiðjan Klettur tók formlega til starfa í gær þegar Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra vígði verksmiðjuna. Þar eru framleiddir alíslenskir drykkir í mörgum bragðtegundum og er áætlað að fjölga enn vörum á næstunni. Sjá síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bækur Yrsu seljast vel:

## Nálgast milljón eintaka múrinn

**FÓLK** Bækur Yrsu Sigurðardóttur hafa selst mjög vel, að sögn Péturs Más Ólafssonar hjá bókaforlaginu Veröld. Hann segir að stutt sé í að hún rjúfi milljón eintaka múrinn.



YRSA SIGURÐARDÓTTIR

Yrsa hefur selt áttatíu þúsund eintök hér heima og Pétur býst við að hún slái eigið sölumet, tíu þúsund eintök, með nýjustu bókinni sinni, Ég man þig.

Yrsa og Arnaldur Indriðason hafa skorið sig nokkuð frá öðrum skáldverkum á metsölulistum í ár. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, býst allt eins við því að Arnaldur slái eigið Íslandsmet og selji yfir þrjátíu þúsund eintök hérlendis af nýjustu bók sinni, Furðustrandir.

- fgg / sjá síðu 38

Unnið er að úrslitatilraun til að ná saman við Breta og Hollendinga um Icesave:

## Enn ósamið um nokkur atriði

**ICESAVE** Enn er ósamið um nokkur atriði varðandi Icesave, en viðræður íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld eru sagðar á lokametrunum.

„Við erum að reyna að gera úrslitatilraun til að ná þessu saman,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í samtali við Fréttablaðið seinnipart dags í gær. „Þeim hefur fækkað mjög þeim atriðum sem enn er verið að glíma við svo málið er verða auðveldara viðfangs.“

Steingrímur segir enn ósamið um hluta málsins sem varði talsverða fjárhagslega hagsmuni, svo ekki sé hægt að segja að einungis séu smærri mál eftir.

Sá samningur sem nú er við það að nást er talsvert hagstæðari en sá sem áður var gerður, en felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Steingrímur segir aðstæður aðrar, og bættar horfur um endurheimtur í þrotabú Landsbankans.

Spurður um hugsanlegar slæmar afleiðingar þess að ekki verði samið fljótt um Icesave segir Steingrímur: „Ég held ég bíði með þann málflutning þar til niðurstaða er komin, en ég þarf ekki að vera til vitnis um það. Aðrir hafa lýst því að þetta hafi verið þrándur í götu fjármögnunar, sérstaklega úr fjárfestingarbönkum.“ **- bj**

22.00
Opið til 10 öll kvöld frá 1. des. til jóla.
byggtogbúið
TIGER
KRINGLUNNI

ms.is
Ostakörfur frá MS



Kynnið ykkur úrvalið af sælkerakörfum á ms.is

Buddy Holly
borgarinn m/osti, lauk, súrum gúrkum, beikoni, iceberg, majonesi, sinnepi, frönskum og gosi. 1290 kr.



**SPURNING DAGSINS**



*Steinunn, verður þetta svona hámenningar-Idol?*

„Nei, þvert á móti verður þetta alþýðu-Idol."

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpunnar, ásamt Þorgerði Ingólfsdóttur kórstjóra, fer nú um landið að velja fólk á aldrinum 16 til 23 ára til að syngja við opnum tónlistarhússins á næsta ári. Þær voru í Hofi á Akureyri í gær og segir Steinunn margt hæfileikafólk hafa komið fram.

Kári Stefánsson segir dómsmálaráðherra hafa gert í buxurnar með ummælum um meintar njósnir Kínverja:

# Segir ummælin heimskuleg og óvarleg

**WIKILEAKS** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segist afar ósáttur við viðbrögð Ögmundar Jónassonar dómsmálaráðherra við meintum njósnum Kínverja á Íslandi.

„Ögmundur gaf í skyn að áður en hann færi að láta rannsaka þetta vildi hann láta ganga úr skugga um að þeir sem kannski hefði verið njósnað um hefðu eitthvað sem kannski væri þess virði að verja," segir Kári.

„Hann er þar með að gefa í skyn að við og jafnvel aðrir í þessu samfélagi hefðum ekki upp á nokkurn skapaðan hlut að bjóða og væri eðlilegt að hver sem hafa vildi gæti sullað í því sem við höfum, án leyfis í gegnum njósnir og svo framvegis. Þetta er óvarlegt, heimskulegt og óréttlátt í alla staði."

Hann segist telja að Ögmundur hafi hreinlega ruglast í ríminu og sé ekki buinn að ná tökum á málaflokkum nýs ráðuneytis síns.

„En svo er líka annað í þessu að mér þykir svo vænt um Ögmund að ég hef af honum áhyggjur. Því að nú er Alþingi búið að setja fordæmi um það að það megi sækja ráðherra til saka fyrir að gera mistök. Ég bara bið hæstvirt Alþingi lengstra orða á hnjánum að fara ekki illa með Ögmund þó að hann hafi í þessu máli gert í buxurnar," sagði Kári. Hann bætti við að réttast væri að setja bleyju á Ögmund í stað þess að fara harkalega að honum.

Kári tekur þó fram að hann viti ekki eitt einasta dæmi þar sem menn hafi stundað njósir, annað en þær upplýsingar sem komi fram í skjalinu sem WikiLeaks lak. - jhh



**ÁHYGGJUFULLUR** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segist hafa áhyggjur af því að Alþingi ákveði að sækja ráðherra til saka fyrir mistök í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherra hafnar gagnrýni:

## Skýr heimild til að bjarga Sjóvá

**STJÓRNSÝSLA** Gagnrýni ríkisendurskoðunar á aðkomu ríkisins að endurskipulagningu Sjóvár kemur á óvart segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Ríkisendurskoðun telur óljóst hvaða lagaheimildir hafi verið studdst við þegar ríkið lagði 11,6 milljarða króna í félagið í fyrra.

Steingrímur segir að þar sé stuðst við heimild í fjáraukalögum frá árinu 2008 og sams konar ákvæði í fjárlögum ársins 2009. Þá sé almenn heimild fyrir ríkið að tryggja mikilvæga hagsmuni, sem tvímælalaust hafi átt við í þessu tilviki. - bj

Rændu skartgripabúð:

## Lögreglan leitar að úraþjófum

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn rændu úrum að andvirði fimm milljónir króna í skartgripabúð í Kringlunni um miðjan dag í gær.**

**Góðar myndir náðust af mönnunum með eftirlitsmyndavélum og leitaði lögregla þeirra þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni hlupu mennirnir inn í verslunina og að skápi þar sem dýrustu úrin eru geymd. Þeir spenntu skápinn upp með kúbeini, gripu sjö armbandsúr og forðuðu sér á hlaupum.**

**Að sögn lögreglu ógnuðu mennirnir ekki starfsfólki verslunarinnar.** - vg

# Kviknaði í tuskudýri út frá nýrri jólaseríu

**Fjólublá jólasería varð til þess að tuskudýr inni hjá tveggja ára barni stóð í ljósum logum um miðja nótt. Serían var keypt í Húsasmiðjunni um helgina en tegundin hefur nú verið tekin úr sölu. Heildsali segir tilvikið einangrað.**

**FÓLK** Sprenging í fjólublárri ljósaseríu sem keypt var í Húsasmiðjunni í Skútuvogi um helgina varð til þess að það kviknaði í tuskudýri tveggja ára stúlku. Serían var í sambandi á gólfi svefnherbergis stúlkunnar, Mínervu Geirdal Freysdóttur, sem var í fastasvefni þegar atvikið átti sér stað, um hálf tvö á mánudagsnótt.

Jóhanna Geirdal, móðir stúlkunnar, segir seríuna ennþá hafa verið logandi þegar hún kom inn í herbergi dóttur sinnar, en hún varð vör við óvenju mikil læti í kettlingnum Loka, sem hljóp um íbúðina með miklum látum. Loki og Mínerva sofa saman í herbergi stúlkunnar og var kötturinn afar órólegur fyrir framan dyrnar.

„Stelpan var vakandi í rúminu þegar ég kom inn og það tók á móti mér þessi hrikalega lykt," segir Jóhanna. „Þegar mér varð litið á seríuna var ennþá kveikt á henni og bangsinn stóð í ljósum logum upp við hana."

Mínerva hefur líklega hent tuskudýrinu sínu á seríuna, sem gerði það að verkum að eldur braust út. Perustæðin höfðu bráðnað en ljósin héldust kveikt þar til Jóhanna tók snúruna úr sambandi.

„Ég ætlaði fyrst að setja seríuna á jólatréð, sem er úr plasti. Það hefði verið skemmtilegur bruni," segir Jóhanna.

Auður Auðunsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar í Skútuvogi, segir að tegundin verði tekin strax úr sölu. „Við tökum þetta úr hillunum í einum grænum," segir hún. „Við fáum seríurnar hjá innlendum birgjum, en höfum einungis selt þetta í nokkrar vikur."



**BRENNDUR BANGSI** Ljósaserían er af gerðinni Shining Blick og bræddi tuskudýrið og plastið í kringum perurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Daníel Guðbrandsson, framkvæmdastjóri heildsölu Egilsson hf. sem er umboðsaðili fyrir Shining Blick-ljósaseríurnar hér á landi, hefur ekki heyrt um svona atvik áður. „Ég hef selt fleiri þúsund seríur úr þessari sendingu í mörg ár og ekki fengið neinar kvartanir til þess. En maður getur aldrei verið viss um að eitt eintak inn á milli geti ekki verið gallað," segir Daníel. sunna@frettabladid.is



**MÍNERVA OG LOKI** Mínerva og kettlingurinn Loki standa við jólatréð, þar sem ljósaserían átti upprunalega að vera. MYND/JÓHANNA GEIRDAL



**FEÐGARNIR** Julio Cesar og Julio Daniel. Sá síðarnefndi þarf að yfirgefa fjölskyldu sína hér á landi fyrir áramót.

Julio Daniel á leið til Úrúgvæ:

## Búinn að fá nóg

**SAMFÉLAGSMÁL** „Sonur minn er búinn að fá nóg af öllu þessu veseni og vill nú bara fara heim," segir Julio Cesar Gutierrez, bóndi á Hávarsstöðum í Hvalfjarðarsveit.

Útlendingastofnun hefur synjað syni hans, Julio Daniel nítján ára, um dvalarleyfi. Feðgarnir ætla ekki að kæra úrskurðinn.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur Daniel dvalið hjá föður sínum og fjölskyldu í eitt og hálft ár. Hann er fæddur og uppalinn í Úrúgvæ, þar sem móðir hans býr, og hefur hún forræði yfir honum. Á því byggir Útlendingastofnun synjun sína. „Þessi málarekstur hefur farið illa í son minn og hann er farið að langa heim núna." - jss

David Cameron í heimsókn:

## Bretaher á leið frá Afganistan

**AFGANISTAN, AP Bretar kunna að hefja að kalla hermenn sína frá Afganistan á næsta ári. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, í heimsókn hans til Afganistan í gær.**

**Frá því ríkisstjórn Camerons tók við völdum í maí segir hann að áætlanir um hlutverk herliðs landsins í Afganistan hafi verið endurmetnar og viðurkenndi hann að minnkandi stuðningur almennings við stríðsreksturinn skapaði vandamál. Um leið sagði hann að hlutverki breskra hermanna í stríðsátökum í landinu yrði lokið fyrir árslok 2014.** - óká




Óvissa ríkir um framtíðina hjá um 50 starfsmönnum Varnarmálastofnunar:

# Niðurstöðu vænst fyrir vikulok

**VARNARMÁL** Von er á niðurstöðu stjórnvalda um framtíðarfyrirkomulag varnarmála í vikunni. Aðeins eru ríflega þrjár vikur í að Varnarmálastofnun verði lögð niður, og enn hefur ekkert verið gefið upp um hvar verkefnum stofnunarinnar verður niður komið.

„Við erum að ganga frá þessum málum, og vonumst til þess að við getum greint frá niðurstöðu okkar á næstu dögum," segir Ögmundur Jónasson, dómsmálaráðherra og samgönguráðherra.

Viðræður hafa verið í gangi milli Ögmundar og Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um hvar málaflokkum sem stofnunin hefur sinnt verði komið fyrir. Ákveðið var með lagasetningu fyrr á árinu að leggja stofnunina niður um áramót. Stofnunin heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur gengið illa að ná lendingu um ákveðin atriði, til dæmis hvar umsjón með loftvarnarkerfinu verður fyrir komið. Verkefnisstjórn Varnarmálastofnunar klofnaði í afstöðu sinni til málsins.

Alger óvissa ríkir meðal starfsmanna stofnunarinnar, sem eru um 50 talsins um hvað tekur við. Guðmundur B. Helgason, formaður verkefnisstjórnarinnar, segir mjög brýnt að leiða þetta mál til lykta sem allra fyrst.

Í lögum þar sem Varnarmálastofnun er lögð niður kemur fram að bjóða eigi starfsmönnum stofnunarinnar starf þar sem verkefni stofnunarinnar enda fyrir 1. janúar næstkomandi. - bj



**RATSJÁ Á STOKKSNESI** Deilt hefur verið um hvaða ráðuneyti eða stofnun eigi að taka við rekstri loftvarnakerfisins.

# SKÍÐI
# MONTAFON DALURINN

15.–22. jan. / 22.–29. jan.
Verð á mann, frá:

## 99.700 kr.

FYRIR **118.000 kr.** á mann færðu gistingu á 4* hóteli með hálfu fæði.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á fínu hóteli með ríkulegu morgunverðarhlaðborði, stutt frá lyftum og ókeypis í skíðarútu um allt svæðið.






# TÍMAMÓTAFERÐIR!

Hvernig væri að eiga öðruvísi áramót og skella sér í sólina? Express ferðir bjóða einstakar golfferðir þar sem þér býðst að spila golf við frábærar aðstæður. Þeir sem vilja heldur bara slaka á og sleikja sólina geta líka skellt sér til Torrevieja og notið lífsins á ströndinni. Við bjóðum einnig ferðir fyrir skíðafólk í janúar til Austurríkis þar sem brekkurnar virðast endalausar og náttúrufegurðin er einstök.

**Kynntu þér frábært úrval ferða á góðu verði á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100.**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## Torrevieja

29. des.–5. jan.
Verð á mann, frá:

## 89.900 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting á Marina Internacional.



# SÓL







# GOLF

## Áramótagolf

29. des.–5. jan.
Verð á mann, frá:

## 159.700 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, akstur, fararstjórn, ótakmarkað golf og gisting í 7 nætur með hálfu fæði.



**GENGIÐ 07.12.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,50 | 114,04 |
| Sterlingspund | 179,35 | 180,23 |
| Evra | 151,68 | 152,52 |
| Dönsk króna | 20,349 | 20,469 |
| Norsk króna | 19,008 | 19,120 |
| Sænsk króna | 16,627 | 16,725 |
| Japanskt jen | 1,3722 | 1,3802 |
| SDR | 175,30 | 176,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,0188

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi ráðherra ver fjárfestingu lausafjár í bankabréfum Kaupþings fyrir hrun:

# Bankabréfin góð fjárfesting

**STJÓRNSÝSLA** Nota átti lausafé sem varð eftir í landbúnaðarráðuneytinu við sölu á Lánasjóði landbúnaðarins árið 2005 til uppbyggingar á mannvirkjum fyrir hestamenn, segir Guðni Ágústsson þáverandi landbúnaðarráðherra.



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Guðni ver þá ákvörðun ráðuneytisins að kaupa bankabréf hjá Landsbankanum fyrir 214 milljónir króna af lausafé Lánasjóðsins í yfirlýsingu. Þar segir að bankabréf hafi á þeim tíma verið talin mjög örugg fjárfesting og ávöxtunarleið fyrir lausafé.

Ríkisendurskoðun gagnrýndi þessa ráðstöfun harðlega við endurskoðun ríkisreiknings 2009, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær. Telur stofnunin að ráðuneytið hefði átt að skila fénu til ríkisféhirðis. Féð var ennþá bundið í bankabréfum þegar Kaupþing fór í þrot haustið 2008, og allt bendir til þess að 70 til 80 prósent af fénu hafi tapast við hrunið.

„Ég lauk störfum sem landbúnaðarráðherra í maí 2007 þá var þessi sjóður í góðri ávöxtun og enginn, ekki ríkisendurskoðun né fjármálaráðuneytið höfðu gert athugasemdir við ávöxtun þessara peninga sem urðu grundvöllur þess að 28 reiðhallir íþróttahús hestamanna eru nú risin eða að rísa um allt land,“ segir Guðni í yfirlýsingu sinni. - bj

Viðbúnaðaráætlun lekur:

## NATO-drög að vörn Eystrasalts

**WIKILEAKS, AP Atlantshafsbandalagið (NATO) hafði til reiðu viðbúnaðaráætlun um hernaðaraðgerðir til varnar Eystrasaltsríkjunum kæmi til innrásar Rússa. Þetta kemur fram í gögnum sem lekið var til Wikileaks.**

**Opinber stefna NATO er þó sú að ekki sé litið á Rússland sem ógn við Eystrasalt. Í gögnum frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna er áhersla lögð á að viðbúnaðurinn fari leynt þar sem umræða gæti valdið „óþarfa spennu“ í samskiptum Rússlands og NATO. - óká**



**BÚNINGURINN** Nasistabúningur með hakakrossi á handleggsbindi og skopmynd af Hitler hefur verið tekinn úr sölu í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samtök gyðinga kvörtuðu:

## Hætt að selja nasistabúning

**JAPAN, AP** Japönsk lágvöruverðsverslanakeðja hefur sagst ætla að hætta að selja nasistabúning í verslunum sínum eftir að henni barst kvörtun frá samtökum gyðinga í Bandaríkjunum.

Búningurinn hefur verið til sölu í verslunum Don Quijote Co. og samanstendur af svörtum jakka með rauðu hakakrosshandleggsbandi. Pakkinn er merktur skopmynd af Adolf Hitler og á hann er ritað „Heil Hitler“ með japönsku letri.

Búningurinn kostaði um fimm þúsund jen, eða tæpar sjö þúsund krónur. Hann er frá framleiðandanum Aico sem sérhæfir sig í „partívarningi“. Talsmaður framleiðandans sagði búninginn hafa verið í sölu í sjö ár án þess að kvartanir bærust. - óká

**LEIÐRÉTTINGAR**

Í frétt blaðsins á mánudag var Böðvar Jónsson ranglega titlaður forseti bæjarstjórnar og stjórnarformaður Fasteigna Reykjanesbæjar. Hann er formaður bæjarráðs.

Í umfjöllun um hjólastólahandbolta hjá HK, sem birtist í blaðinu á laugardaginn, var ranghermt að æfingar væru einu sinni í viku. Þær fara fram tvisvar í viku, á fimmtudögum í Kórnum og á föstudögum í Fagralundi.

# Tekið undir tillögu um rannsókn á Íbúðalánasjóði

**Félagsmálaráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins eru hlynntir rannsókn á Íbúðalánasjóði. Þingmaðurinn segist skilja að það sé rannsóknarefni að sjóðurinn standi enn þegar allt annað fór á hliðina.**

**ALÞINGI** Guðbjartur Hannesson félagsmálaráðherra er fylgjandi sjálfstæðri og óháðri rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Ráðherrann sagði á Alþingi í gær að hann styddi heilshugar tillögu Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, Samfylkingu, um slíka rannsókn.

Guðmundur Steingrímsson, Framsóknarflokki, tók undir að rétt væri að rannsaka: „Ég get skilið að það sé rannsóknarefni að Íbúðalánasjóður skuli enn standa.“

„Hér fór allt fjármálakerfið á hliðina,“ sagði Guðmundur, „en Íbúðalánasjóður stendur og er enn þá hornsteinninn að íbúðalánakerfi landsmanna.“

Eiginfjárhlutfall sjóðsins hefði verið 7-8% fyrir hrun en væri nú 1,5-2%. Einnig væri rannsóknarefni hvers vegna sjóðurinn hefði ekki verið einkavæddur þrátt fyrir háværar kröfur frá innlendum stjórnmálaöflum, erlendum eftirlitsstofnunum og matsfyrirtækjum. Guðmundur sagðist þakka Framsóknarflokknum það að hafa komið í veg fyrir þá einkavæðingu.

Fram kom við umræðuna að ríkið þyrfti að leggja fram 22 milljarða króna til sjóðsins fyrir árslok til að mæta afskriftum og tryggja að eiginfjárhlutfall yrði þá ekki undir fimm prósentum. 2,2 milljarða þarf að leggja fram til viðbótar fyrir árslok 2011.

Guðbjartur Hannesson sagði ljóst að afskriftir sjóðsins ykjust vegna samkomulagsins á dögunum um aðgerðir í þágu heimilanna en ekki væri ljóst hve mikil aukningin yrði.

Guðmundur Steingrímsson sagði að svara þyrfti betur hvers vegna gera ætti ákveðnar kröfur um eiginfjárhlutfall til sjóðs sem væri í eigu ríkisins og rekinn með ríkisábyrgð. peturg@frettabladid.is



**MEIRA AFSKRIFAÐ** Íbúðalánasjóður var ræddur í gær að ósk Guðlaugs Þórs Þórðarsonar Sjálfstæðisflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Rannsókn getur orðið til að skapa frið um starfsemina

„Þetta þýðir meiri afskriftir heldur en við höfum gert ráð fyrir en hversu mikið meiri er ekki ljóst,“ segir Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, um áhrif aðgerða fyrir skuldsett heimili á sjóðinn.

Nákvæm afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs verður aldrei að fullu ljós. Ráða þar til dæmis óvissuþættir á borð við heildarstöðu skuldara sem sjóðurinn hefur ekki upplýsingar um, auk efnahagslegra þátta.

Stjórnvöld ætla að leggja Íbúðalánasjóði til allt að 33 milljarða króna til að styrkja eiginfjárstöðu hans. Er mat sumra að það sé ekki nægt fé. Sigurður segir að til séu útreikningar sem sýni fram á aukna fjárþörf en þeir miðist við langvarandi efnahagserfiðleika. „Aukinn hagvöxtur og minnkandi atvinnuleysi skipta miklu máli í þessu sambandi. Fyrr en síðar mun þessu ástandi linna.“

Spurður hvort Íbúðalánasjóður hafi farið óvarlega í lánveitingum segir Sigurður að alltaf sé hægt að vera vitur eftir á. „En ég held að þegar litið er yfir sviðið sjái menn að Íbúðalánasjóður var íhaldssamasta lánastofnunin.“

Fyrir Alþingi liggur tillaga um rannsókn á Íbúðalánasjóði í aðdraganda hrunsins. Sigurður segir sjálfsagt mál að efna til slíkrar rannsóknar ef hún megi verða til að skapa frið og ró um starfsemi sjóðsins.




## VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BREYTINGAR**
Það verða loksins breytingar í veðri næstu daga en það gengur í suðvestanátt með heldur hlýnandi veðri vestan til í fyrstu. Það þykknar einnig upp og má búast við rigningu eða slyddu á vesturhelmingi landsins en austan til verður yfirleitt þurrt.



Á MORGUN
8-13 V-til, annars hægari.

FÖSTUDAGUR
5-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 12° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 23° |
| London | -1° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 1° |
| Orlando | 14° |
| Ósló | -8° |
| París | 0° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


e KORTIN
ekortin.is
Viðskiptavinir e-kortsins fá samtals rúmlega 98 milljónir í endurgreiðslu í desember.
Hvernig greiðslu færð þú?
Alltaf í desember. Á hverju ári fá handhafar e-korta endurgreiðslu í beinhörðum peningum. Sæktu um e-kort í næsta útibúi Arion banka eða á arionbanki.is
Þú færð e-kortið í Arion banka.
Farðu á arionbanki.is og kynntu þér kosti e-kortsins.
Arion banki

KJÖRKASSINN



*Eiga íslensk stjórnvöld að rannsaka meintar njósnir Kínverja hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,7% |
| Nei | 43,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú að eyða minna í jólagjafir í ár en í fyrra?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Julian Assange handtekinn í Bretlandi þar sem hann gaf sig fram í gær:

# Berst gegn framsalskröfunni

**BRETLAND** Julian Assange, stofnandi Wikileaks, gaf sig fram við lögreglu í London í gær og var færður í fangelsi vegna handtökubeiðni frá Svíþjóð, þar sem Assange hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot.

Assange þáði ekki boð um að greiða tryggingu gegn því að verða látinn laus meðan mál hans væri til afgreiðslu í Bretlandi. Hann ætlar hins vegar að berjast gegn því að verða framseldur til Svíþjóðar.

Tvær konur í Svíþjóð hafa kært Assange til lögreglunnar vegna atburða sem sagðir eru hafa átt sér stað í ágúst síðastliðnum. Ein kæran er fyrir nauðgun, tvær fyrir kynferðislega áreitni og ein fyrir ólögmæta valdbeitingu. Nauðgunarkæran er flokkuð þannig hjá sænska dómstólnum, að hún lúti að „vægara afbrigði“ nauðgunar, sem getur leitt til fangelsisdóms til allt að fjögurra ára.

Samkvæmt breskum fjölmiðlum virðist sem önnur kvennanna saki Assange um að hafa notað ónýtan smokk, en hin saki hann um að hafa notað sig kynferðislega án smokks þegar hún var sofandi.

Talsmenn Assange hafa sumir sagt kærurnar sprottnar af annarlegum rótum, jafnvel að undirlagi Bandaríkjanna. Lögfræðingur kvennanna hafnar öllum ásökunum af því tagi. - gb



**JULIAN ASSANGE** Tvær konur hafa sakað hann um kynferðisbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Getty Images fer í mál:

## Stefnir síðunni Barnaland.is

**TÆKNI Stafræni myndabankinn Getty Images International hefur stefnt eignarhaldsfélaginu Fronti, eiganda Barnaland.is og fleiri vefja, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Ástæðan er notkun á myndum sem Frontur hefur ekki greitt fyrir.**

**Fyrirtækið krefst tveggja til þriggja milljóna króna í skaðabætur vegna notkunar á myndum sem eiga að hafa birst í leyfisleysi á vefjum Fronts, sem hefur farið fram á að málinu verði vísað frá dómi. - sv**




# 200 milljónir urðu að 129 þúsund krónum

**Tannlæknir á Suðurnesjum hefur verið ákærður fyrir fjársvik upp á 129 þúsund krónur með að hafa rukkað fyrir 34 viðgerðir sem hann ekki vann. Rannsókn málsins tók fjögur ár. Sjúkratryggingar krefjast endurgreiðslu á 23 milljónum.**

**DÓMSMÁL** Tannlæknir á Suðurnesjum hefur verið ákærður fyrir að svíkja rúmar 129 þúsund krónur út úr Tryggingastofnun (TR) með því að hafa rukkað fyrir tannviðgerðir sem hann ekki vann. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag. Verjandi mannsins, Gestur Jónsson hrl., segir málatilbúnað undarlegan og hefur gert kröfu um að málinu verði vísað frá dómi.

Þingfesting málsins á sér langan aðdraganda. TR kærði tannlækninn til lögreglu fyrir tryggingasvik árið 2006. Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og var jafnvel talið, samkvæmt upplýsingum sem þeim voru veittar, að svikin næmu allt að 200 milljónum króna síðustu þrjátíu ár, uppreiknað til nóvember 2007.

Samkvæmt ákærunni sem þingfest hefur verið er tannlækninum gefið að sök á hafa á árunum 2003 til 2006 svikið út rúmar 129 þúsund krónur vegna 34 tannviðgerða í ellefu einstaklingum. Sjúkratryggingar Íslands gera einkaréttarkröfu í málinu um að tannlækninum verði gert að endurgreiða mest ríflega 23 milljónir króna en minnst 129.412 krónur.

Þá tóku forráðamenn Sjúkratrygginga Íslands þá ákvörðun fimm vikum áður en tannlækninum var birt ákæran að ekki yrði um að ræða frekari endurgreiðslur frá stofnuninni vegna tannlæknisverka hans.

„Þessi 23 milljóna króna krafa er ekki studd neinum haldbærum rökum, heldur áætluð út í loftið.“ segir Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, verjandi tannlæknisins. „Rannsóknin er búin að taka rúm fjögur ár og starfsmenn kæranda hafa opinberlega sakað tannlækninn um stórfelld fjársvik. Eftir öll þessi ár telur lögreglan, eftir að dómkvaddur sérfræðingur hafði skoðað umrædda sjúklinga, að ekki sé unnt að sjá merki um tannviðgerðir fyrir rúmar hundrað þúsund krónur. Alvarlegast er þó að ákæra er gefin út án þess að undir tannlækninn hafi verið bornir þeir reikningar sem haldið er fram að hann hafi framvísað ranglega. Hann telur sig hafa fullnægjandi skýringar á þeim öllum. Séu sakargiftir ekki bornar undir sakborning er mál ekki fullrannsakað og svo er í þessu tilviki.“

Gestur segir að tannlæknir á vegum landlæknis hafi skoðað tannviðgerðir sjúklinganna árið 2006. Sá hafi staðfest að minnsta kosti fimm viðgerðanna sem nú er sagt að vanti.

„SÍ skrifuðu ráðherra bréf 4. nóvember þar sem sagt er frá því að búið sé að ákæra tannlækninn. Þar til í síðustu viku vissi hvorki ég né hann að ákæra hefði verið gefin út.“ jss@frettabladid.is



**TANNVIÐGERÐIR** Tannlæknir á vegum landlæknis skoðaði tannviðgerðir sjúklinga mannsins árið 2006. Sá staðfesti fimm viðgerðanna sem nú er sagt að vanti.

Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands:

## Krafan byggð á meintum auðgunarbrotum

**DÓMSMÁL** „Í júlí síðastliðnum gaf Lögreglustjórinn á Suðurnesjum Sjúkratryggingum Íslands kost á því að koma á framfæri einkaréttarkröfu vegna meintra afbrota tannlæknisins,“ segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. „Í framhaldinu lagði SÍ fram skaðabótakröfu byggða á meintum auðgunarbrotum tímabilið 2003 til 2010. Krafa SÍ er byggð á umfangi reikningsgerðar tannlæknisins þessi ár vegna tannviðgerða sem falla undir sjúkratryggingarnar.“

Steingrímur Ari segir SÍ hafa stöðvað þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna tannlækninga tannlæknisins frá 1. október síðastliðnum á þeirri forsendu að hann uppfylli ekki sett skilyrði samkvæmt reglugerð sem tekið hafi gildi 15. september 2010.

„Með öðrum orðum, stöðvun greiðsluþátttökunnar hefur það eitt með ákæruna að gera að byggt er að hluta til á sömu upplýsingum, það er matsgerð dómkvadds sérfræðings í tannlækningum frá 12. júlí 2010,“ útskýrir Steingrímur Ari. „Hún staðfestir að tannlæknirinn hafi krafið sjúklinga sína um greiðslur fyrir viðgerðir sem ekki hafa verið framkvæmdar.“

Ekki náðist í Reyni Jónsson tryggingatannlækni hjá Tryggingastofnun við vinnslu fréttarinnar. - jss



**STEINGRÍMUR ARI ARASON** Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.





Veiðileg Jól
NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-
SCIERRA VAÐSTAFUR
Nauðsynlegt öryggistæki fyrir veiðimenn.
Verð aðeins 7.995,-
SKOTVEIÐIHANSKAR
Verð aðeins frá 3.995,-
VEIÐISETT
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-
PROLOGIC GÆSAGALLI
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-
FLUGUHNÝTINGASETT
Veniard fluguhnýtingasett með öllu.
Verð aðeins 13.995,-
ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR
Jólatilboð aðeins 14.995,-
REDINGTON FLUGUVEIÐISETT
Stöng, hjól og lína. Hólkur fylgir.
Verð frá 29.900,-
DR.SLICK VEIÐISETT
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-
DANVISE
Jólatilboð aðeins 9.995,-
RJÚPNAVESTI
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-
DAM VÖÐLUTÖSKUR
Verð aðeins 5.995,-
SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.
Aðeins 49.900,-
NEOPENVÖÐLUR OG VATNSHELDUR VEIÐIJAKKI.
Frábært verð.
Aðeins 25.900,-
GÆSAFLAUTUR
Aðeins 3.595,-
HNÍFASETT
Verð aðeins 5.995,-
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
SKOTABELTI
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-
RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-
DAM TASLAN VÖÐLUR
Verð aðeins 8.995,-
SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR
Verð frá 6.895,-
VEIÐIHORNIÐ
SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - SÍMI 568 8410
SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða stofnun hér á landi vildu Bandaríkjamenn ekki að lögð yrði niður, samkvæmt lekaskjölum Wikileaks?*

**2.** *Til hvaða verðlauna hefur auglýsingaherferðin Inspired by Icelands verið tilnefnd?*

**3.** *Hvað kallast húsið sem áður stóð við Vonarstræti 12, en hefur verið flutt í Kirkjustræti?*

SVÖR

*1. Varnarmálastofnun. 2. European Excellence Awards. 3. Skúlahús.*

Gosverksmiðjan Klettur opnuð við Köllunarklettsveg í Reykjavík:

# Horft í hverja krónu við stofnunina

**IÐNAÐUR** Gosverksmiðjan Klettur, við Köllunarklettsveg í Reykjavík, var formlega opnuð í gær. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra opnaði verksmiðjuna.

„Stofnendur leituðu í smiðju íslenskra hönnuða, hugvitsmanna og ýmissa sérfræðinga sem allir lögðu sitt af mörkum til að taka þátt í mótun íslensks fyrirtækis,“ segir í tilkynningu, en saga verksmiðjunnar er rakin til ársins 2009, þegar hópur fólks, nýfluttur aftur heim til Íslands, leitaði leiða til að leggja sitt af mörkum við atvinnuuppbyggingu. „Alls hafa um og yfir 100 manns komið að uppbyggingu verksmiðjunnar á einn eða annan máta,“ segir í tilkynningu, en 25 eru sagðir eiga Klett, þeirra á meðal helstu starfsmenn, ásamt vinum og fjölskyldum. „Í þeim hóp er enginn fagfjárfestir og enginn þekktur fjárfestir.“ Áréttað er að forðast hafi verið að taka lán.

Framleiðsla Kletts er eingöngu ætluð á markað hér. „Mundi hannaði miðann á flöskuna sem skartar myndum af Íslendingum og texta úr íslenskum dægurlögum og bókmenntum. Tvær línur drykkjartegunda, Kletta GOS og Kletta VATN, með ýmsum bragðtegundum hafa þegar litið dagsins ljós. Á næstu mánuðum munu svo fljótlega bætast við fleiri vörutegundir.“ **- óká**



**HJÁ KLETTI** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra opnaði Klett í gær. Hún bragðar hér á framleiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hafa viðurkennt Palestínu:

# Ísrael lýsir vonbrigðum sínum

**PALESTÍNA, AP** Talsmaður ísraelsku utanríkisþjónustunnar segir viðurkenningu Argentínu á sjálfstæði Palestínu valda vonbrigðum.

Argentína viðurkenndi á mánudag frjálst og sjálfstætt ríki Palestínu miðað við landamæri landsins eins og þau voru dregin upp árið 1967. Viðurkenning Argentínu kemur í kjölfar sambærilegrar ákvörðunar Brasilíu í síðustu viku. Löndin hafa þar með bæst í hóp um 100 ríkja sem viðurkennt hafa Palestínuríki síðustu tvo áratugi. **- óká**







Háskólinn í Reykjavík verður bakhjarl Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda:

# Virkja sköpunargáfu barna

**NÝSKÖPUN** Háskólinn í Reykjavík, HR, hefur bæst í hóp bakhjarla Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og ætlar að styðja við keppnina á næstu árum. Marel hefur stutt við keppnina frá upphafi, eða í nítján ár, og mun halda því áfram. Nú í haust hófst tuttugasta ár keppninnar, sem lýkur að ári.

„Þetta eru tímamót því HR ætlar að færa keppnina upp á nýtt stig,“ sagði Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri keppninnar.

Anna bendir á að nám í nýsköpun fylgi ungu fólki út í lífið, gefi því tól til að fá hugmyndir og gera þær að veruleika. Uppskeruhátíð keppninnar er vinnusmiðja sem haldin er á haustin. Þar eru lokaskrefin formuð. Keppnin er fyrir alla grunnskólanemendur og ætlað að efla áhuga á tölvu- og verkfræðigreinum.

Að meðaltali áttatíu grunnskólar af 174 taka þátt í keppninni ár hvert og hafa þátttakendur sent samtals átta þúsund hugmyndir inn í keppnina á síðustu þremur árum.

Grunnskólarnir sem taka þátt hér eru hvaðanæva af landinu, en fáir í Reykjavík. Anna segir það vonbrigði. „Á þessum aldri eru börn svo opin fyrir því að bæta heiminn og umhverfi sitt. Ef sköpunargáfan er ekki þjálfuð og henni haldið við lokast hún.“ **- jab**

## Sér lausnir í stað vandamála

Jóhanna Höeg Sigurðardóttir, sem varð nítján ára 4. desember síðastliðinn, er jafn gömul Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Hún segir nýsköpunarhugsun mikilvæga í daglegu lífi.

Jóhanna býr að því að hafa verið nemandi við Þjórsárskóla í Árnesi þegar Svanborg Jónsdóttir, ein þeirra sem stofnuðu til Nýsköpunarkeppninnar, var kennari þar. Kennsluhættir og áhugi Svanborgar settu mark sitt á skólann og fékk hann eitt árið verðlaun fyrir að senda flestar hugmyndir í keppnina. Sjálf hefur Jóhanna nokkrum sinnum tekið þátt í Nýsköpunarkeppninni, unnið í tvígang, og systur hennar tvær líka. Þar af hefur elsta systir hennar lent í þriðja sæti. Nám við Þjórsárskóla nær upp í 7. bekk og þurfti Jóhanna að ljúka grunnskólanámi á Flúðum. Þar líkt og í framhaldsskólum er ekki lögð áhersla á nám í nýsköpun líkt og í Þjórsárskóla. Svanborg var hins vegar í sambandi við Jóhönnu eftir skólaskiptin og tók hún þátt í keppninni árið 2007, þá sextán ára. Hún bar sigur úr býtum í einum flokki af fjórum með fiðurfesti, sem hún útbjó fyrir páfagaukinn sinn, að hennar sögn þar sem hún var orðin þreytt á því að þrífa upp eftir hann. „Ég reyni alltaf að sjá lausnina,“ segir Jóhanna og viðurkennir að hún vilji síður sópa vandamálum undir teppi.



**MEÐ FIÐURFESTINN** Hugmynd Jóhönnu byggir á því að setja pappír með flugnalími í botn á fuglabúri og grind ofan á. Dúkurinn tók við mesta skítnum og gerði þrif Jóhönnu léttari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Opið alla daga frá 10 til 19. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310 og Geysir Haukadal, sími 480 6803. **Greitt fyrir dýrari sokkana.*

**WIKILEAKS: Skjöl úr sendiráði Bandaríkjanna**

Fjallað um skort á markaði fyrir hvalkjöt í Japan:

# Einar lét sér fátt um finnast

Hvalveiðar Íslendinga eru meðal þeirra mála sem reglulega koma til umræðu í skýrslum bandaríska sendiráðsins til stjórnvalda í Washington.



EINAR GUÐFINNSSON

Bandarísk stjórnvöld eru andvíg hvalveiðum og koma þeim skilaboðum jafnan til skila á fundum með fulltrúum íslenskra stjórnvalda.

Meðal annars er rætt um tregðu Japana til að kaupa hvalkjöt frá Íslandi og í júlí 2009, þegar veiðar á langreyðum voru hafnar á ný eftir þriggja ára hlé, skýrir Neil Klopfenstein sendiráðunautur frá því að hafa rætt við sendifulltrúa Japans, sem sagðist „ekki telja að neinn markaður væri fyrir langreyðar í Japan“.

Einar Guðfinnsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra, hafi hins vegar svarað því til þegar þetta var borið undir hann, að markaðsmál væru á könnu einkafyrirtækis en ekki vandamál íslenskra stjórnvalda.

„Skortur á markaði fyrir kjöt af langreyði virðist ekki hafa nein áhrif á veiðarnar,“ segir í skýrslu frá Klopfenstein. - gb

Olli bandaríska sendiráðinu nokkrum heilabrotum:

# Sagður óútreiknanlegur

Fyrir þingkosningarnar vorið 2007 segir í skýrslu bandaríska sendiráðsins að Ólafur Ragnar Grímsson forseti sé einn þeirra óútreiknanlegu þátta sem gætu haft áhrif á þróun mála eftir kosningarnar.

Hann hafi nokkrum sinnum átt í deilum við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, meðal annars um fjölmiðlafrumvarpið 2004. Hafðar eru eftir „sérfræðingum í núverandi stjórn“ vangaveltur um að Ólafur Ragnar sé „sannfærður um að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sé að valda þjóðinni óbætanlegum skaða“ og gæti því átt það til að „taka annað fordæmislaust skref í maí og veita einum vinstriflokkanna umboð til stjórnarmyndunar“. Tæpu ári síðar, þegar Ólafur Ragnar skýrði frá því í áramótaræðu sinni að hann myndi bjóða sig fram til fjórða kjörtímabils í embætti, segir Neil Klopfenstein að með þessu hafi Ólafur frestað öllum áformum um að bjóða sig fram til alþjóðlegs embættis, til dæmis á vegum Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hafi áformum um að ævisaga forsetans yrði gefin út á ensku fyrir næstu jól verið frestað um óákveðinn tíma.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Ævisaga á ensku talin liður í undirbúningi alþjóðlegs starfsvettvangs.

„Ævisagan, sem líklega átti að hefja veg Grímssonar á alþjóðavettvangi, var víða talin liður í undirbúningi þess að hann skipti um starfsvettvang,“ segir Klopfenstein. - gb

# Fékk tilboð um kynferðislega þjónustu

**Bandaríska sendiráðið sendi einn starfsmanna sinna inn á nektarstað í Kópavogi til að kanna þar ástandið. Heimsóknin var þáttur í samantekt sendiráðsins fyrir Íslandskaflann árlega í skýrslu Bandaríkjastjórnar um mansal í heiminum.**

Starfsmaður bandaríska sendiráðsins var árið 2006 sendur í rannsóknarferð inn á nektarstaðinn Goldfinger í Kópavogi, þar sem hann fékk tilboð um „kynlífsþjónustu“, eins og það er orðað í skýrslu sendiráðsins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum og Wikileaks hefur boðað birtingu á.

Rannsóknarferð sendiráðsstarfsmannsins, sem ekki er nafngreindur í skjalinu, var þáttur í samantekt fyrir árlega skýrslu Bandaríkjastjórnar um mansal í heiminum.

Sendiráðið leggur á ári hverju mikla vinnu í Íslandskafla skýrslunnar, þar sem fjallað er um mansal á Íslandi, hversu algengt það er, hvernig löggjöf sé háttað og til hvaða aðgerða stjórnvöld hafa gripið.

Við undirbúning skýrslunnar árið 2006 ræddu starfsmenn sendiráðsins við þrettán manns, þar á meðal við Guðrúnu Jónsdóttur, fjölmiðlafulltrúa Stígamóta, Jóhann Benediktsson, lögreglustjóra á Suðurnesjum, og Ásgeir Davíðsson, eiganda Goldfinger.

Ásgeir er sagður neita því að nokkuð ólöglegt fari fram á Goldfinger. „Starfsmanni embættisins, sem heimsótti staðinn, var engu að síður boðin kynlífsþjónusta – sem bendir til þess að eigendur og lögregla láti að minnsta kosti sem þeir sjái ekki ólögmæta iðju sem stefnir konum í hættu. Hann tók einnig eftir því að einn dansaranna virtist vera með glóðarauga, sem gæti – að vísu eingöngu byggt á atvikslýsingu – bent til misnotkunar í tengslum við starfið.“ - gb



GOLDFINGER Starfsmaður bandaríska sendiráðsins tók eftir því að einn dansarinn var með glóðarauga.



ÁSGEIR DAVÍÐSSON Einn viðmælenda bandaríska sendiráðsins um mansal á Íslandi.

Tölvuþrjótar koma uppljóstrunarsíðunni Wikileaks til varnar:

# Árásir til stuðnings við Wikileaks

Tölvuþrjótar hafa nú tekið sig saman um að ráðast á vefsíður fyrirtækja sem neitað hafa að veita uppljóstrunarsíðunni Wikileaks þjónustu.

Þannig hafa þeir ráðist á svissneska bankann PostFinance, sem hefur fryst inneignir Wikileaks á reikningi sem notaður var til að afla fjár til starfseminnar. Einnig hafa þeir ráðist á síðuna PayPal, sem hætti að taka við greiðslum til Wikileaks. Meðal þriggja bankareikninga sem gefnir eru upp á vefsíðu Wikileaks er einn í Landsbanka Íslands. Þeim reikningi hefur ekki verið lokað og engar ákvarðanir hafa verið teknar um að loka honum, að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa bankans. - gb







ÓKEYPIS RÚÐUVÖKVI FYRIR DÆLULYKILSHAFA

Komdu við á bensínstöð Atlantsolíu við Bíldshöfða í dag á milli kl. 16 og 18.

Sýndu dælulykilinn og við fyllum á hjá þér með rúðuvökva af bestu gerð.

Rúðuvökvinn frá Kemi er lyktarlaus og þolir -18°C en gáðu að því að hámarksáfylling er 3 lítrar á bíl.

AKTU ÖRUGGARI INN Í SKAMMDEGIÐ MEÐ TANDURHREINA RÚÐU.

ATLANTSOLIA

# Jólagjöfina færðu í Body Shop

THE BODY SHOP®



Askja með “Love etc...“-ilmvatni og -sturtusápu **3290 kr.**



Kassi með “White musk sport“-herrasnyrtivörum **5490 kr.**



Kassi með “Mango“-dekurvörum **5990 kr.**



Gjafakubbur með dekurvörum **1090 kr.**



“Shimmer“-freyðibað í fallegri flösku **1890 kr.**



Glæsilegur kassi með jóla-ilmandi dekurvörum **5990 kr.**



Farðaburstar í fallegri buddu **4990 kr.**



Askja með nokkrum augnskuggum í **3280 kr.**



Snyrtibudda með dekurvörum **2990 kr.**



“Of a man“-herrasnyrtivörur í öskju **2990 kr.**



Kassi með “Coconut“-dekurvörum **3990 kr.**



Gott í skóinn! 5 dýrasápur saman í poka **1090 kr.**



E-vítamín-andlitsvörur í öskju **3990 kr.**



Askja með “Japanese cherry blossom“-ilmvatni og -sturtusápu **3790 kr.**



Kassi með “Strawberry“-dekurvörum **5990 kr.**

## THE BODY SHOP™

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI



**CARLA BRUNI-SARKOZY** Franska forsetafrúin hefur verið mynduð í bak og fyrir í opinberri heimsókn Nicolas Sarkosy Frakklandsforseta til Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

Kynjahlutfjöll fólks af erlendum uppruna hér á landi orðin jöfn:

# Innflytjendum fækkar á milli ára

**MANNFJÖLDI** Innflytjendum hér á landi hefur fækkað síðan í fyrra. Hinn 1. janúar 2010 voru innflytjendur af erlendum uppruna 8,2 prósent mannfjöldans, eða um 26 þúsund manns. Árið 2009 voru tæplega 29 þúsund innflytjendur á Íslandi, eða um 9 prósent íbúa. Er þetta samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar.

Nokkuð hefur fjölgað í annarri kynslóð innflytjenda á milli ára, en samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð um 8,9 prósent af mannfjöldanum í byrjun þessa árs, en var 9,6 prósent árið 2009.



**MANNLÍF Á LAUGAVEGI** Fjölgað hefur í annarri kynslóð innflytjenda hér á landi síðan í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pólverjar eru fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi líkt og undanfarin ár, en hlutfall þeirra er um 40 prósent. Næstfjölmennasti hópurinn er Litháar, eða um 5,5 prósent og þar á eftir fólk frá Filippseyjum, sem eru um 5 prósent af heildarfjölda innflytjenda.

Kynjahlutfall hefur verið mismunandi á síðustu árum. Árið 1996 voru erlendar konur í miklum meirihluta innflytjenda hér á landi, en frá og með árinu 2006 snerist kynjahlutfallið við og var meirihluti þá karlar. Í ár eru hlutföll kynja nánast jöfn, eða um 1.012 karlar á hverjar 1.000 konur. Hlutfall íbúa landsins með engan erlendan bakgrunn er nánast það sama, eða 1.013 karlar á hverjar 1.000 konur. - sv

Hitaveitur á köldum svæðum:

# Mótmæla skertum framlögum

**JARÐHITI** Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, staðhæfir að stjórnvöld undirbúi nú að skerða fjárveitingar til hitaveituframkvæmda á köldum svæðum.

Stjórn samtakanna leggur áherslu á að ekki verði skert framlög til framkvæmda sem eru hafnar eða hafa verið í undirbúningi. Styrkir úr ríkissjóði til uppbyggingar nýrra hitaveitna hafi reynst þjóðhagslega arðbær. Samorka og segir niðurskurðinn kalla á hærri niðurgreiðslur vegna olíu- og rafhitunar, að öðru óbreyttu. - pg


## AUGLÝSING UM ÚRSKURÐ UM SLITAMEÐFERÐ

Eftirfarandi tilkynning er birt til að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 13. gr. Tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Hinn 22. nóvember 2010 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp þann úrskurð að Glitnir banki hf., kt. 550500-3530, Sóltúni 26, Reykjavík („bankinn“) yrði tekinn til slitameðferðar eftir almennum reglum B-liðar XII. kaþa laga nr.161/2002, sbr. þó 3. og 4. tölulið ákvæðis V. til bráðabirgða í sömu lögum og með þeim réttaráhrifum sem leiða af 2. tölulið sama ákvæðis, eins og því var breytt með 2. gr. laga nr. 132/2010. Fjármálaeftirlitið hafði hinn 8. október 2008 tekið sér vald hluthafafundar og skipað bankanum skilanefnd. Samkvæmt heimild í lögum nr. 129/2008, sbr. lög nr. 21/1991, var bankanum veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði héraðsdóms 24. nóvember 2008. Heimildin hefur síðan verið framlengd þrívegis, síðast 13. ágúst til 24. nóvember 2010. Frekari framlenging var ekki heimil að lögum.

Lög nr. 44/2009, sem tóku gildi 22. apríl 2009, höfðu í för með sér breytingar á eðli og inntaki greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækis. Samkvæmt 2. tölulið ákvæðis II. til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (ákvæði V. til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002) skyldu ákvæði 1. mgr. 101. gr., 102. gr. og 103. gr. og 103. gr. a laga nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með 1. mgr. 5. gr. og 6-8 gr. laga nr. 44/2009, gilda um greiðslustöðvunina með sama hætti og ef bankinn hefði verið tekinn til slitameðferðar með dómsúrskurði á gildistökudegi laganna. Kveðið var á um að slitameðferðin skyldi þó nefnd heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stæði. Lög nr. 44/2009 kváðu jafnframt á um að þegar slík heimild rennur út skuli fyrirtækið sjálfkrafa, og án þess að sérstakur dómsúrskurður komi til, talið vera í slitameðferð samkvæmt almennum reglum. Var bankanum skipuð slitastjórn með ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 12. maí 2009.

Innköllun til kröfuhafa var birt og kröfulýsingarfrestur ákveðinn til 26. nóvember 2009. Auk innköllunar kom fram í auglýsingunni ábending um þá fresti sem virða skyldi. Þrír fundir hafa verið haldnir um lýstar kröfur og einn í viðbót hefur verið ákveðinn 14. apríl 2011. Ráðgert er að á þeim fundi verði lokið við að kynna afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar krafna á hendur bankanum.

Með lögum nr. 132/2010, sem tóku gildi 17. nóvember 2010, voru gerðar breytingar á lögum nr. 161/2002 þess efnis að áður en heimild fyrirtækis til greiðslustöðvunar rynni út gætu skilanefnd þess og slitastjórn í sameiningu farið fram á að fyrirtækið yrði með dómsúrskurði tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum, enda væri þá að mati dómsins uppfyllt efnisleg skilyrði sem fram koma í 3. tölulið 2. mgr. 101. gr. laganna. Yrði fallist á slíka málaleitan af hálfu dóms skyldu þær ráðstafanir standa óraskaðar sem gerðar voru í greiðslustöðvun fyrirtækisins frá gildistöku laga nr. 44/2009.

Gerð var krafa um slíkan úrskurð af hálfu skilanefndar og slitastjórnar bankans og var úrskurður kveðinn upp 22. nóvember 2010 á grundvelli laganna eins og þeim var breytt með lögum nr. 132/2010. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að fullnægt væri skilyrðum laga fyrir úrskurði um slitameðferð.

Eignir bankans nema u.þ.b. 783 milljörðum króna (miðað við núverandi horfur um heimtur eigna og gengi krónunnar 30. september 2010) en skuldir u.þ.b. 2.838 milljörðum. Bankinn var því ógjaldfær að mati dómsins og ekki líkur á því að greiðsluvandi sé tímabundinn, sbr. 3. tölulið 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002.

Með ákvörðun sinni staðfestir dómurinn jafnframt að í samræmi við lögin skuli þær ráðstafanir halda gildi sínu sem gerðar voru í greiðslustöðvun fyrirtækisins eftir gildistöku laga nr. 44/2009, en það þýðir m.a. að skipun skilanefndar bankans og slitastjórnar heldur gildi sínu, svo og allar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli 101.-103. gr. og 103. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. nánar 2. tölulið ákvæðis V. til bráðabirgða í lögunum. Úrskurðurinn staðfestir einnig að miða skuli áfram við gildistökudag laga nr. 44/2009, þ.e. 22. apríl 2009, að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi sem úrskurður gengur um slitameðferð.

**Reykjavík, 7. desember 2010.**

**Slitastjórn Glitnis banka hf.**
Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir, hrl.
Páll Eiríksson, hdl.

**Skilanefnd Glitnis banka hf.**
Árni Tómasson
Heimir Haraldsson
Þórdís Bjarnadóttir, hrl.

GLITNIR




**Á SKÓLABEKK** Íslenskir grunnskólanemendur hafa bætt lesskilning sinn samkvæmt niðurstöðum PISA-könnunar.

# Batamerki í PISA-könnun

**Niðurstöður PISA-könnunar sýna jákvæðar niðurstöður fyrir íslenska grunnskóla. Ráðherra segir þó enn möguleika á að sækja enn frekar fram.**

**MENNTUN** Íslenskir grunnskólanemendur bæta stöðu sína í lesskilningi samkvæmt niðurstöðu nýrrar PISA-rannsóknar.

Rannsóknin var gerð í fyrravor, en leitast var við að varpa ljósi á lesskilning og læsi á stærðfræði og náttúrufræði á meðal 15 ára nemenda. Ísland tók þátt í rannsókninni í fjórða sinn og sýndu síðustu tvær skýrslur, frá 2003 og 2006, að lesskilningi barna hér á landi hrakaði.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Í þessari nýjustu könnun er Ísland í ellefta sæti af 68 löndum, sem tóku þátt í könnuninni, þar af í níunda sæti af 33 OECD-löndum.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að það sé gleðiefni að þeirri þróun sé snúið við og Íslendingar séu komnir aftur á sama stig og í fyrstu könnuninni sem var gerð árið 2000.

„Stóru jákvæðu tíðindin eru hvað íslenskum ungmennum fer fram í lesskilningi. Við stöndum í stað í stærðfræði og náttúrufræði, þar sem við erum aðeins undir meðallagi. Það er ábending um að við þurfum að gera betur þar.“

Katrín segir erfitt að sjá strax hverju má þakka þennan árangur og sjálfsagt sé engin ein skýring.

„Mörg sveitarfélög hafa til dæmis lagt mikla áherslu á lesskilning í skólum sínum og svo höfum við í ráðuneytinu líka verið að vinna að málum sem tengjast bæði lestrarörðugleikum og einnig hvernig efla megi læsi. Sú vinna er svo að skila sér inn í nýja námsskrá, sem ég vona að geti gengið í gildi í vor, en þar er læsi ein af grunnstoðunum.“

Katrín veltir líka upp þeirri spurningu hvort skýringa sé að leita í samfélagslegum áhrifum kreppunnar.

„Þessi könnun er tekin í mars 2009, á sama tíma og við vorum að sjá að börn hér á landi eyddu mun meiri tíma með foreldrum sínum og því eru þau kannski bara að lesa meira.“

Katrín segir þó allt of fljótt að segja til um slíkt, en í framhaldinu verða niðurstöður könnunarinnar greindar nánar.

Slæmu fréttinar í könnuninni eru hins vegar aukinn breytileiki milli skóla og að að mikill munur er enn á frammistöðu innfæddra og innflytjenda.

„Frammistaða barna innflytjenda er sérstakt áhyggjuefni,“ segir Katrín.

„Við erum ekki frábrugðin öðrum löndum hvað þetta varðar en getum vafalaust gert betur.

thorgils@frettabladid.is

## Hvað er PISA-rannsóknin?

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu fimmtán ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn.
PISA er skammstöfun fyrir enskt heiti rannsóknarinnar Programme for International Student Assessment. Rannsóknin er á vegum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar). Námsmatsstofnun sér um framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þátttökulöndum fjölgar stöðugt og eru nú 68. Meira en sjötíu lönd munu taka þátt í næstu umferð árið 2012. **Heimild: mennta- og menningarmálaráðuneytið**


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is



# Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

CCC
E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

## STURTUSKJÓL

HERT ÖRYGGISGLER

70x220, 80x220, 90x220, 110x220 sm

## HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGIR með hurð
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 150, 155, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLERENDAVEGGIR
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm



8-10 mm rammalaust öryggisgler

til afgreiðslu af lager



311 10 mm öryggisgler Rammalaus m. krómfestingum



31 10 mm öryggisgler Rammalaus m. krómfestingum



30 10 mm öryggisgler Rammalaus m. krómfestingum



32 10 mm öryggisgler Rammalaus m. krómfestingum

Glæsilegu sturtuhornin og hurðirnar úr 8 og 10 mm öryggisgleri eru komnar í öllum stærðum

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:
LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR
KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

INNFLUTT FRYSTIVARA

1398 KR. kg

## Danskar grísalundir

INNFLUTT FRYSTIVARA

1998 KR. kg

## Þýskar kalkúnabringur

Kjarnafæði kofareykt úrbeinað hangilæri
**2518 kr.kg.**

Kjarnafæði kofareyktur úrbeinaður hangiframpartur
**1618 kr.kg.**

1598 KR. 15 stk

KRISTJÁNS
*STEIKT LAUFABRAUÐ*
15 STK. **1598 KR.**
*ÓSTEIKT LAUFABRAUÐ*
20 STK. **1198 KR**

1198 KR. 20 stk

598 KR. kg

**KS FROSNAR SVIÐALAPPIR**
*KOMNAR AFTUR*

98 KR. 2 stk

EUROSHOPPER
9V RAFHLÖÐUR

598 KR. 400g

TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g **BAUNIR & MALAÐ**

498 KR.400g

AFTER EIGHT **STÓR PAKKI** 400g

298 KR. 36 stk

EUROSHOPPER **KAFFIPÚÐAR**
36 STK- ***8.5 KR. BOLLINN !***

29 KR. 85g

EUROSHOPPER **NÚÐLUR**
85g TVÆR TEG.

## NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
## REYKTUR OG GRAFINN **1998 KR.KG**

259 KR. 350ml

BÓNUS **GRAFLAXSÓSA**
350 ml

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gillette®




Gillette Fusion Power rakvél
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***




Gillette fusion rakblöð
4 stk **200 kr. lækkun**
***Nú 1598 kr.***




Gillette fusion power rakblöð
4 stk **200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***




Gillette Fusion rakgel
200 ml **100 kr. verðlækkun**
***Nú 598 kr.***




Gillette MACH3 rakblöð
4 stk **300 kr. verðlækkun**
***Nú 998 kr.***




Gillette Venus Breeze rakvél
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***

**Gillette®**

*Takmarkað magn af Gillette rakvörum á lækkuðu verði í Bónus.*
***Nú 200-300 kr. lægra verð!***




Gillette Venus Breeze
rakblöð 4.stk.
**200 kr. verðlækkun**
***Nú 1798 kr.***

## ÞAÐ KOSTAR MINNA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA




## HANDY SMOKKAR

18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR
**498** KR.PK/28 KR.STK

ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lesskilningur íslenskra ungmenna batnar.

## Vörn snúið í sókn

Íslensk ungmenni hafa snúið vörn í sókn í lesskilningi ef marka má niðurstöður PISA-könnunarinnar sem gerð var vorið 2009 og birtist í gær. Lesskilningi íslenskra nemenda hafði hrakað við hverja mælingu síðasta áratug en nú hefur þróunin snúist við. Ísland er í 11. sæti í lesskilningi af þeim 68 þjóðum sem þátt tóku í PISA-könnuninni að þessu sinni og í 9. sæti af OECD-löndunum 33 sem tóku þátt. Frammistaða íslensku nemendanna í hinum tveimur greinunum sem skoðaðar eru í könnuninni, stærðfræði og náttúrufræði, hefur ekki breyst marktækt. Þar er frammistaðan lakari en í lesskilningi. Ísland er þó yfir meðaltali OECD-landanna í stærðfræði en undir því í náttúrufræði.

Full ástæða er til að fagna þessari ágætu frammistöðu íslenskra nemenda í lesskilningi. Góður lesskilningur liggur til grundvallar frammistöðu í flestum öðrum námsgreinum auk þess sem hann er forsenda þess að geta aflað sér upplýsinga í því textaflóði sem á nútímamanninum dynur. Kannski hefur aldrei verið mikilvægara en nú að hafa vald á því að nýta sér þær upplýsingar sem búa í öllu því lesmáli sem fyrir augu ber dag hvern.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Góður lesskilningur íslenskra barna ber sannarlega grunnskólum landsins gott vitni. Kennarar og forráðamenn íslenskra grunnskóla mega því vera stoltir af frammistöðu sinna barna eins og börnin sjálf og foreldrar þeirra.

Engu að síður gefa nokkur atriði sem fram koma í niðurstöðum PISA-könnunarinnar tilefni til að staldra við og huga að því hvað megi betur gera í íslenskum skólum. Ísland er til dæmis ekki lengur í hópi þeirra þjóða sem minnstan breytileika hafa milli frammistöðu nemenda eftir skólum eins og verið hefur og þar hafa íslenskir skólar svarið sig í ætt við skólana í nágrannalöndunum. Sömuleiðis er heilmikill munur á frammistöðu íslenskra nemenda eftir landshlutum og hallar þar heldur á landsbyggðina gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Í könnuninni kemur einnig fram verulegur munur á lesskilningi grunnskólanema af íslenskum uppruna annars vegar og nema af erlendum uppruna hins vegar. Þetta á raunar einnig við um frammistöðu í stærðfræði og náttúrufræði og bendir til þess að ekki sé nægilega vel haldið utan um nám barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Sérstaklega er staða nemenda sem eru fæddir erlendis ásamt báðum foreldrum sínum lakleg miðað við aðra nemendur.

Margt bendir til þess að mismunur sé að aukast í íslensku samfélagi og niðurstöður PISA-könnunarinnar nú gætu bent til þess að sá mismunur endurspeglist að einhverju leyti í skólunum. Það hefur lengi verið eitt af markmiðum íslensks skólakerfis að stuðla að jafnræði og jafnrétti meðal nemenda og vega að einhverju leyti upp félagslegan mismun. Vera kann að draga megi þá ályktun af niðurstöðum PISA-könnunarinnar að íslenskum grunnskólum takist ekki eins vel upp á þessu sviði og æskilegt væri.

Könnun eins og PISA er auðvitað enginn stóri dómur um skólastarf á Íslandi eða í þeim löndum sem taka þátt. Hins vegar er um að gera að rýna í niðurstöðurnar og nýta þær í þeim tilgangi að gera góða skóla enn betri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871





Biggakvöld

í Bókabúð Máls og menningar

miðvikudaginn 8. desember

kl. 20.00

Þröstur Helgason og Guðmundur Oddur Magnússon lesa og segja frá verkum Birgis Andréssonar.

CRYMOGEA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gunnar Bragi spáir í spítala

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram heilar átta fyrirspurnir til heilbrigðisráðherra sem flestar snúa að því hversu öruggt og/eða hagkvæmt hitt og þetta er í heilbrigðiskerfinu, hvort það hafi verið metið, hvernig það var þá gert, ef ekki þá hvers vegna ekki og hvort hagræðingar sé þörf. Ein fyrirspurnin hljóðar svo: Hvaða hagræði hefur falist í sameiningu Landspítala og Borgarspítala? Hvenær var árangur af sameiningunni metinn síðast?



### Ekki nógu mikið – og 2003

Þessu er auðsvarað og þarf ekki ráðherradóm til: Árið 2003 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á sameiningunni og árangri hennar. Þá voru liðin frá henni nokkur ár. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að hún hefði ekki skilað alveg jafnmiklu og vænst var.



### Eygló skoðar sjúkrabíla

Eygló Harðardóttir, hin ötula samflokkskona Gunnars Braga, liggur ekki á liði sínu frekar en fyrri daginn og hefur líka beint fyrirspurn til heilbrigðisráðherra. Hún vill meðal annars vita hvernig sjúkraflutningum með sjúkrabílum er háttað. Væri ekki nærtækast fyrir hana að senda póst á slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og fá að fara þangað í vettvangsferð? Hún gæti kannski fengið að fljóta með sjúkrabíl í nokkra klukkutíma og kynnast starfinu. Frekar en að láta Guðbjart Hannesson lýsa því fyrir sér.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Meirihluti efnaða fólksins

Reykjavík



Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi VG

Tekjur borgarinnar duga ekki fyrir óbreyttri þjónustu. Hvort sem fólki líkar betur eða verr þarf bæði að skera niður útgjöld og afla meiri tekna. Félagshyggja snýst um að verja grunnþjónustuna og þá sem hennar njóta en ekki síður það fólk sem minnst hefur milli handanna. En ekki leið meirihluta Besta flokks og Samfylkingar. Sá meirihluti hefur valið að hlífa þeim efnuðu þess í stað.

Reykjavíkurborg má hækka útsvarið um 0,25% og gæti aflað 713 milljóna króna. Í stað þess að fullnýta þessa heimild ákvað meirihluti borgarstjórnar að hækka útsvarið um 0,17% og afla 495 milljóna króna. Það þýðir að hver borgarbúi greiðir 170 krónur aukalega fyrir hverjar 100.000 krónur sem hann aflar. Meirihlutinn kýs sumsé að afla ekki 228 milljóna gegnum tekjutengt skattkerfi þótt heimild sé til. Hinsvegar á að sækja þessa peninga með því að hækka gjaldskrár um tugi prósenta en þær hækkanir leggjast þyngst á barnafjölskyldur.

Gjaldskrárhækkanir sem varða þjónustu við börn, þ.e. leikskólagjöld, skólamáltíðir og frístundaheimili munu afla borginni 227 milljóna – eða einni milljón minna en fullnýtt útsvar hefði gert. Í stað þess að afla þessara tekna með 80 krónum á hvern 100.000 kall eins og skattkerfið býður upp á velur meirihlutinn að innheimta tekjurnar af barnafjölskyldum einum og algerlega óháð efnahag. Þannig munu foreldrar með tvö börn í 1.-4. bekk grunnskóla greiða tæplega 9.400 krónum meira á mánuði en áður fyrir skólamáltíðir og frístundaheimili. Sama hvort foreldrarnir eru í sambúð eða einstæðir, og sama hvort þeir eru með 300.000 eða 2.000.000 króna í mánaðartekjur. Fyrrnefndi hópurinn hefði greitt 240 krónur aukalega gegnum útsvarið en sá síðarnefndi 1.600 krónur á mánuði.

Meirihluti sem kýs að fara þessa leið er ekki meirihluti jöfnuðar eða mannúðar. Hann byggir ekki á þeirri samfélagssýn að sameiginlega grunnþjónustu eigi að greiða úr sameiginlegum sjóðum. Væri hann það raunverulega hefði hann mætt aukinni tekjuþörf borgarinnar gegnum þá tekjuöflunarleið sem tryggir að fólk greiði í samræmi við efni í stað þess að láta barnafólk borga brúsann. Meirihlutinn sendir börnunum reikninginn í stað þess að jafna kjörin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Átta ára drengur óskar eftir íbúð

Barnaheill



Örnólfur Thorlacius
sálfræðingur og verkefnastjóri Barnaheilla



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi stendur nú yfir. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru þátttakendur í átakinu, en samtökin berjast fyrir auknum mannréttindum barna hérlendis og erlendis, m.a. með því að stuðla að vernd barna gegn hvers konar ofbeldi.

Margir foreldrar í ofbeldissamböndum telja sig geta haldið börnunum fyrir utan ofbeldið. Oftar en ekki er ofbeldið gegn móðurinni. Það er alla jafna vel falið fjölskylduleyndarmál, sem gerir það að verkum að börnin fá sjaldnast tækifæri til þess að tala opinskátt um líðan sína og ástandið á heimilinu. Börnin eru því ein með hugsanir sínar. Þau reyna sjálf að finna skýringar á því sem þau hafa séð og heyrt á heimilinu en þora ekki að spyrja foreldra sína að því sem brennur á þeim, eða vilja ekki íþyngja þeim með spurningum sínum.

Ólíkt fullorðnum hafa börnin ekki þroska til þess að skilja það sem á gengur og eiga engin ráð við því sem er að gerast. Það gerir aðstæðurnar sérstaklega erfiðar fyrir þau og veldur kvíða og ótta, en það er einstaklingsbundið hvernig þau láta vanlíðan sína í ljós. Þessi lífsreynsla fylgir þeim áfram út ævina og hætta er á því að úr verði langvinnir erfiðleikar.

Eftir því sem börnin verða eldri og þroski þeirra eykst, fara þau að skilja betur veruleikann sem þau búa við. Að sama skapi er hætta á því að þau fari að þróa með sér samviskubit og finnist þau með einhverjum hætti bera ábyrgð á ofbeldinu. Þegar spennan á heimilinu magnast, hafa þau hægt um sig og eru hrædd um að þau muni stuðla að frekari árásum á móður sína. Annað sem oft kemur fram í viðtölum við börnin er mikil eftirsjá að hafa ekki stöðvað ofbeldið og þeim finnst þau hafa brugðist móður sinni.

Börnin læra snemma um erfiðar staðreyndir lífsins, staðreyndir sem þau hafa ekki enn þroska til að skilja. Af illri nauðsyn fullorðnast þau of fljótt á vissum sviðum og fá ekki að njóta þess að þroskast á eðlilegan máta eins og önnur börn. Þau fara gjarnan að gera óraunhæfar kröfur til sín og taka á sig óásættanleg hlutverk á heimilinu til þess að koma niðurbrotnum foreldrum sínum til hjálpar. Sláandi dæmi um þá ábyrgð sem ungt barn getur tekið á sig er átta ára drengur sem dvaldi með móður sinni í Kvennaathvarfinu. Hann kom reglulega til starfskvennanna og bað um leigulistann til þess að finna húsnæði fyrir sig og móður sína. Hann reyndi að finna út hvar væri ódýrast fyrir þau að leigja, með tilliti til staðsetningar, hversu háar húsaleigubætur væru greiddar í viðkomandi sveitarfélagi og hver ferðakostnaður yrði fyrir móður hans til að komast til vinnu. Sömuleiðis er vel þekkt að börn taki að sér foreldrahlutverk og annist yngri systkini á erfiðum tímum á heimilinu. Sum leggja mikið á sig til að vernda systkini sín þegar allt fer í bál og brand á heimilinu, t.d. með því að skipuleggja fyrirfram hvernig þau ætla að koma þeim í skjól.

> Það er afar mikilvægt að beina athygli að þeim börnum sem eru vitni að ofbeldinu. Í dag er það svo að athyglin beinist einkum að þeim sem eru beinir þolendur ofbeldisins.

Það er afar mikilvægt að beina athygli að þeim börnum sem eru vitni að ofbeldinu. Í dag er það svo að athyglin beinist einkum að þeim sem eru beinir þolendur ofbeldisins. Afleiðingarnar, sem þetta hefur á líðan og heilsu barna, eru stórlega vanmetnar og geta fylgt þeim fram á fullorðinsár. Allir sem umgangast börn þurfa því að vera vakandi fyrir líðan þeirra. Nauðsynlegt er að koma börnunum í skilning um að ofbeldið er ekki þeim að kenna og að tilfinningar og hugsanir þeirra séu eðlileg viðbrögð við erfiðum aðstæðum. Þau þurfa að finna að þau séu ekki ein og að fjölskyldan muni fá hjálp.

Við hvetjum þig því til að láta þig málið varða. Ef þú veist um barn sem býr við ofbeldi, í hvaða mynd sem er, hikaðu þá ekki við að koma barninu til aðstoðar og ráðfæra þig við starfsmenn barnaverndar í þínu sveitarfélagi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá febrúar síðastliðnum unnið rannsóknarverkefni hér á landi um þann félagslega stuðning sem stendur börnum til boða sem eru vitni að kynbundnu ofbeldi á heimilum sínum. Verkefnið er styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og er unnið í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Spáni og Ítalíu. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar á ráðstefnu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í febrúar 2011.

## AF NETINU

### Yfirburðir Þjóðverja

Áhrif Þjóðverja í Evrópu hafa aldrei verið jafn mikil og nú, síðan í seinni heimsstyrjöldinni. En í þetta sinn er það ekki herstyrkur sem Þjóðverjar byggja á heldur yfirburðir í hagstjórn. Hinn prússneski stjórnunarstíll sem Friðrik hinn mikli og faðir hans innleiddu í prússneska herinn og er í dag notaður af Nato, á við á fleiri stöðum en í hernaði. Þjóðverjar hafa sýnt að hinn prússneski agi og stíll hentar vel í hagstjórn, en af einhverjum ástæðum hafa þjóðir verið mun tregari að nota reynslu þjóðverja í hagstjórn en í hernaði.

Nú er það þekkt lögmál að efnahagslegum yfirburðum fylgja pólitískir yfirburðir. Evran hefur fært Þjóðverjum efnahagsleg völd og þar með pólitísk áhrif. Framtíð ESB og evrunnar er nú í höndum Þjóðverja.

blog.eyjan.is/andrigeir

Andri Geir Arinbjarnarson






# Fátæk stjórnarskrá?

Fátækt og stjórnarskrá



Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir
háttvirtur öryrki, tónlistarkennari og varaformaður BÓTar

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. - Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. - Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst .

> Ætla ráðamenn að segja hungurröðum stríð á hendur og útrýma fátækt og mismunun á Íslandi?

Af ofangreindri lesningu má ætla að Ísland sé gósenland allsnægta – allir hafi nóg að bíta og brenna, án tillits til stöðu og stéttar. Geti leitað sér læknisaðstoðar þegar þurfa þykir eða endurhæfingar og sótt sér menntun við hæfi.

Hver tómthúsnefndin er skipuð á fætur annarri af hinu opinbera, með það að yfirskyni að þeim sé ætlað að bæta lífskjör landsmanna og gæði. Og það þrátt fyrir að þegar liggja fyrir viðamiklar og margra ára gamlar tölfræðilegar rannsóknir sem sýna það svart á hvítu að 76. gr. stjórnarskrárinnar er og hefur verið þverbrotin um árabil og ójöfnuður ríkir meðal landsmanna.

En þess í stað er sóað dýrmætum tíma og fé skattborgara á altari afneitunar og yfirbreiðslu staðreynda, á misjöfnun kjörum hérlendis og reynt að réttlæta það ófremdarástand sem ríkt hefur. Tölfræðilegar staðreyndir eru birtar, þar sem reynt er að breiða blekkingarhulu yfir kjör þeirra sem verst eru staddir fjárhagslega og jafnvel gefið í skyn að þeir séu „bótaþegar“ af leti og ómennsku einni saman, hýrudragi láglaunafólk og lifi kóngalífi á Íslandi. Þess utan er jafnvel gefið í skyn, að það sé þessu sömu „arðræningjum“ um að kenna þrælalaun vinnandi lágtekjufólks og að verkalýðsforustan sé vanmáttug og ráðalaus og geti með engu móti rétt af hlut félagsmanna sinna.

Ætla ráðamenn að segja hungurröðum stríð á hendur og útrýma fátækt og mismunun á Íslandi?

Ef mannslíf liggur að veði undir snjóflóði, myndi ríkisstjórnin þá setja málið í nefnd? Eða myndi hún ræsa út björgunarsveitir á lofti, láði og legi? Opna sjúkrahús upp á gátt? Myndu prestar landsins liggja á bæn og landsmenn allir tylla sér á tá, óháð trúarbrögðum? Myndi þjóðin þá spyrna við fótum sameiginlega? Yrði þá spurt út í kostnað?

Ætla ráðamenn að kjafta fólk í hel á Íslandi enn um sinn, með því að afneita 76. gr. stjórnarskrárinnar?

Stillum siðferðiskompásinn! Lyftum mennskunni í æðra veldi!

# Krossfestingar nútímans

Kynferðisafbrot



Brynjar Níelsson
hæstaréttarlögmaður

Undanfarin misseri og ár hafa sprottið fram fólk með aðstoð fjölmiðla og borið nafngreinda einstaklinga sökum um refsiverða háttsemi sem á að hafa átt sér stað fyrir tugum ára. Nýjasta dæmið eru ásakanir á umdeildan mann, Gunnar Þorsteinsson, um kynferðisbrot, sem komu fram eftir að hann giftist umdeildri konu, Jónínu Benediktsdóttur. Þær ásakanir komu fram í kjölfar deilna innan trúfélagsins Krossins.

Réttarríkið gerir ráð fyrir því, að þeir sem telji að á sér hafi verið brotið með refsiverðum hætti geti kært verknaðinn til lögreglu. Lögreglu og ákæruvaldi ber þá að rannsaka málið og vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Samkvæmt lögum verða þeir sem ásaka annan um kynferðisbrot að kæra verknaðinn innan ákveðins frests, að öðrum kosti fer engin lögreglurannsókn fram. Ástæða þessara fyrningarreglna er m.a. sú, að útlokað er oftast að leiða hið sanna í ljós ef langt er um liðið, og á það sérstaklega við í brotum þar sem sönnunarfærslan er byggð á munnlegum framburði meints geranda og þolanda. Auk þess er þekkt að veruleikinn og upplifun fólks breytist gjarnan eftir því sem árin líða frá atburðum, sérstaklega ef ósætti hefur komið upp milli aðila eða deilur.

Nú mun vera þannig að sex nafngreindar konur bera Gunnar Þorsteinsson sökum um kynferðisbrot. Engin þeirra kærði meint brot Gunnars á sínum tíma til lögreglu eða hafa komið fram með þessar ásakanir fyrr en núna. Ásakanir þessara kvenna um kynferðisleg áreitni Gunnars eiga það sammerkt að vera um margt óljósar. Einnig bera yfirlýsingar sumra kvennanna þess merki að vera stuðningur við þá konu sem fyrst fór fram með ásakanir á hendur Gunnari. Jafnframt er ekki ljóst hvort allt það sem Gunnari er gefið að sök teljist kynferðisbrot í skilningi laga.

Það er undarleg þörf að fara fram nú með ásakanir á hendur Gunnari um kynferðisleg snertingar úr fortíðinni með þeim hætti að baki, sérstaklega þegar litið er til aðdraganda og framsetningar ásakana á hendur Gunnari.

Ég var ekki á vettvangi fyrir 25 árum og veit því ekki frekar en aðrir landsmenn hvað er rétt eða rangt í þessu máli. Gunnar hefur neitað öllum kynferðislegum snertingum við þessar konur. Mér geðjast lítt að því að saka nafngreinda menn opinberlega í gegnum fjölmiðla um refsiverða háttsemi. Þeir menn munu aldrei geta sannað sakleysi sitt eins og hugsanlegt hefði verið hægt með lögreglurannsókn. Aðferð af þessu tagi samræmist ekki reglum réttarríkisins og líkist meira galdrafári fyrri alda.

Okkur Íslendingum er tamt um

> Mér geðjast lítt að því að saka nafngreinda menn opinberlega í gegnum fjölmiðla um refsiverða háttsemi. Þeir menn munu aldrei geta sannað sakleysi sitt.

sem gert er. Ég ætla ekki að gera lítið úr afleiðingum kynferðisbrota, jafnvel þótt þau brot teljist minniháttar. En skipulögð herferð á opinberum vettvangi eins og sú sem beinist að Gunnari er ekki líkleg til að bæta andlega heilsu þessara kvenna, heldur þvert á móti. Umræða verður gjarnan óvægin og meiðandi fyrir alla, ekki bara fyrir konurnar og Gunnar, heldur einnig þá sem eru nákomnir þeim. Mér líði ekki betur með því að eyðileggja líf annars manns þótt ég telji hann hafa gert á minni hlut fyrir 25 árum síðan. Þessi aðferð kvennanna veldur því tortryggni og læðist sá grunur að mörgum að aðrar ástæður kunni að vera þessar mundir að tala um bætt siðferði og mannréttindi. Er það merki um gott siðferði að saka mann opinberlega um refsiverða háttsemi í gegnum fjölmiðla og ráða til sín sérstakan talsmann til að sinna því starfi? Er það merki um gott siðferði að fjölmiðlar taki þátt og ýti undir ásakanir með umfjöllun sinni? Er það virkilega svo í hinu nýja og siðlega Íslandi, að við teljum það í góðu lagi að bera menn fyrndum sökum og fá þá „dæmda“ af samfélaginu með aðstoð fjölmiðla? Svona eru kannski galdrabrennur nútímans. Í þessu tilviki ætti kannski betur við að kalla þetta nútíma krossfestingu.

# Spegilmynd Þrastar Ólafssonar

Ríkisfjármál



Aðalsteinn Baldursson
Formaður Framsýnar-stéttarfélags

Hagfræðingurinn Þröstur Ólafsson skrifar athyglisverða grein í Fréttablaðið 1. desember, það er á fullveldisdegi Íslendinga. Þar boðar hann nýja og hrokafulla sýn á framtíð þjóðarinnar, greinin er auk þess full af fordómum í garð landsbyggðarinnar. Hann undrast mjög ofsóknarkrossferð fólks gegn hugmyndum stjórnvalda um að rústa heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og talar jafnframt um fádæma herferð byggðarlaga með undirleik frá háværum en hjáróma kveinstöfum um auðn og héraðsbrest.

Hvað Þresti gengur til með þessum skrifum er ekki vitað nema hann hafi ákveðið að koma út úr skápnum á fullveldisdeginum og tjá sig opinberlega um skoðun sína á landsbyggðinni og fólkinu sem þar býr. Fólki sem er þessa dagana að berjast fyrir tilverurétti sínum og lágmarksöryggi. Reyndar átti ég tal við Þröst fyrir nokkrum árum um byggðamál og veit því hvaða hug hann ber til byggðarlaga út á landi. Byggðalaga sem með framleiðslu sinni hafa skapað gjaldeyri fyrir þjóðina en verðmætasköpun er víða mikil á landsbyggðinni, ekki síst í sjávarplássum. Hagfræðingurinn á varla erfitt með að reikna það út.

Reyndar liggja þessar tölur fyrir og sýna að verðmætasköpunin er um meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Arðurinn hefur komið sér vel fyrir íslenska þjóð og verið notaður meðal annars til að halda úti starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem Þröstur var lengi í forsvari. Svo ekki sé talað um fjárflæðið í nýja tónlistarhúsið í Reykjavík. Það er því rangt að halda því fram að landsbyggðin sé baggi á þjóðfélaginu og eigi ekki rétt á framlögum frá ríkinu til að halda uppi lögbundinni grunnþjónustu.

**Hjáseta landsbyggðarinnar**

Það er engin innistæða fyrir orðum hagfræðingsins um að landsbyggðin ætli sér ekki að taka þátt í að endurreisa Ísland. Landsbyggðin mun axla sína ábyrgð, annað stendur ekki til þrátt fyrir að landsbyggðin hafi að litlu leyti verið þátttakandi í því rugli sem viðgekkst á

> Landsbyggðin mun axla sína ábyrgð, annað stendur ekki til þrátt fyrir að landsbyggðin hafi að litlu leyti verið þátttakandi í því rugli sem viðgekkst á Íslandi.

Íslandi í fjárfestingum og sjóðarugli á þeim áratug sem nú er að líða. Hagfræðingnum er vel kunnugt um póstnúmer þenslunnar og óráðsíunnar. Ef ekki, skal ég fræða hann um það og leggja fram upplýsingar sem staðfesta að landsbyggðin greiðir fyrir alla þá þjónustu sem hún fær og rúmlega það með sínum útflutningstekjum.

**Eigum rétt á grunnþjónustu**

Er óeðlilegt að farið sé eftir lögum frá Alþingi og öllum þegnum lýðveldisins bjóðist heilbrigðisþjónusta og gott aðgengi að framhaldsskólum? Af skrifum hagfræðingsins að dæma er þetta lúxusþjónusta sem á að vera í boði fyrir þá sem búa við Faxaflóann, skítt með hina. „Hefjum borgríkið á loft“ kveður spámaðurinn. Þessu er ég að sjálfsögðu gjörsamlega ósammála. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að menn búi við heilbrigðisþjónustu eins og hún er skilgreind í lögum. Það er ekki verið að tala um að hátæknisjúkrahús séu í hverju héraði. Menn eru að tala um eðlilega heilbrigðisþjónustu með aðgengi að hátæknisjúkrahúsum á Akureyri og í Reykjavík. Svo er það þannig að við sem búum á landsbyggðinni höfum áhuga á að hafa skóla og læra að skrifa og reikna í okkar heimabyggð með aðgengi að framhaldsskólum burt séð frá skoðunum hagfræðingsins. Verði vegið frekar að þessum grunnþáttum á landsbyggðinni verður brugðist við því með viðeigandi hætti, því skal ég lofa hagfræðingnum. Gleymum því heldur ekki að það hefur þegar átt sér stað mikill niðurskurður í velferðarþjónustunni, ekki síst á landsbyggðinni. Meðal annars hefur fæðingardeildum og skurðstofum verið lokað í sparnaðarskyni en hagfræðingurinn grínast með þessi atriði í skrifum sínum, sem er honum ekki sæmandi.

**Ráðdeild og sparnaður borgar sig**

Ég er sammála hagfræðingnum hvað það varðar, að við búum í auðugu landi og ríkið verður á hverjum tíma að sýna ráðdeild og sparnað í ríkisútgjöldum. Með það að leiðarljósi verða stjórnvöld að forgangsraða verkefnum og tryggja jafnan og sanngjarnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnu burt séð frá búsetu og hvaðan tekjurnar koma. Við eigum að líta á okkur sem eina þjóð, eða eins og hagfræðingurinn orðaði það svo vel í grein sinni: „Með skynsemi getum við búið okkur öllum, óháð búsetu, bjarta og örugga framtíð.“

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




Sparaðu með Miele
Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.
Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



# Gríðarleg hækkun framundan

## Vegna áætlaðra tollabreytinga sem taka í gildi 1. janúar

### **Nýr** Renault Trafic L1H1 stuttur:

**DCI 90**
2,0L diesel, 90 hö. tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, Úvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.
**Okkar verð: 3.250.000,- með vsk. 2.590.000,- án vsk.**
Verð 1. Jan.: 5.100.000,- með vsk. 4.080.000,- án vsk.
**Þú sparar 1.850.000,-**
**TIL Á LAGER**



**DCI 115**
2,0L diesel, 117 hö. tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, úvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.
**Okkar verð: 3.376.000,- með vsk. 2.690.000,- án vsk.**
Verð 1. Jan. 5.376.000,- með vsk. 4.300.000,- án vsk.
**Þú sparar 2 milljónir.**
**TIL Á LAGER**

**DCI 150**
2,5L diesel, 146 hö. tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, úvarp með aðgerðarhnöppum í stýri, loftkæling.
**Okkar verð: 3.627.000,- með vsk. 2.890.000,- án vsk.**
Verð 1. Jan. 5.659.000,- með vsk. 4.527.000,- án vsk.
**Þú sparar 2.032.000,-**
**TIL Á LAGER**

### **Nýr** Renault Master Heavy Duty 3,5T



**Langur DCI 150 Grindarbíll**
2,5L diesel, 146 hö. tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, úvarp með aðgerðarhnöppum í stýri, loftkæling.
Hægt að setja kassa – pall eða útbúa sem húsbíl.
**Okkar verð: 6.260.000,- með vsk. 5.008.000,- án vsk.**
Verð 1. Jan. 8.700.000,- með vsk. 6.960.000,- án vsk.
**Þú sparar 2.440.000,-**
**TIL Á LAGER**

**www.sparibill.is**

SPARIbíll

FISKISLÓÐ 16 - GRANDA.
SÍMI: 557 3344

# Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hlusti betur á almenning

Útivist

Forsvarsmenn níu samtaka útivistarfólks

Í grein í Fréttablaðinu 3. nóvember sakar stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tiltekna útivistarhópa um neikvæðan og villandi málflutning varðandi tillögur að stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Þetta er alvarleg ásökun sem snertir marga aðila s.s. jeppafólk, veiðimenn, hestamenn, sleðafólk, fjórhjólafólk, mótorhjólafólk og almenning.

Þetta mál snýst í raun um rétt almennings til ferðafrelsis innan Vatnajökulsþjóðgarðs, en þar hafa margir ólíkir útivistarhópar ferðast saman í áratugi. Það var gefið loforð við stofnun Vatnajökulsgarðs um að ekki yrði takmörkuð sú útivist sem þar hafi verið stunduð. Staðreyndin er samt sú að í fyrirliggjandi tillögum að stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem liggja hjá umhverfisráðherra, er verið að ganga mun lengra í takmörkunum og höftum á ferðafrelsi og útivist, en almenningur á Íslandi getur sætt sig við.

Hverjar eru staðreyndir málsins:

**1. Vegslóðar:**
Stjórn VJÞ segir ósatt að heildarlengd lokaðra vegslóða sé um 50 kílómetrar. Bara lokanir á Vikrafellsleið e (45 kílómetrar) og Vonarskarðsvegi (17 kílómetrar) gera samtals 62 kílómetra og eru þá ótaldar fjölmargar leiðir á Jökulheimasvæðinu.

**2. Útivistarþarfir:**
Stjórn VJÞ segir þjóðgarða ekki geta uppfyllt allar þarfir útivistarfólks. Lokun á vinsælum ferðamannaleiðum án rökstuðnings um verndun tegunda og vistkerfa, verndun víðerna og friðhelgi er ekki ásættanleg. Stjórn VJÞ hefur engin rök fyrir þessum lokunum og telur sig ekki þurfa að setja þær fram.

**3. Sambúð útivistarhópa:**
Stjórn VJÞ gengur út frá því að sambúð mismunandi útivistarhópa sé ekki raunhæfur möguleiki. Margir hafa einmitt bent á að það ætti að vera hlutverk landvarða að tryggja að ekki skapist árekstrar milli þessara hópa og nota m.a. tilkynningaskyldu. Með slíku fyrirkomulagi ættu einmitt að skapast forsendur fyrir samstarfi í stað sundrungar þeirra sem nýta sér þjónustu þjóðgarðsins.

**4. Saga og menning:**
Þjóðgarðar hljóta að eiga að taka tillit til sögu og menningar þjóðar. Að loka Bárðargötu, elstu þjóðleið Íslendinga yfir hálendið fyrir akandi umferð og hestafólki er algjört tillitsleysi við sögu og menningu okkar Íslendinga.

> Í fyrirliggjandi tillögum ... er verið að ganga mun lengra í takmörkunum og höftum á ferðafrelsi og útivist, en almenningur á Íslandi getur sætt sig við.

**5. Stærð landsvæða:**
Stjórn VJÞ segir að einungis sé verið að banna skotveiðar á 3,4% af nytjalandi garðsins utan jökla. Austursvæðið í VJÞ skiptir veiðimenn mestu máli, en það ásamt suðursvæði VJÞ eru þau svæði sem eru veiðanlegu innan garðsins. Það er verið að loka um 23% af veiðanlegu svæði innan VJÞ með stofnun griðlands innan Snæfellsöræfa.

**6. Skotveiðar í þjóðgarði nýlunda:**
Það er ekki rétt að veiðar í þjóðgörðum sé nýlunda, þær eru stundaðar í þjóðgörðum víða um heim. Skotveiði á ekki að vera sjálfsögð í þjóðgörðum, en veiðimenn hafa hins vegar hvatt til þess að veiðistjórnun sé byggð á traustum grunni og framkvæmd af Veiðistjórnarembættinu, sem hefur heildaryfirsýn yfir ástand stofna á Íslandi.

**7. Seinkun á veiðitíma:**
Stjórn VJÞ leggur til að veiðar á gæs verði ekki heimilaðar frá 20. ágúst heldur frá 1. september, ólíkt því sem er annars staðar á Íslandi. Meginrökin eru þau að veiðimenn eru sagðir skjóta ófleyga fugla sem er ósannað með öllu og flestir veiðimenn skjóta fugla á flugi. Þetta skiptir engu máli fyrir þá sem ekki stunda veiðar á heiðagæs, en á þessum 11 dögum er besti veiðitíminn fyrir heiðagæsina, en hegðun hennar verður óútreiknanleg í september.

**8. Stjórnsýslulög:**
Stjórn VJÞ braut stjórnsýslulög með því að svara ekki með beinum hætti þeim sem gerðu athugasemdir við tillögur að stjórnar- og verndaráætluninni. Stjórnin sendi fjöldapóstinn á alla sem gerðu efnislegar athugasemdir.

Eins og sést hér að framan, er það ekki að ástæðulausu sem jeppafólk, veiðimenn, hestamenn, sleðafólk, fjórhjólafólk, mótorhjólafólk og almenningur tekur sig saman og lætur í sér heyra. Það var ekkert tillit tekið til athugasemda þessara aðila í undirbúningsferlinu og þeir ekki taldir svaraverðir efnislega. Að saka þessa aðila um neikvæðan og villandi málflutning er úr lausu lofti gripið og sýnir best hvernig vinnubrögð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs eru.

*Landssamband hestamanna – Þorvarður Helgason, stjórnarmaður*

*Landssamband vélsleðamanna – Birkir Sigurðsson, forseti*

*Landssamtökin Ferðafrelsi – Guðmundur G. Kristinsson, formaður*

*Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir – Jakob Þór Guðbjartsson, formaður*

*Ferðaklúbburinn 4x4 – Sveinbjörn Halldórsson, formaður*

*Skotveiðifélag Íslands – Sigmar B. Hauksson, formaður*

*Vélhjólaíþróttaklúbburinn Vík – Hrafnkell Sigtryggsson, formaður*

*Skotreyn – Kristján Sturlaugsson, formaður*

*Jeppavinir – Þorvarður Ingi Þorbjörnsson, formaður*




# Nokkur atriði um fé ... og fólk

Borgarmál

Ágúst Már Garðarsson
varaformaður velferðarráðs og Bestaflokksmaður



Í ljósi umræðu um fjárlög Reykjavíkurborgar síðustu daga hef ég ákveðið að skrifa nokkur orð til að reyna að leiðrétta rangfærslur og hártoganir sem settar hafa verið fram.

**Fjárlög Reykjavíkurborgar 2011**
Þessi fyrsta fjárlagagerð sem ég hef komið að hefur verið löng og ströng og kostað miklar vangaveltur, ekki að við vorkennum okkur fyrir það síður en svo. Ekki bara erum við mörg ný í gerð fjárlaga frá Besta flokknum heldur vill svo til að við gerum fjárlög þegar loka þarf mjög stóru gati í fjárlögum Reykjavíkur. Það kemur til bæði af auknum kostnaði og sérstaklega vegna minnkandi tekna, einnig eru nokkrir óvissuþættir fram undan í skipulagsmálum sem gætu kostað fé. Því er vissara að eiga varasjóð og getu til að bregðast við slíkum málum sem koma upp.

> Ekki bara erum við mörg ný í gerð fjárlaga frá Besta flokknum heldur vill svo til að við gerum fjárlög þegar loka þarf mjög stóru gati í fjárlögum Reykjavíkur.

**Orkuveita Reykjavíkur og meintir 17 milljarðar**
Við í nýjum meirihluta í Reykjavík höfumst tafarlaust handa við að hjúkra OR aftur til heilsu. Á aðeins sex mánuðum hefur stjórnendum OR sem eru sérstaklega valdir til verksins vegna faglegrar kunnáttu sinnar og sérfræðiþekkingar tekist að lyfta grettistaki í þeim efnum. OR sýnir mikil batamerki og óskemmtilegar aðgerðir í formi uppsagna og gjaldskrárhækkana eru að skila traustum rekstri nú þegar auk þess að skapa tiltrú á fyrirtækið meðal lánveitenda og annarra viðskiptavina. Skuldir OR eru um og yfir 200 milljarðar, og lánveitendur hafa krafist þess að Reykjavíkurborg sem ábyrgðaraðili fyrir lánunum eigi handbært fé upp á um 12 milljarða í sjóði til að tryggja afborganir af lánum. Nú hefur verið bent á að Reykjavík eigi um 17 milljarða handbært fé og gæti notað það til að forðast niðurskurð og gjaldskrárhækkanir. Slík umfjöllun er óábyrg og í ætt þess sem hefur verið kallað popúlismi, slíkar aðgerðir eru ekki raunhæfar því þó að núna í nóvember hafi verið til um 17 milljarðar þá þýðir það að um áramót verða á reikningum Reykjavíkur um 12 milljarðar þegar upp er staðið eftir árið. Það er einmitt upphæðin sem við þurfum að eiga vegna OR. Greiningarfyrirtæki orðaði það skemmtilega um daginn þegar sagt var að „tekist hefði að fjarlægja pólitíska áhættu úr fyrirtækinu“.

Sett hefur verið fram af hálfu fulltrúa sjálfstæðismanna í borgarstjórn reikniskjal þar sem sett eru saman dæmi um áhrif hækkana á fólkið í borginni. Þar kennir ýmissa grasa.

Þess vegna langar mig að svara tveim spurningum sem koma þeim útreikningum við.

**Hvað eru skattar?**
Skattar eru gjöld sem hið opinbera innheimtir af þegnum til að halda úti þjónustu, þetta vita flestir. En ýmis gjöld í samfélaginu eru einnig óbeinir skattar, sérstaklega þar sem um er að ræða lögbundna þjónustu. Það á við tildæmis leikskólagjöld og segjum sorphirðugjald. Það skrítna við sorphirðugjald er samt að það er í raun bannað að tapa á því, það á að standa undir sér svo sú hækkun var óumflýjanleg svo þess að í framhaldinu verður farið út í víðtæka flokkun í Reykjavík og þjónustan bætt til muna.

**Og hvenær er greitt fyrir vöru og þjónustu?**
Þegar talað er um að hækkun á stökum miðum í sund sem hækkun skatta og byrða á fólk þá gleymist alveg að gera ráð fyrir því að afsláttarkort hækka ekki og langflestir notendur sundstaðanna notast við slík kort. Hitt eru undantekningar og svo sannarlega þegar fólk fer að minnsta kosti tvisvar í mánuði í sund. Einnig hækkar skólamaturinn, skólamaturinn er ekki lögbundin þjónusta en aftur á móti var það mér persónulega mikið baráttumál að viðhalda og helst auka gæði matar í grunnskólum Reykjavíkur. Skoðaðar voru sparnaðarleiðir en valið var að fara í þessa hækkun og standa vörð um þetta. Í mínum huga er þetta velferðarmál barna og þá sérstaklega þeirra sem búa við atvinnuleysi og erfiðar aðstæður. Til stendur svo að koma til móts við þá sem ekki geta borgað nú sem fyrr en flest ráðum við við þetta. En þessar aðferðir eru í mínum huga sambærilegar við að setja Range Rover í vísitölukörfu Seðlabankans, það myndi skekkja myndina. Fleiri slík dæmi mætti nefna svo sem menningarkort, ferðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Frístundaheimili sem eru þrátt fyrir mikilvægi sitt ekki lögbundin þjónusta og hafa verið afar dýr í rekstri. Fullur metnaður er samt fyrir því að halda því faglega tilboði opnu og bæta það enn frekar.

**Rúmlega 600 miljóna aukning í velferðarmálum**
Að lokum vil ég nefna viðbætur okkar í velferðarmálum þar sem ég sit sem varaformaður velferðarráðs. Þar höfum við ákveðið að hækka framfærsluna úr 125.540 kr. upp í 149.000 kr. á einstakling sem ber kostnað af húsnæði og hjón og sambýlisfólk hækkar úr 200.864 kr. í 223.500 kr. Þetta kallar á aukið fjármagn og er ég gríðarþakklátur fyrir þann stuðning sem við höfum hlotið innan meirihlutans til að gera þetta fært. Þarna sýnum við í verki að við bregðumst við vanda þeirra sem úr minnstu hafa að moða.

**Verum bjartsýn**
Að lokum vil ég þakka Reykvíkingum og öðrum Íslendingum lesturinn og vona að allir hafi það sem allra best á aðventunni. Einnig vil ég rifja upp orð prestanna í Eldorado sem Birtíngur hittir fyrir þegar hann rambar þangað með Altúngu þegar Altúnga spyr þá hvers þeir biðji:

„Biðji??? Við biðjum aldrei um neitt. Við þökkum allan daginn.“

Góða helgi.



**Hjartað í Vaðlaheiði** slær á ný en það sló fyrst árið 2008. Það tengist verkefninu Brostu með hjartanu og hefur síðan slegið í tengslum við verslunarmannahelgar, á Akureyrarvöku og í jólamánuðinum. Fyrirtækið Rafeyri á heiðurinn að hjartslættinum og mun hjartað, sem er á stærð við fótboltavöll, slá fram á þrettándann.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
ÚTSALAN
ER HAFIN
Á HAUST OG VETRARLISTA FRIENDTEX 2010



Opnunartími:
mánud. - föstud. kl.11.00 - 1800. laugardaga 11.00 - 16.00
Kíktu – það er þess virði
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Glæsilegur sparifatnaður



Komdu til okkar og við hjálpum þér að finna fötin fyrir jólin
Bjóðum upp á fatnað í str. 36 - 56.
Heimasíða: www.rita.is
Ríta
Verð16.900 kr. Verð 8.900 kr.
Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730


**Snævarr Guðmundsson ferðast um með Stjörnuverið og býður upp á fræðslu um himingeiminn:**




## Með himinhvolfið í farteskinu

„Við getum til dæmis skoðað hvernig himinninn leit út fyrir hundrað þúsund árum," segir Snævarr Guðmundsson um möguleikana sem Stjörnuverið býður upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjörnuverið er sýndarheimur þar sem áhorfendur sitja inni í kúlulaga hvelfingu og sérstakt sýningartæki varpar mynd af stjörnuhimninum á veggi hennar.

„Þetta snýst um að fræða þá sem áhuga hafa um stjörnuhiminninn og alheiminn," segir Snævarr Guðmundsson, sem ferðast um með stjörnuverið sitt og býður skólum og almenningi upp á ferð um himingeiminn. „Ég legg áherslu á þau atriði sem nýtast fólki við að skoða stjörnurnar að eigin frumkvæði. Það eru ákveðnir þröskuldar sem fólk rekur sig á þegar það fer að skoða stjörnuhimininn og nauðsynlegt að vita eftir hverju á að leita."

Í stjörnuverinu fræðast áhorfendur um stjörnur, reikistjörnur, tunglið og önnur fyrirbæri alheimsins. Í einu vetfangi má fljúga hjá tunglinu, elta geimkönnunarför á milli reikistjarna, sjá skýjabelti Júpíters eða hringa Satúrnusar.

Vegna þess að um líkan er að ræða eru möguleikarnir nánast ótæmandi. „Við getum til dæmis skoðað hvernig himinninn leit út fyrir hundrað þúsund árum og hvernig hann mun líta út eftir hundrað þúsund ár," segir Snævarr. „Við getum séð öll fyrirbæri sem hægt er að sjá í himingeiminum, bæði í okkar vetrarbraut og utan hennar, og við getum virt fyrir okkur himininn frá öllum stöðum á jörðinni."

Stjörnuverið er flytjanlegt og hannað til þess að setja upp í leikfimisölum, mötuneytum eða kennslustofum. Um tjaldhvelfingu er að ræða sem haldið er uppi með öflugum loftblæstri. Í stjörnuverinu geta 26 manns setið ásamt fyrirlesara, en mun fleiri börn. Inni í hvelfingunni situr fólk á púðum á gólfinu en venjulega er mælt með því að leggjast á gólfið enda fer mun betur um fólk þannig. *fridrikab@frettabladid.is*




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



**Jólahald** er rakið til sólhvarfahátíða heiðinna manna sem fögnuðu endurkomu sólarinnar sem lífgjafa. Kristnir menn ákvörðuðu að Jesú hefði fæðst um þetta leyti árs og héldu jólin á svipuðum tíma og sólhvarfahátíðin var áður. Með því móti glötuðu menn ekki miðsvetrarhátíðinni þó að þeir skiptu um trú.

# Jól við breyttar aðstæður

**Samverustund fyrir þá sem upplifa jól í skugga ástvinamissis verður í Grafarvogskirkju annað kvöld, fimmtudag, klukkan átta. Valgerður Hjartardóttir er meðal þeirra sem koma að undirbúningnum.**

„Markmiðið með þessari samkomu er að undirbúa komu jóla eftir miklar breytingar,“ segir Valgerður Hjartardóttir, hjúkrunarfræðingur og djákni, um samverustund fyrir syrgjendur sem verður í Grafarvogskirkju. Hún segir slíkar stundir hafa verið haldnar undanfarin ár í Grensáskirkju og verið afar vel sóttar. „Það sýnir sig að þörfin er mikil og Grensáskirkja var að sprengja utan af sér fjöldann, því færðum við okkur nú í Grafarvogskirkju, hún er stærri.“

Jólin eru oft kvíðvænlegur tími fyrir þá sem hafa misst ástvini og stundum er aðventan, undanfari jólanna, enn erfiðari en jólin sjálf, að sögn Valgerðar. „Það eru sterkar fjölskylduhefðir í okkar jólahaldi þar sem hver og einn hefur hlutverk. Því er gott að staldra við, minnast og hugleiða,“ bendir hún á. „Þetta er fjölskyldustund og börn eru hjartanlega velkomin.“

Auk söngs, ritningarlesturs, tónlistar, guðspjalls og hugvekju verður sérstök minningarstund þar sem hver og einn getur tendrað ljós til minningar um látinn ástvin og segir Valgerður það áhrifamikla stund. „Þemað í öllu er það sé verið að undirbúa komu jóla sem verða öðruvísi en þau hafa verið.“

Fagfólk innan heilbrigðisþjónustunnar, kirkjunnar og Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, mætir til samkomunnar. „Sumt af þessu fólki var nákomið aðstandendum á erfiðum tíma í lífi þeirra og skilur vel hvað þeir voru að ganga í gegnum,“ segir Valgerður. „Þarna er verið að sýna samfélagslegan kærleika þeim sem eiga um sárt að binda sem eru fjölmargir.“

gun@frettabladid.is



„Sorgin hefur margar birtingarmyndir því það er misjafnt hvernig við tökumst á við hana,“ segir Valgerður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jól eru ekki haldin á sama tíma hjá öllum



kristnum mönnum. Hjá mótmælendum og rómversk-kaþólskum eru þau haldin á jóladag, hinn 25. desember, en sumir þeirra hafa heilagt frá klukkan 18 á aðfangadag jóla. Í austurkirkjunni (grísk-kaþólsku og rétttrúnaðarkirkjunni) eru jólin haldin um það bil hálfum mánuði síðar.

Heimild: www.is.wikipedia.org



























## Inana Ítölska barnafataverslunin Laugavegi 53b



**Jólaföt jólagjöf**
Skokkur **4.190.-** st.62-92
Samfella **2.290.-** st.66-92
Sokkabuxur **1.990.-** st. 62-116

## Topphúsið Mörkini 6



**Fallegar ullarkápur**
Litir svart, vínrautt, lillað og camel
St. 36-52
**Verð 49.900.-**

## Laura Ashley Faxafeni 14

**Úrval af kjólum**
St. 8-20



**Rauður kjóll**
**Kr 29.900.-**



**Grænn kjóll 100% silki**
**Verð 24.500.-**

## Kristall/gisting Lagersala Núpalind 1-Hverafold 1-3 Hafnargata 50 keflavík



**Rússnersk kristalsglös**
Rauðvísns, Hvítvíns, viskí, púrtvíns, kamapvíns og koníaksglös Í miklu úrvali
Verð 6 í pakka **4.000.-**



**Falleg postulínsmatarstell mikið úrval**
6 m. 40.000
12 m. 50.000
16 m. 60.000
24.m 70.000

## Nuddsæti frá Eirbergi, Stórhöfða 25



**Slakaðu á heima með endurnærandi nuddi.**

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Eirberg, Stórhöfða 25 - eirberg.is
– Heilsusamlegar jólagjafir.
**Verð 49.750 kr.**

## Tösku og hanskabúðin



**Glæsileg leðurtaska frá Adax.**
Til í svörtu og brúnu. **Verð 37.900 kr.**

## Heilsudrekinn Skeifunni 3j



**Handgert kínverkst postulín**
Með kristal í miðjuni
Mikið úrval



**Handgerðir kínverskir postulínsvasar**
Mikið úrval

## Ostahúsið Brúarvogi 2 104 Rvk



**Verð: 4.400 kr.**
Sjá innihald á
www.ostahusid.is

**Glæsilegt úrval af gjafaöskjum og ostakörfum**
**Verð frá kr. 2.450.-**

## Tómstundahúsið Nethyl 2 110 Reykjavík
www.tomstundahusid.is



**Mikið úrval af módelum,**
tilvalin jólagjöf fyrir flesta aldurshópa, skapandi og þroskandi tómstunda gaman. Verð frá kr. 475,- og upp úr. Verðið á módelsettinu á myndinni er **kr. 1.750,-**




**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu** hefur opnað síðu á samskiptavefnum Facebook. Tilgangurinn er að auka upplýsingamiðlun frá lögreglunni til almennings. Síðan verður notuð til að vekja athygli á fréttum og tilkynningum frá lögreglunn. Þeir sem vilja gerast kunningjar lögreglunnar geta fundið síðuna með leitarorðinu „vinir lögreglunnar“ á Facebook.



„Við vorum einu stelpurnar í hópnum og vöktum mikla undrun hjá Indverjunum.“ Birna og Helen við Bricks.

# Margir höfðu aldrei séð hvíta konu fyrr en mig

**Birna Jónasdóttir tók í haust þátt í rickshaw-rallíi á Indlandi til að safna peningum fyrir Frank Water Foundation. Rallíið tók tvær vikur og Birna sá staði sem yfirleitt eru ekki opnir ferðamönnum.**

„Hjólin biluðu oft á dag, suma daga komumst við ekki nema 70-80 kílómetra en aðra fórum við nærri 400 kílómetra, hámarkshraði var þó ekki nema um 40-45 kílómetrar á klukkustund,“ segir Birna Jónasdóttir um þátttöku í rallíi sem fór fram á vélknúnum rickshaw, hjólum með yfirbyggðum vagni. „Við byrjuðum í Gangtok í Sikkim, uppi í Himalajafjöllum þar sem var rétt um 15 gráðu hiti. Enduðum í Jaisalmer við landamæri Pakistans þar sem var um 45 gráðu hiti. Leið sem er um það bil 2.500 til 3.000 kílómetrar,“ segir Birna. „Við fórum í gegnum Bihar, sem ekki hefur verið mikið sótt af ferðamönnum og þar voru margir sem sennilega höfðu aldrei séð hvítt fólk áður. Við náðum í endann á monsúninu, svo við vorum ansi oft vel blaut og gott betur en það. Hefðum þó fegin þegið smá af monsúni síðustu dagana þegar við vorum komin inn í eyðimörkina og hitinn var yfir fjörutíu stigum.“

Hvernig kom það til að Birna tók þátt í þessu rallíi? „Ég fór nú bara með Helen Webb og Sebastian Kruijthoff vinum mínum sem búa á sama stað og ég úti í Frakklandi. Seb hefur oft tekið þátt í svona góðgerðarallíi og þetta var í þriðja sinn sem Helen tók þátt. Ég ákvað að skella mér með núna. Við Helen vorum saman á hjóli og máluðum á það skrautlega múrsteina svo það var alltaf kallað Bricks. Við vorum einu stelpurnar í hópnum og vöktum mikla undrun hjá Indverjunum, sem sumir höfðu aldrei séð hvíta konu fyrr, hvað þá keyrandi rickshaw.“

Og gekk ferðin alveg áfallalaust? „Já, já, þannig. Það var þó ekkert auðvelt að komast áfram á rickshawunum. Upp brattar brekkur þurfti að hlaupa með og ýta á eftir hjólinu, endaði stundum með að sumir þurftu að labba marga kílómetra upp snarbrattar brekkur þar sem sá sem keyrði gat ekki stoppað fyrr en komið var á jafnsléttu. Gat verið pínu skelfilegt þegar farið var að rökkva og maður einn inni í miðjum frumskógi.“

Var auðvelt að koma hjólunum í viðgerð? „Þeir fara reyndar ansi frjálslega með orðið bifvélavirki þar sem allir sem maður spurði sögðust vera „mechanic“, en það kom oft í ljós að þeir vissu minna um vélina en við og ekki sjaldan þurftum við sjálf að setja allt saman aftur. Ég er orðin algjör sérfræðingur í að gera við rickshaw, þótt ég hafi ekki vitað nokkurn skapaðan hlut um vélar áður en við lögðum af stað. Gæti örugglega fengið vinnu sem „mechanic“, allavega á Indlandi,“ segir Birna og hlær.

Hvað er nú eftirminnilegast úr ferðinni? „Úff, svo svakalega margt. Við sáum Himalajafjöllin, Darjeeling, Bihar eins og það leggur sig, Varanasi þangað sem fólk fer til að deyja og sáum lík brennd á báli, Taj Mahal, eitt af undrum veraldar, Jaipur bláu borgina og frægt virki, Phuskar heilagan bæ í miðri eyðimörk sem heldur kameldýrahátíð og svo Jaisalmer þar sem endalínan var efst í gömlu virki. Við gistum á alls kyns stöðum, sumum flottum öðrum algjörum holum. Þurftum að heimsækja nokkra lækna þar sem strákarnir í hópnum voru oft slappir. Við stelpurnar stóðum að sjálfsögðu allt af okkur,“ segir Birna Jónasdóttir sigri hrósandi. *fridrikab@frettabladid.is*
















# jólagjöfin hans

MIÐVIKUDAGUR 8. DESEMBER 2010




OAKLEY

GJÖF SEM GLEÐUR!



www.opticalstudio.is

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK


Heimilistæki Matvinnsluvél með blandara 39.995 krónur.


Bræðurnir Ormsson Martello-kaffivél 29.900 krónur.

# Græjur í eldhúsið

Samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins verja konur og karlar jafn miklum tíma í eldhúsinu og er jafnvel ívið meira um að karlpeningurinn eldi matinn. Þeir vilja margir hafa góðar græjur við höndina og er ýmislegt sem freistar. Fréttablaðið hafði samband við tvær verslanir og fékk ábendingar um heimilistæki sem höfða til karlmanna.


Heimilistæki Mínútugrill 21.995 krónur.


Bræðurnir Ormsson Jamie Oliver pottar og pönnur.


Bræðurnir Ormsson Poppvél 9.900 krónur.


Bræðurnir Ormsson Skaftryksuga 19.900 krónur.


Heimilistæki Kenwood-hrærivél 89.995 krónur.






# Vel lukkaðar jólagjafir

**Mörgum þykir erfitt að finna jólagjafir handa sínum heittelskaða. Frumlegt skal það vera auk þess sem gjöfin á að vekja ómælda lukku og ekki sakar að hún sé hagnýt. Þrír valinkunnir Íslendingar segja frá bestu jólagjöfinni sem þeir hafa gefið maka sínum.**

Ég man vel eftir þeirri jólagjöf sem hefur vakið hvað mesta lukku," segir Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari um best heppnuðu jólagjöf hennar til eiginmannsins Gunnars Kvaran. Þau eiga bráðlega silfurbrúðkaup og hafa því verið gift í 25 ár. „Það var lambaskinnsjakki sem ég held að sé orðinn yfir tuttugu ára og er enn í notkun daglega," segir Guðný glaðlega. Hún segist hafa borgað skildinginn fyrir jakkann á sínum tíma en það hafi borgað sig. „Ég fékk hann hjá manni sem var að selja þýskar leðurvörur í Kjörgarði," segir Guðný, sem sjálf fékk forláta leðurpils að gjöf frá Gunnari úr sömu verslun sem hefur nýst vel. „Gunnar hefur farið vel með jakkann, látið gera við hann og farið með hann í hreinsun," upplýsir Guðný. Hún segir jakkann enn mjög vinsælan. „ Ef ég er að leita að bíllyklinum þá veit ég nákvæmlega hvar ég á að leita. Í vasanum á gula skinnjakkanum.


Guðný sér ekki eftir peningunum sem fóru í rándýra skinnjakkann.

GPS-staðsetningartæki varð fyrir valinu í fyrra handa mínum heittelskaða," segir Margrét Eir Hjartardóttir söngkona og heldur áfram. „Hann fer mikið á rjúpu og var einhvern tíma búinn að nefna að hann langaði í svona tæki. En hann er ekki mjög tölvu- og símavænn og því hefur tækið ekki verið notað enn þá enda er hann maður sem fer sínar eigin leiðir. Hann verður líklega að vera svolítið villtur fyrst. Tækið er samt komið úr umbúðunum svo við skulum segja að málið sé í vinnslu.

Svo er það spurning hver gjöfin verður í ár. Ég reyni alltaf að átta mig á hverjar óskirnar eru áður en ég fer af stað í innkaupin. Þess vegna legg ég við hlustir allt árið um kring." *- gun*


„Ég var búin að hugsa mig lengi um áður en ég keypti GPS-tæki," segir Margrét.


Felix segist naskur á jólagjafir sem gleðja eiginmanninn.

Felix Bergsson, leikari og útvarpsmaður, kveðst ekki muna nákvæmlega hvað hann gaf eiginmanni sínum Baldri Þórhallssyni stjórnmálafræðingi fyrstu jólin sem þeir áttu saman. Hann þykist hins vegar nokkuð viss um að jólagjafirnar til síns heittelskaða hafi ávallt hitt í mark. „Ég gef honum nú yfirleitt praktískar gjafir, til dæmis eitthvað sem hann hefur vantað, eins og úr og farsíma," segir hann og bætir við að mesta lukku veki þó yfirleitt eitthvað sem tengist einu helsta áhugamáli bóndans. „Hann er mikill útivistarmaður og það hefur alltaf virkað vel að gefa honum eitthvað í tengslum við það."

Ekki rekur Felix minni til annars en að gjafirnar hafi glatt Baldur, enda segir hann eiginmanninn allt of vel uppalinn til að láta annað en þakklæti í ljós.

En hver skyldi vera besta gjöfin sem hann hefur sjálfur fengið frá Baldri? „Í fyrra fékk ég alveg geðveika úlpu frá 66 gráður Norður og er eiginlega alltaf í henni síðan, hvert sem ég fer," segir hann. „Svo fékk frá honum fallegt og karlmannlegt hálsmen frá Jens fyrir tíu til tólf árum og ber það enn." *- rve*

# Fimm gjafir sem þú átt aldrei að gefa honum

1. **Heildarsafnið af Sex and the City.** Ekki gefa honum eitthvað sem er augljóslega ætlað fyrir sjálfa þig en ekki hann.
2. **Fótboltatreyja með merki rangs félags.** Ekkert særir meira en að fá staðfestingu á því að þú þekkir hann ekki neitt. Liðið sem hann heldur með er heilagt. Hafðu það á hreinu.
3. **Bollastell.** Alveg sama hversu góður kokkur hann er og smekklegur í sér, þá langar hann ekki í bollastell í jólagjöf.
4. **Eyrnalokka.** Segir það sig ekki sjálft?
5. **Gjafabréf í líkamsvax.** Sendir þau skilaboð að þér þyki líkami hans ekki nógu aðlaðandi. Ekki uppbyggilegt fyrir ástalífið.

*- fsb*


Fótboltatreyja


Eyrnalokkar


Bollastell


Líkamsvax


Sex and the City



**KRONBORG DREAMER gæsadúnssæng**
Lúxus gæsadúnssæng fyllt með 90% af gæsadúni og 10% af smáfiðri. Þyngd: 900 gr. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull.
Má þvo við 60°C. Koddi: 50 x 70 sm. **5.995,-**
Sæng: 135 x 200 sm. **16.950,-**
Sæng: 135 x 220 sm. **19.950,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **29.950,-**

Koddi
50 x 70 sm.
5.995,-

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SÆNGUM!

FRÁBÆRT VERÐ

KRONBORG® OF DENMARK

SÆNG: 135 X 200 SM.
**16.950,-**

TILBOÐIN GILDA 07.12 - 12.12

# SOFÐU RÓTT UM JÓLIN!

KRONBORG® OF DENMARK



Koddi
50 x 70 sm.
2.495,-

SPARIÐ 3.495

SÆNG + KODDI ÁÐUR: 9.490,-
**5.995,-**

**KRONBORG COMFORT andadúnssæng**
Mjög góð sæng, fyllt með 60% af dúni og 40% af fiðri.
Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Koddi: 50 x 70 sm.
Sæng: 135 x 200 sm. **6.995,-**

mascot



SÆNG: 135 X 200 SM.
**2.995,-**

**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi.
Fylling: Fíngerðar holtrefjar. Þyngd: 1200 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **2.995,-** Sæng: 135 x 220 sm. **3.995,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **5.995,-**

mascot



Koddi
50 x 70 sm.
995,-

FRÁBÆRT VERÐ

SÆNG: 140 X 200 SM.
**2.495,-**

**NIELSEN sæng**
Góð sæng, fyllt með polyestertrefjafyllingu. Þyngd: 900 gr.
Frábært verð! Hvítt áklæði. Má þvo við 40°C.
Koddi: 50 x 70 sm. Sæng: 140 x 200 sm.

Basic



Koddi
50 x 70 sm.
995,-

SÆNG: 135 X 200 SM.
**2.995,-**

**Fiðursæng**
Fyllt með smágerðu andafiðri. Bómullaráklæði.
Langsaumuð. Þyngd: 1450 gr. Má þvo við 40°C.
Stærð: 135 x 200 sm. Frábært verð!

KRONBORG® OF DENMARK



Koddi
50 x 70 sm.
2.995,-

FRÁBÆRT VERÐ

SÆNG: 140 X 200 SM.
**8.995,-**

**KRONBORG LUX andadúnsæng**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Koddi: 50 x 70 sm. Sæng: 140 x 200 sm. **8.995,-**
Sæng: 140 x 220 sm. **10.950,-**

BEDDING



SÆNG: 135 X 200 SM.
**3.995,-**

**DANA ANDRIK fiðursæng**
Sæng fyllt með mjúkum andadúni og smágerðu andafiðri.
Sængin er saumuð í 4 x 6 ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þyngd: 1350 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **3.995,-** Sæng: 135 x 220 sm. **4.495,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **7.995,-**

Birt með fyrirvara um prentvillur.



KODDI: 50 X 70 SM.
**1.495,-**

FRÁBÆRT VERÐ

**DELUX koddi**
Góður koddi fylltur með polyesterkúlutrefjum.
Þyngd: 600 gr. Má þvo við 60°C. Frábært verð!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**SLEEP WELL heilsukoddi**
Sérhannaður koddi með þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn styður vel við háls og hnakka sem stuðlar að þægilegri og betri nætursvefni. Stærð: 60 x 40 x 9/11 sm.



SPARIÐ 1.000

VERÐ ÁÐUR: 2.995,-
**1.995,-**

# Spenna, popp, pólitík og knattspyrna










Bækur eru nauðsynlegar í jólapakkann hans, en auðvitað fer eftir aldri og áhugasviði hvers og eins hvaða bækur rata í pakkana. Fyrir spennusagnafíkla hefur úrvalið sjaldan verið meira, **Furðustrandir** Arnaldar Indriðasonar verða örugglega í mörgum pakkanum og sömuleiðis **Önnur líf** Ævars Arnar Jósepssonar, **Ég man þig** eftir Yrsu Sigurðardóttur, og **Morgunengill** Árna Þórarinssonar.

Fyrir spennusagnaáhugamanninn sem einnig er áhugasamur um fornsögurnar og góðan texta er **Mörg eru ljónsins eyru** eftir Þórunni Erlu- Valdimarsdóttur góður kostur og **Skáldsaga um Jón** eftir Ófeig Sigurðsson gæti komið honum skemmtilega á óvart.

**Poppkorn** eftir Sigurgeir Sigurjónsson og Einar Kárason ætti að gleðja poppáhugamenn og fyrir marga eru jólin ekki jól nema **Íslensk knattspyrna** eftir Víði Sigurðsson leynist í einhverjum pakkanum.


Gunnar Thoroddsen

Ævisögur og þjóðmálaspeglar eru alltaf vinsæl og þessi jólin ætti **Ævisaga Gunnars Thoroddsen** eftir Guðna Jóhannesson að gleðja stjórnmálaspekúlanta. **Alvara leiksins**, ævisaga Gunnars Eyjólfssonar eftir Árna Bergmann, vekur einnig áhuga og bók þeirra Jakobs Bjarnars Grétarssonar og Þórarins Þórarinssonar **Hið dökka man** er örugglega efst á lista margra forvitinna karla.

Hér er aðeins stiklað á stóru í bókaflóðinu eins og gefur að skilja. Fjölmargar aðrar áhugaverðar bækur koma út fyrir þessi jól og ætti að vera vandalaust að finna bók sem fellur í kramið. *- fsb*




Trúbrot





**● FYRIR HANDLAGNA** Úr ýmsu er að velja fyrir handlagna karlmenn. Borar, **topplyklasett**, **hamar** og jafnvel skófla og sleggja falla í góðan jarðveg. Slík tæki og tól fást meðal annars í Byko og Húsasmiðjunni en einnig er góð hugmynd að renna einu sinni í gegnum Europris þar sem ægir saman hinum ólíklegustu hlutum og oft er hægt að finna eitthvað gott, flott eða fyndið í jólapakkann.





Ermahnappar úr silfri í íslensku línunni Icecold hjá Jóni og Óskari. Verð: 15.900 krónur.


Armband úr ryðfríu stáli sem afgreitt er í öskju og kostar 2.990 krónur í versluninni Skarta á Laugavegi 72.

# Harðir pakkar til herranna

**Það getur kostað kvenþjóðina heilabrot að velja hinar réttu gjafir til herramannanna í lífi hennar. Talsverður léttir er að því að skart fyrir karlmenn hefur rutt sér til rúms á síðari árum.**

Íslenskar skartgripaverslanir eru með á nótunum þegar kemur að skarti fyrir karlmenn, eins og vænta má. Mörgu fallegu er þar úr að velja. Það ætti því ekki að vera vandkvæðum bundið að finna gjöf þegar kemur að því að velja eitthvað fallegt handa syninum, bróðurnum, kærastanum, eiginmanninum eða öðrum herra í miklum metum. *- gun*


Þessi hjörtum skreytti silfurkross með rhodium-húð ber heitið Kærleikskross. Hann er smíðaður hjá Jóni og Óskari á Laugavegi 61 og kostar 10.600 krónur.


Grófur silfurhringur smíðaður hjá Jóni og Óskari. Kostar 13.500 krónur.


Stálkross frá ítalska fyrirtækinu Rochet. Fæst í Rhodium, Kringlunni og kostar 8.900 krónur.


Armband með leðurskrauti. Dönsk hönnun frá Dyrberg/kern. Fæst í Rhodium, Kringlunni og kostar 15.400 krónur.


Laufið, úr silfri – íslensk silfursmíði með rhodium-húð, frá Jóni og Óskari á Laugavegi 61. Mynstrið er sótt í forntónislauf á reiðbeisli eftir Ólaf Þórarinsson koparsmið. Verð: 6.900 kr.

# Bílar og Playstation

Gullúr, BMX-hjól, púsluspil og einkaæfingar hjá átrúnaðargoðum í fótbolta er meðal þess sem moldríkir og heimsfrægir karlmenn hafa gefið eða fengið að gjöf á jólunum.

Að gefa gullúr er í heimi milljarðamæringa svolítið eins og að gefa bækur – skotheld gjöf sem gengur fyrir bæði kynin. David Beckham er einn þeirra sem hafa þegið slíkt að gjöf, Rolex GMT Ice, frá eiginkonu sinni Victoriu Beckham. Tónlistarmaðurinn John Mayer er þó líklega konungur Rolexúra-gjafa og hefur gefið fyrrverandi kærustum sínum, Jennifer Aniston og Jessicu Simpson, gullúr. Leiðin að hjarta konu er þó varla gullúr því þrátt fyrir slíka gjöf entist samband hans við til að mynda Jennifer Aniston leikkonu aðeins í fjóra mánuði.

Bílar, lestir og hvers kyns farartæki á hjólum eiga alltaf upp á pallborðið, og breytast stundum úr leikföngum í alvöru tól þegar drengirnir verða fullorðnir og jú ríkir. Sú jólagjöf sem er alltaf í uppáhaldi hjá leikaranum Roger Moore er rafmagnslest og ekkert skákar BMX-hjólinu sem Robbie Williams fékk þegar hann var sjö ára. George Clooney gaf sjálfum sér svo rafknúinn Tesla Roadster þegar hann varð „stór“. Og enginn er of gamall eða ungur til að leika sér. Justin Timberlake fékk Playstation-tölvu ein jólin frá sinni fyrrverandi, Cameron Diaz, og Brad Pitt gaf Maddox, syni sínum, einkafótboltaæfingu hjá David Beckham. *- jma*


Tónlistarmaðurinn John Mayer hefur oftar en einu sinni gefið kærustum sínum Rolex-úr.



Sonur Brads Pitt fékk einkatíma í fótbolta hjá David Beckham.



**● PÚKASKAPUR** Ef þinn maður er einn þeirra sem finnst leiðinlegt að fá mjúka pakka rétt eins og blessuð börnin gætirðu brugðið á það ráð að stríða honum örlítið fyrir þessi jól. Ákveðir þú að gleðja hann með harðri gjöf skaltu vefja henni inn í gamalt handklæði eða peysu eða setja ofan í íþróttatösku og pakka svo öllu saman í jólapappír. Fylgstu svo með óborganlegum svipbrigðunum fyrst þegar þú afhendir honum „mjúku" gjöfina á aðfangadag og síðan þegar sannleikurinn kemur í ljós.



**● GLAÐNINGUR** Bókin Saga jólanna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing hefur að geyma margvíslegan fróðleik. Jólagjafir eru meðal annars til umfjöllunar og kemur fram að ekki hafi orðið vart við einstaklingsbundnar jólagjafir á Íslandi fyrr en á 19. öld. Reiknað var með að hver heimilismaður fengi nýja skó og flík á jólunum en frekar var litið á það sem aukaþóknun eða desemberuppbót en jólagjöf. Eftir að þéttbýlismyndun varð í Reykjavík reyndu nokkrir skósmiðir að höfða til jólaskónna í auglýsingum.

**● SPILAFJÖR** Flestir karlmenn eru keppnismenn og því er kjörið að gefa þeim spil sem þeir geta spreytt sig á með vinum sínum og/eða fjölskyldunni. Árlega koma ný borðspil á markað og nú í ár hafa að minnsta kosti bæst þrjú við þau sem fyrir eru, Popppunktur, Fimbulfamb og Þú veist. Þar með er ekki sagt að spil sem áður eru komin út séu á nokkurn hátt fallin úr gildi. Það eina sem þarf að gera áður en þeim er pakkað inn nú er að kanna hvort viðtakandinn eigi þau fyrir.






**● PERSÓNULEG ÁLETRUN** Hægt er að leita til gullsmiða um að letra á ýmsa málmhluti, allt frá úrum til zippo-kveikjara. Hjá Meba í Kringlunni kostar áletrun 1.200 krónur að 10 stöfum en hver stafur eftir það kostar 120 krónur.

Einnig má finna einhver fyrirtæki sem merkja stuttermaboli, handklæði, derhúfur og bolla með stöfum og jafnvel persónulegum myndum. Þar má nefna Merkt í Faxafeni og Bros á Norðlingabraut.

**● UPPÁHALDSMYNDIN Á DVD** Lítið mál er að finna gjafir fyrir kvikmyndaáhugamenn. Þó þarf að vinna nokkra heimildarvinnu fyrir gjafakaupin til að athuga hvað viðkomandi á nú þegar í safni sínu. Bæði má leita í nýútgefnar myndir en einnig er skemmtilegt að finna gamlar og klassískar myndir sem vantar í safnið. Gaman er líka að finna íslenskar myndir.






J. Frank Michelsen úrsmiðameistari, stofnandi Michelsen úrsmiða, á kontór sínum á Sauðárkróki, ca. árið 1920.



# *Úrsmiðir síðan 1909*

Í fjórar kynslóðir hafa Michelsen úrsmiðir þjónustað Íslendinga af þeirri sérþekkingu og hæfni sem reynslan hefur kennt þeim og gengið hefur áfram innan fjölskyldunnar, mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð. Í tilefni 100 ára afmælis Michelsen úrsmiða árið 2009 voru Michelsen úr endurvakin eftir 70 ára hlé.

Nú er kynnt til sögunnar nýtt Michelsen úr

*Reykjavík 64°N/22°W.*

Vandað mekanískt sjálfvinduúrverk, 316L stálkassi með rispufríu safírgleri. Svört, steingrá eða silfurlit skífa og 15 mismunandi handgerðar leðurólar í boði.

Úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.

**Reykjavík 64°N/22°W**
Silfurskífa
Elgskinnsól
Verð 157.000 kr.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# Glaðningur fyrir íþróttaálfa

Ef karlinn á heimilinu hefur áhuga á íþróttum liggur beinast við að gefa honum jólagjöf sem tengist með einhverjum hætti áhugamálinu. Mynddiskar, bækur, fatnaður, skór, skeiðklukkur, lóð og annar búnaður, félagsgjöld eða gjafakort í einhverjar af fjölmörgum af íþróttaverslunum landsins. Allt gæti þetta framkallað breitt bros á vörum íþróttaálfsins þíns þegar jólin ganga í garð. *- rve*



Smith Maze skíðahjálmur, Fjallakofinn Hafnarfirði, 18.995 krónur.



Silva Ranger 16 áttaviti, Fjallakofinn Hafnarfirði, 6.995 krónur.




Liverpool-treyja (treyjur annarra liða líka fáanlegar) í Adidas Kringlunni, 12.990 krónur.




Football - Bloody Hell, ævisaga Alex Ferguson. Eymundssson Kringlunni, 3.995 krónur.




Stangveiðin 2010. Mynddiskur með þáttum í umsjá Arons Freys Leifssonar, Gunnars Benders og Leifs Benediktssonar. Eymundsson Kringlunni, 2.990 krónur.



Sundskýla frá Adidas, Kringlunni, 7.990 krónur.




Golf og gaman, golfvísur og gamanmál eftir Kristján Hreinsson skáld. Eymundsson, Kringlunni, 2.190 krónur.



Scarpa Spirit 3 skíðaskór, Fjallakofinn Hafnarfirði, 87.995 krónur.



Fótboltaskór, F50 adizero TRX FG, Adidas Kringlunni, á 49.990 krónur.




HM-boltinn, Adidas Kringlunni, 12.990 krónur.







Eymundsson 2.990 krónur.



Tékk kristall 3.500 krónur.



Steinar Waage 5.995 krónur.



Tékk kristall 3.990 krónur.

# Handa litlum stúf

Fyrsta jólagjöf barnanna skipar oft stóran sess í hjörtum foreldranna. Fyrir lítinn stubb er úr mörgu að velja, hvort sem drengurinn er nýfæddur eða að nálgast fyrsta afmælisdaginn.

Eigulegir skór koma alltaf að góðum notum þegar drengurinn fer að stíga sín fyrstu skref. Fallegir leðurskór með reimum fara því vel í jólapakkann en lítil börn hafa alltaf gaman af því að máta eitthvað á tærnar á sér. Þegar kuldaboli er óvenju úfinn er líka notalegt að fá hlýja vettlinga frá jólasveininum, enda enginn farinn að gera greinarmun á mjúkum og hörðum pökkum á fyrsta aldursárinu. Lestrarstundirnar eru ómetanlegar með litla drengnum og Vísnabókin full af fallegum myndum og þulum sem gaman er að hlusta á. Fyrir litla matmanninn eru hnífapör síðan góð gjöf sem endist langt fram eftir aldri. *- rat*



Fyrstu jólin er spennandi.


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
SARAR
BELLINI
collezione
Van Gils
TINO COSMA
BELIKA
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Frábær jólatilboð!
40 til 60%
afsláttur
af öllum vörum
Mikið úrval
af merkjavöru!
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)




Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, gerfi jólatré, rafmagnsofn, borð, rafmagnsrúm m. nuddi, bílavarahlutir, dekk, bílageislaspilari, sófi. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Heimilistæki

Til sölu nýr Gram ískápur með tveimur frystiskúffum. Kostar nýr 115 þús, selst á 75 þús. Uppl í s. 567 2335 eða 864 2335

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK Sími: 5520110 www.pon.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

## Verslun



Í Gula Húsinu, vönduð og flott Saiko dömuúlpa á aðeins 7.990 krónur. Gula Húsið, Faxafeni 8.




# KEYPT & SELT

## Til sölu







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.







18 skr. veggeiningar og 6 hringborð 70 cm. 15 stólar, skrifborð 160x75cm. 50L hita kútur. Nýr svefnsófi. Storno 440 farsími. Uppl. í s. 893 3475.

## Bílar til sölu

# Nýlegir, yfirfarnir og í toppstandi



KIA Sorento
árg. 2007, ekinn 78 þús.
2500cc, dísil, sjálfsk.
**Verð 3.740.000**

Skoda Octavia
árg. 2007, ekinn 64 þús.
1900cc, dísil, beinsk.
**Verð 2.200.000**



**Sértilboð**

Mercedes-Benz E240
árg. 2001, ekinn 81 þús.
2597cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.950.000**





Suzuki Grand Vitara
árg. 2005, ekinn 20 þús.
2000cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 2.100.000**



Honda Accord
árg. 2010, ekinn 22 þús.
2000cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 4.850.000**

Honda CRV
árg. 2007, ekinn 16 þús.
2000cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.290.000**



**Sértilboð**

Hyundai Getz
árg. 2008, ekinn 46 þús.
1400cc, bensín, beinsk.
**Verð 1.200.000**





Volkswagen Golf Plus
árg. 2007, ekinn 68 þús.
1600cc, bensín, beinsk.
**Verð 2.050.000**



KIA Carens, 7 sæta
árg. 2007, ekinn 102 þús.
2000cc, dísil, sjálfsk.
**Verð 2.490.000**

Mercedes-Benz A170
árg.2005, ekinn 88 þús.
1699cc, bensín, beinsk.
**Verð 1.950.000**



Við eigum toppeintök af notuðum bílum. Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu á www.askja.is og finndu bíl að þínu skapi.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is

## Atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Félagsþjónustan í Hafnarfirði - nýjar stöður lausar til umsóknar

**Þann 1. janúar 2011 færist þjónusta sem ríkið veitir fötluðum, skv. lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, til sveitarfélaga. Félagsþjónustan í Hafnarfirði mun hafa yfirumsjón með málaflokknum. Vegna yfirfærslunnar óskar Félagsþjónustan í Hafnarfirði eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi störf:**

**Verkefnastjóri**
**Starfssvið:**
- Tekur þátt í að samhæfa og þróa þjónustu á Félagsþjónustunni í Hafnarfirði við fólk með fötlun.
- Sinnir ráðgjöf og er tengiliður við forstöðumenn starfstöðva og heimila fólks með fötlun í Hafnarfirði.
- Skipuleggur fræðslu fyrir starfsmenn og stuðlar að samstarfi og upplýsingamiðlun til starfsstöðva og heimila og þeirra á milli.
- Sinnir gæðamálum.
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur honum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Meistaranám er kostur.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á málefnum fólks með fötlun
- Krafist er frumkvæðis, mikillar færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymisvinnu.

Næsti yfirmaður er deildarstjóri viðkomandi deildar innan Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Ráðgjafi**
**Starfssvið:**
- Tekur þátt í að samhæfa og þróa þjónustu á Félagsþjónustunni í Hafnarfirði við fólk með fötlun.
- Sinnir almennum ráðgjafarstörfum og metur þjónustuþörf.
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur honum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á málefnum fólks með fötlun
- Krafist er frumkvæðis, mikillar færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymisvinnu.

Næsti yfirmaður er deildarstjóri viðkomandi deildar innan Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum með nákvæmum upplýsingum um nám og starfsferil skal skilað til Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði fyrir **17. desember næstkomandi.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um starfið gefa Guðríður Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri, netfang gurry@hafnarfjordur.is og Kolbrún Oddbergsdóttir, deildarstjóri, netfang kolla@hafnarfjordur.is eða í síma 585-5700.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar, jafnt sem konur, hvattir til að sækja um starfið.

**Félagsþjónustan í Hafnarfirði**

## Verslun




## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

AMG AUKARAF




**SPOT Neyðarsendir**
Ferilvöktun, OK skilaboð, Hjálpar og Neyðarskilaboð GPS móttakari og Globalstar sendir. AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

## Byssur




Sími 517-8878 / 897-7547. Einnig velkomið að líta við í verslun okkar í Dugguvogi 17-19. 2.hæð

## Hestamennska




**Í jólapakkann.**
Úlpur frá kr. 19.900
Hestar og menn
Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

## HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Námskeið

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
SÍÐUMÚLI 15
S: 5885711
YOGAHEILSA.IS
20%
AFSLÁTTUR
af mánaðarkorti



## HEIMILIÐ

## Barnagæsla

**Au-pair í Belgíu**
Íslensk námsmannafjölskylda í Leuven í Belgíu óskar eftir au-pair til starfa frá janúar til júní 2011 til að sinna barnagæslu á tveimur ungum börnum og léttum heimilisstörfum. Leitað er að barngóðum og sveigjanlegum einstaklingi með góða aðlögunarhæfni, yfir 20 ára og með bílpróf, stúdentspróf er kostur. Umsóknir og beiðni um nánari upplýsingar sendast á netfangið: leuvenaupair2011@gmail.com fyrir 17. desember n.k.

## Til sölu

Samasem
Blómaheildsala



**Allar vörur til innpökkunar og skreytinga í miklu úrvali.**

**Eingöngu sala til fyrirtækja.**
**Grensásvegur 22-24 108 Reykjavik**
**S. 530 3500 samasem@samasem.is**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**!!! Til leigu !!!**
Til leigu 3. herbergja íbúð í Flétturima 112 Rvk. Með bílskýli, svölum og fallegu útsýni. Verð 120.000. Uppl. í s. 663 0006

Dags eða vikuleiga. Fullbúin 2ja herb. íbúð, sv. 225. V. 50 þús. vikan eða 8.500 kr. dagurinn. S. 690 9097.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Bílskúr til leigu í kríuhólum, upphitaður með rennandi vatni, verð 25Þ.Kr á mán S. 866 1237

## Húsnæði óskast

Reglusöm fjölskylda (hjón með barn) óska eftir 3ja.herb íbúð í 105 Rvk til langtímaleigu. Uppl í s. 864 6576

ÓE 3h íbúð á Rvk svæðinu. Reykleysi og skilvísum greiðslum heitið. S: 8493148

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík,fellih,tjaldv,bílar ofl. ATH!gott verð!! Ekki seinna vænna en koma verðmætum í skjól!! Ennþá nokkur pláss laus. 770-5144

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

*Allt milli himins og jarðar*

**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**

Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000
661 6996

**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

# Það ætti að rassskella suma ráðamenn

Heimahjúkrun



Sigurður Hólmar Jóhannesson
faðir langveikrar stúlku

Nýjasta útspil í sparnaði Sjúkratrygginga Íslands er að afturkalla heimahjúkrun. Þarna er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er ekki til staðar. Hversu lágt er hægt að leggjast þegar ráðist er á langveik börn sem ekki geta varið sig með því að taka frá þeim heimahjúkrun. Foreldrar þessara barna eru yfirleitt svo örmagna að þeir hafa heldur ekki kraft til að bíta frá sér. Fólkið sem er ábyrgt fyrir þessu ætti að skammast sín og segja upp strax ef þetta er það eina sem þeim dettur í hug til að spara. Hvað með stjórnlagaþing þar sem verið er að eyða 500 milljónum að minnsta kosti? Sendiráð sem eru dekkuð upp fyrir 700 milljónir? Hvernig væri að fara að kenna þessu fólki stærðfræði aftur?

Svona lítur dæmið út: Fyrir eina heimsókn heimahjúkrunar borgar ríkið 10.000 kr. Fyrir innlögn í einn dag borgar ríkið 130.000 kr. Foreldrar langveikra barna spara ríkinu 120.000 kr. á dag með því að hafa barnið heima.

Á einum mánuði spara foreldrar langveikra barna ríkinu 3.600.000 kr. ef barnið væri heimsótt á hverjum degi en svo er ekki þannig að sparnaður er meiri. Þetta gera 43.200.000 á ári á hvert barn. Þetta er raunverulegur sparnaður. Vilja ráðamenn fá þessi 80 langveiku börn inn á spítalann aftur? Það myndi kosta 3.456 milljónir á ári í auknum framlögum ríkisins ef öll þessi börn legðust inn sem þau hafa fullan rétt á að gera. Þrjúþúsund fjögurhundruðfimmtíuogsexmilljónir á ári. Það er því ekki flókið að sjá að það er alls enginn sparnaður fólginn í því að leggja niður heimahjúkrun þvert á móti miklu, miklu meiri kostnaður.

> Fyrir eina heimsókn heimahjúkrunar borgar ríkið 10.000 kr. Fyrir innlögn í einn dag borgar ríkið 130.000 kr. Foreldrar langveikra barna spara ríkinu 120.000 kr. á dag með því að hafa barnið heima.

Er ekki réttara að klappa foreldrunum á bakið, þakka þeim kærlega fyrir að halda börnunum sínum heima og jafnvel rétta þeim frekari hjálparhönd heldur en að stinga þá svona rækilega í bakið?

Ef þetta er eitthvert pólitískt útspil af hálfu Sjúkratrygginga til að fá frekari fjárlög þá er það ómaklegt að spila svona með langveik börn og fjölskyldur þeirra.

Það ætti að taka þessa ráðamenn á hné og rassskella þá rækilega á miðju Lækjartorgi til að fá þá til að vakna til lífsins. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir því að það eru ekki allir með milljón á mánuði fyrir að taka rangar ákvarðanir ofan í rangar ákvarðanir og fá að halda vinnunni. Sum okkar þurfa að bera ábyrgð á gjörðum okkar.

## AF NETINU

### Skýrslur sendiherra Íslands



Fréttamönnum Ríkisútvarps fannst það fréttnæmt, að sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi skyldi fylgjast með mönnum og málefnum og ekki síst stjórnmálahorfum og þróun á Íslandi. Það er hlutverk sendiráða að vera augu og eyru lands síns í gistiríkinu. „Afla upplýsinga“ sagði Jón Baldvin fyrrverandi utanríkisráðherra og sendiherra í Bandaríkjunum í Ríkisútvarpinu (06.12.2010)

Sendiherrar Íslands sendu til skamms tíma, og gera líklega enn, skýrslur ársfjórðungslega til utanríkisráðuneytisins í Reykjavík um stjórnmál og efnahagsmál í gistiríkinu. Ekki fer hjá því að í slíkum skýrslum sé vikið að samtölum við nafngreinda einstaklinga stjórnmálamenn og frammámenn í atvinnulífi og lagt mat á menn og málefni. Umfjöllun Ríkisútvarpsins um skýrslur bandaríska sendiráðsins í [Reykjavík] hefur á stundum verið einfeldningsleg , barnaleg og ekki borið vott um djúpstæða þekkingu. Svo var Jón Baldvin sagður sendiherra Bandaríkjanna (!) í morgunútvarpi Rásar tvö (06.12.2010). Engum datt í hug að leiðrétta. Sama kurteisin við hlustendur.

Sagt var í morgunútvarpi Rásar tvö (06.12.2010), að Kínverjar hefðu stundað iðnaðarnjósnir á Íslandi. Hið rétta er að starfsmenn bandaríska sendiráðsins á Íslandi hafa haldið þessu fram. Ekkert slíkt liggur fyrir eða hefur verið sannað. Hér er ekki verið að bera blak af Kínverjum, heldur einungis benda á að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð. Í þessu máli hefur sekt ekki verið sönnuð. Fjölmiðlamenn eru ekki dómarar í sakamálum.

blog.eyjan.is/esg

**Eiður S. Guðnason**

### Þeirra er valið

Það er sótt að WikiLeaks úr öllum áttum.



Nú ætla Visa og Mastercard að stöðva greiðslur til WikiLeaks – en áður hefur PayPal gert hið sama.

John Noughton skrifar um þessa atburðarás í Guardian og segir að hræsnin í stjórnmálaelítunni á Vesturlöndum sé himinhrópandi. Bæði Hilary Clinton og Barack Obama hafa talað um mikilvægi frjáls upplýsingaflæðis á netinu – og gagnrýnt sérstaklega Kínverja fyrir að þrengja að því.

Nougton segir að annað hvort geti stjórnmálamennirnir ákveðið að lifa í heimi þar sem upplýsingar leka út eða reynt að loka internetinu.

Þeirra sé valið.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**





*Okkar ástkæri*

**Eggert Sigurðsson**
Borgarholtsbraut 36, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 24. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát hans.

**Unnur Ólafsdóttir**
**Júlíus Kristófer Eggertsson**
**og aðrir aðstandendur og vinir**



*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Cornelía Ingólfsdóttir**
Hrísmóum 1, Garðabæ, áður Háholti 15, Keflavík,

lést á Líknardeild Landspítalans að morgni 6. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þór Helgason**
**Karl Jóhann Ásgeirsson** **Ragnheiður Helga Gústafsdóttir**
**Þórólfur Ingi Þórsson** **Eva Margrét Einarsdóttir**
**Jóhannes, Gabríel og Lilja.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Elísabet Elísdóttir**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 10. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Reidar J. Óskarsson Husby**
**Þórdís Óskarsdóttir Husby** **Örlygur R. Þorkelsson**
**Ragnar M. Óskarsson Husby** **Edda Baldvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Stefánsson**
Vallargerði 2c, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. desember kl. 13.30.

**Kristín Friðbjarnardóttir**
**Ólafur Ingi Hermannsson** **Bjarnheiður Ragnarsdóttir**
**Elva Hermannsdóttir** **Einar Jóhannsson**
**Atli Hermannsson** **Ingibjörg Róbertsdóttir**
**afa- og langafabörn**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Gísladóttir Kröyer**
hárgreiðslumeistari,
Bakkahlíð 13, Akureyri,

lést 2. desember á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

**Birgir Steindórsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

# tímamót
timamot@frettabladid.is



**EKKI ERFITT AÐ MANNA KÓRINN** Drengjakór Reykjavíkur er eini drengjakórinn á Íslandi. Hann heldur árlega aðventutónleika í Hallgrímskirkju á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR: ER TUTTUGU ÁRA

## Margir halda áfram í tónlist

Drengjakór Reykjavíkur heldur árlega aðventutónleika í Hallgrímskirkju á sunnudag en hann fagnar auk þess tuttugu ára afmæli um þessar mundir. Kórinn var stofnaður af Ronald Turner, organista Laugarneskirkju, árið 1990. Hann hélt um stjórnartaumana til ársins 1994 en þá tók Friðrik S. Kristinsson, núverandi stjórnandi kórsins við, en hann er einnig stjórnandi Karlakórs Reykjavíkur. Kórinn hafði aðsetur í Laugarneskirkju fyrst um sinn en flutti sig yfir í Neskirkju árið 2001. Hann hefur svo verið í Hallgrímskirkju frá árinu 2004.

Í kórnum eru 34 drengir á aldrinum sjö til fimmtán ára. „Við æfum tvisvar í viku og syngjum í messu einu sinni í mánuði. Þá förum til útlanda annað hvert ár og ferðumst innanlands þess á milli,“ segir Friðrik en kórinn er nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem drengirnir voru heiðursgestir á norrænni hátíð í Minneapolis. „Drengirnir fá því víða tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.“

Drengjakór Reykjavíkur er eini drengjakórinn á Íslandi og á þetta söngform sér ekki sérlega langa sögu hér á landi. „Fyrirmyndin kemur aðallega frá Englandi þar sem drengjakórar voru fyrst stofnaðir á fjórtándu öld,“ segir Friðrik. Hann segir lítið mál að manna kórinn en á hverju hausti berast tíu til fimmtán umsóknir. Drengjarnir syngja ýmist fyrsta sópran, annan sópran eða alt og stundum bætast tenórar og bassar úr Karlakór Reykjavíkur við. En hvað er það sem einkennir drengjakór? „Það er sérstakur hljómur eða klang sem fólk hefur gaman af að heyra. Ég legg síðan mikið upp úr góðum reglum og aga því annars væri þetta ekki hægt. Ég held að í starfinu felist gott uppeldi og hafa margir drengjanna haldið áfram í alls kyns söng- og tónlistarnám.“

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 17 og munu drengirnir flytja ýmis jólalög og sálma. Undirleikari kórsins er Lenka Matevoa og Hallfríður Ólafsdóttir leikur á flautu. Sérstakir gestir verða meðlimir Karlakórs Reykjavíkur. vera@frettabladid.is

## Jólafundur Handarinnar í Áskirkju

Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns og Kristín Jónsdóttir, húsnæðisfulltrúi Öryrkjabandalagsins, hljóta viðurkenningu frá Mannúðar- og mannræktarsamtökunum Höndinni. Viðurkenningarnar verða veittar á árlegum jólafundi samtakanna sem haldinn verður í Áskirkju í kvöld klukkan 20.30 í neðri sal.

„Mannúðar- og mannræktarsamtökin Höndin leitast við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar og samhjálpar,“ segir í fréttatilkynningu samtakanna. Þar segir enn fremur að Höndin hjálpi fólki að fóta sig aftur í lífinu eftir áföll.

Dagskrá fundarins verður fjölbreytt, Einar Kárason rithöfundur og Guðrún Ögmundsdóttir munu meðal annars lesa upp úr nýútkomnum bókum, Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, flytur gamanmál með alvarlegu ívafi, Gunnar Páll Ingólfsson flytur nokkur lög og séra Pálmi Matthíasson flytur hugvekju. Boðið verður upp á kaffi og piparkökur og eru allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.hondin.is



**LESIÐ ÚR BÓKUM** Einar Kárason verður meðal rithöfunda sem lesa upp úr verkum sínum á jólafundi Handarinnar í Áskirkju í kvöld.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Júlíus Bjarnason**
Akurgerði 41, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans á Landakoti laugardaginn 4. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eva Dagbjört Þórðardóttir**
**Ragnheiður Kristjánsdóttir** **Óli Grétar Metúsalemsson**
**Siguður Þ. Kristjánsson** **Steingerður Á. Gísladóttir**
**Bjarni R. Kristjánsson** **Dagný Blöndal**
**afabörn og langafabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og samúð vegna fráfalls elskulegs sonar, stjúpsonar, bróður og mágs,*

**Sigurjóns Guðmundssonar**
Vesturbergi 138, Reykjavík.

Hjartans þakkir til allra þeirra sem hlúðu að Sigurjóni í veikindum hans. Sérstakar þakkir til Elísabetar og Kristjáns.

**Oddný Ólafía Sigurjónsdóttir** **Benedikt Hermannsson**
**Sævar Benediktsson** **Ástríður Sólrún Grímsdóttir**
**Hermann Benediktsson** **Þórunn Kristjánsdóttir**
**Rannveig Benediktsdóttir** **Ómar Garðarsson**

# ILMANDI GOTT
## TILBÚIÐ FYRIR ÞIG



Smákökubar
í Skeifunni

*Nýbakað fyrir þig!*




NÝBAKAÐ

Alla daga bökum við fyrir þig ómótstæðilegar amerískar smákökur sem eru hver annarri betri.

*Kíktu við og smakkaðu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum!*






Bahlsen jólakökur
margar tegundir



Tilbúnar smákökur
margar tegundir

NÝTT




Panettone
ekta ítölsk jólakaka

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** frá, **8.** blóðhlaup, **9.** fæðu, **11.** í röð, **12.** brella, **14.** grastoppur, **16.** tveir eins, **17.** samræða, **18.** farfa, **20.** horfði, **21.** útgáfunr. tónverks.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi húsdýrs, **3.** 950, **4.** eldsneyti, **5.** tímabils, **7.** flutningaskip, **10.** verkur, **13.** kann, **15.** gón, **16.** nögl, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** af, **8.** mar, **9.** mat, **11.** rs, **12.** bragð, **14.** skegg, **16.** kk, **17.** tal, **18.** lit, **20.** sá, **21.** ópus.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** lm, **4.** jarðgas, **5.** árs, **7.** farskip, **10.** tak, **13.** get, **15.** gláp, **16.** kló, **19.** tu.




**Framhaldsskólinn á Laugum**
**Sími 4646300 Bréfsími 4643163**
**www.laugar.is - laugar@laugar.is**

**Framhaldsskólinn á Laugum – ræstingar**

Framhaldsskólinn á Laugum óskar eftir að ráða starfsmann í ræstingar og aðstoð við ýmis tilfallandi störf við íþróttahús skólans. Um er að ræða 65% starf. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 08.00-13.15 virka daga. Ráðingartími er 9 mánuðir ár hvert, á starfstíma skóla. Ráðið er í starfið frá 1. janúar 2011. Æskilegt er að umsækjandi hafi almenna grunnmenntun og þekkingu á ræstistörfum. Leitað er að einstaklingi sem hefur mikla hæfileika í mannlegum samskiptum og lipurð í umgengni við börn og unglinga. Laun eru skv. launafl. 145-004 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands.
**Umsóknarfrestur er til 21. desember 2010** og skal umsóknum skilað til skólameistara Framahldsskólans á Laugum, sem gefur allar nánari upplýsingar í síma 464 3112



**Hörkupakki**



Verð með vsk.
**64.900**
DCK211S2
**Nettar og léttar 10,8 V vélar**
**Borvél:**
LED ljós: 1 stk
Hersla: 25 Nm
Patróna: 10 mm
**Hersluvél:**
LED ljós: 3 stk
Hersla: 107 Nm
Bitahaldari: 6,35 HEX
2x1,3 Ah Li-Ion rafhlöður
40 mín. hleðslutæki

*Sindri færir þér kraftinn!*

PIPAR\TBWA • SÍA • 103101

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 – Reykjavík / Bæjarhrauni 12 – Hafnarfirði



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Arðrænandi launþegar

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



„Bankageirinn er eins og lifrin,“ sagði ungur, prúðbúinn maður sem stóð við hliðina á mér við barinn á samkundu í Lundúnum nýverið. Þrátt fyrir litla þekkingu á bæði bankastarfsemi og líffræði – og enn minni áhuga – gat ég ekki látið hjá líða að krefja manninn skýringar á óvenjulegri samlíkingunni. Viðkomandi reyndist starfsmaður hins Konunglega skoska banka í borginni og stóð ekki á svörunum. „Allir peningar, lán og skuldir flæða gegnum okkur,“ útskýrði hann um leið og hann vafði stuttum, digrum fingrum um fíngert kampavínsglas. „Við skiljum milli næringarinnar sem við komum áfram til þeirra sem þurfa á henni að halda og úrgangsins sem við losum okkur við. Lifrin þjónustar öll önnur líffæri líkamans og án hennar dettum við niður dauð.“ Hann fékk sér gúlsopa og glotti. „Þess vegna verður bankageiranum aldrei leyft að fara á hausinn og við í bransanum getum gert allt það sem okkur sýnist.“

**ÞÓTT** mér þætti viðmælandi minn eiga meira sammerkt með öðrum ónefndum líkamshluta sem einnig sér um úrgangslosun en lifrinni reyndist hann hafa á réttu að standa að öðru leyti. Næsta dag létu bresk stjórnvöld af áætlunum um lög sem verið höfðu í bígerð og krefja áttu banka þar í landi um gegnsæi þegar kemur að launum og bónusum starfsmanna. Áfram gera því bankarnir „það sem þeim sýnist“.

**HEILDARFRAMMISTAÐA** hlutabréfa í breskum bönkum á síðastliðnum tíu árum hefur verið léleg. Mörgum þeirra var bjargað af breska ríkinu með skattfé almennings. Á sama tímabili hafa laun og bónusar lykilstarfsmanna bankastofnana rokið upp. Fyrsti áratugur 21. aldarinnar reyndist því góður og gjöfull tími til að vinna hjá banka en skitinn tími til að eiga banka. Á 19. öld voru arðgreiðslur til fjármagnseigenda kallaðar arðrán; verið var að hirða arð af vinnu starfsmanna – verkalýðnum. Arðráni 21. aldarinnar er öfugt farið: Starfsmenn hirða arðinn af vinnu fjármagnsins og hluthafar sitja eftir með sárt ennið. Spariféð sem hluturinn var keyptur fyrir er brunnið upp og lífeyririnn er skertur vegna þess hve mikið lífeyrissjóðirnir fjárfestu í sömu stofnunum.

**Á** tyllidögum tala ríkisstjórnir um heim allan um að kúltúr ofurlauna og bónusa hafi átt þátt í að bankakerfið strandaði og taka verði á vandanum. Þótt bónusatímabil gangi nú í garð á ný virðast aðgerðir hvergi í sjónmáli. Ef bankageirinn er eins og lifrin er hann skorpulifur; gamalt, lúið og illa starfhæft líffæri sem þarf nauðsynlega á lífsstílsbreytingu að halda.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





MEST SELDA SKÁLDVERKIÐ!
Metsölulisti Hagkaups 29.11.-5.12.2010
„Mögnuð og hrollvekjandi ... stundum er gaman að vera hræddur þegar maður les bækur. Það á við um þessa bók.“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
„Stenst samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum.“ Times Literary Supplement um Ösku
„Mögnuð – Besta bók Yrsu.“
Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu
„Fær hárin til að rísa.“
Kristjana Guðmundsdóttir, DV
„Vel byggð saga og hörku-spennandi. Besta bók Yrsu.“
Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu
„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum.“
Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is
VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9
DYNAMO REYKJAVIK

**ÓMAR Í MÚLANUM** Ómar Guðjónsson gítarleikari kemur fram ásamt hljómsveit á síðustu tónleikum Jazzklúbbsins Múlans fyrir jól klukkan 22 í kvöld. Ómar leikur efni af sinni þriðju sólóskífu, Von í Óvon, sem kom út á dögunum. Tónlistin er blanda af rokki, djassi og poppi þar sem gítarinn er í forgrunni.

# Tímaritin streyma út

**Menningartímaritin streyma út hvert á eftir öðru um þessar mundir. Nýtt tölublað bókmenntatímaritsins Stínu kom út í vikunni. Meðal höfunda efnis eru Eiríkur Örn Norðdahl, Þórdís Gísladóttir, Thor Vilhjálmsson, Magnea Matthíasdóttir og Guðbergur Bergsson, sem varar við að Íslendingar geri sér vonir um frægðarför á bókamessuna í Frankfurt að ári.**

**Í fyrri viku kom út nýtt tölublað Tímarits Máls og menningar. Þar eru greinar um þjóðfélagsmál áberandi að þessu sinni en greinar skrifa Pétur Gunnarsson, Haukur Már Helgason, Guðni Elísson og Ásgeir Friðgeirsson, sem fer yfir hrunið eins og það blasti við honum sem innanbúðarmanni í Landsbankanum.**

**Tímaritið Andvari kom út í gær. Aðalefni blaðsins að þessu sinni er grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Björn Ólafsson í Vífilfelli. Skammt er síðan hausthefti Skírnis kom út. Þar má meðal annars finna hugleiðingar Sigurðar Líndal um landsdóm auk þess sem Páll Theodórsson færir frekari rök fyrir þeirri skoðun að Ísland hafi líklega verið numið einum tvö hundruð árum fyrr en jafnan er talið.**

**Þá er þriðja tölublað bókmenntatímaritsins Spássíunnar væntanlegt á allra næstu dögum.**




**STÍNA** Guðbergur Bergsson segir ekki mikils að vænta á bókamessunni í Frankfurt að ári í grein í Stínu.

# Tónar týndra alda hljóma á ný

**Hymnodia sacra nefnist nýr hljómdiskur sem inniheldur lög úr samnefndu sálmasafni, því merkasta sem varðveist hefur frá 18. öld hér á landi. Diskurinn er smiðshöggið í þriggja diska útgáfu sem spannar tónlistarsögu fjögurra alda.**

Hymnodia sacra er stærsta íslenska söngvasafn sem varðveist hefur frá 18. öld, ritað af séra Guðmundi Högnasyni árið 1742, rétt áður en íslenskri sönghefð tók að snarhnigna og féll í gleymsku. Kammerkórinn Carina vekur sálmana nú til lífs á nýjum hljómdiski undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar, sem annast einnig útsetningar, en Smekkleysa gefur út.

„Ég myndi segja að gullöld íslenskrar tónlistariðkunar hafi verið í kringum 1600," segir Árni Heimir. „Hymnodia sacra er hins vegar síðasta ljóstýran áður en myrkrið hellist yfir. Guðmundur Högnason er einn sá síðasti sem tekur að sér að skrifa stórt handrit með lögum og nótum. Það voru gerð nokkur minni handrit en síðan deyr þessi hefð út upp úr 1750."



**ÁRNI HEIMIR OG CARINA** Hymnodia sacra er síðasta ljóstýran áður en myrkrið hellist yfir í tónlistariðkun Íslendinga, að sögn Árna Heimis. Séra Guðmundur Högnason var einna síðastur til skrifa stórt nótnahandrit áður en hefðin dó út í kringum 1750.

## Rof í íslenskri sönghefð

Í handritinu má finna sönglög sem fylgdu Íslendingum lengi áður en þau féllu í gleymskunnar dá.

„Eitt og eitt lifði áfram í sálmabókum en voru ekki mikið sungin," segir Árni Heimir. „Í raun verður algjört rof í íslenskri sönghefð í kringum 1800. Fólk fór í auknum mæli að kynna sér hvað var að gerast í tónlist í Evrópu og við förum að senda einn og einn Íslending til að læra tónlist í Kaupmannahöfn. Þeir sneru heim með kirkjusönghefð sem var allt öðruvísi en því sem Íslendingar áttu að venjast og markaði upphafið að þeim kirkjusöng sem tíðkaðist á 19. og 20. öld. Ný og allt öðruvísi lög komu til sögunnar en arfurinn þótti gamaldags og púkalegur. Það er hins vegar köllun okkar tónlistarfræðinganna að reyna að sýna fram á að það var hann alls ekki."

Þótt tónlistarlíf á Íslandi hafi ef til vill ekki risið jafn hátt og í Evrópu fyrr á öldum, minnir Hymnodia sacra á að Íslendingar voru aftur á móti langt því frá söngsnauð þjóð.

„Sem er einmitt það sem við erum að reyna að sýna fram á með þessari útgáfu," segir Árni Heimir, „meðal annars með því að finna upprunalegu útsetningar laga og búa til tengingu við Evrópu, sem hefðin byggði á. Sú tenging var ef til vill ekki mjög skýr 1742 en hafði verið það 100 til 150 árum fyrr."

## Útgáfa sem spannar 400 ár

Útgáfan á sér nokkurn aðdraganda og á í raun rætur að rekja til þess þegar Árni Heimir var að ljúka BA-prófi í píanóleik og tónlistarsögu.

„Ég var að kynna mér íslenska tónlistarsögu og álpaðist niður í handritadeild Þjóðarbókhlöðunnar. Þar tók á móti mér maður að nafni Kári Bjarnason, sem um það leyti var að hefja mikið starf í samvinnu við Helgu Ingólfsdóttur semballeikara um að grafa upp gömul handrit með nótum. Hann fór með mig inn í það allra heilagasta og sýndi mér öll þessi handrit með nótum sem enginn hafði stúderað að ráði. Í kjölfarið fór ég að gefa þessu meiri gaum."

Í doktorsritgerð sinni um tvísöng tók Árni Heimir meðal annars fyrir handrit sem tengdust viðfangsefninu. Úr því starfi varð til hljómdiskurinn Tvísöngur, sem Smekkleysa gaf út 2004.

„Í kjölfarið fór ég skoða handritin í víðara samhengi. Útkoman varð söngvasafnið Melódía, sem byggði á samnefndu handriti og gekk mjög vel. Hymnodia sacra er beint framhald af þeirri útgáfu."

Samanlagt spanna þessir þrír diskar íslenska tónlistarsögu frá 1400 til 1800.

„Við erum búin að rifja upp í söng um 400 ár sem voru nær alveg týnd og erum mjög stolt af því, þótt ég segi sjálfur frá," segir Árni Heimir. „Hymnodia sacra er smiðshöggið á þetta verkefni og hér með er því eiginlega lokið."

## Tónlistararfurinn metinn að verðleikum

Árni Heimir vonar að nú þegar sálmarnir eru komnir út eigi þeir eftir að öðlast nýtt líf.

„Það væri mjög gaman ef þessi lög lifðu áfram hjá kórum og í sólóflutningi. Ég veit af söngvurum sem hafa notað lög sem ég útsetti með lútu á Melódíu-disknum. Kannski mætti líka gefa út sönghefti fyrir söngnemendur með þessari tónlist."

Fyrst og fremst vonast hann þó til að útgáfan verði til þess að Íslendingar læri að meta tónlistararfinn að verðleikum.

„Þegar ég var í menntaskóla og byrja í tónlistarnámi heyrðist oft sú klisja að það hafi aldrei verið til nein tónlist á Íslandi nema púkaleg þjóðlagatónlist, rímur og tvísöngur. Ef okkur tekst að vinna bug á þessari mýtu yrðum við sem stöndum að útgáfunni mjög sátt."

**bergsteinn@frettabladid.is**




Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

# Í postulínsbúð næturinnar

Bækur ★★★★

**Þrjár hendur**

Óskar Árni Óskarsson

*Ef þú hlustar vel*
*á suðið í höfðinu á þér*
*getur það gerst að þú heyrir*
*járnbrautarlest nálgast úr fjarska*
*og þegar þjónninn*
*í veitingavagninum réttir þér*
*vínlistann skaltu ekki hika við að*
*velja það besta*

Þetta ljóð úr nýjustu ljóðabók Óskars Árna Óskarssonar, Þrjár hendur, lýsir vel stemningu bókarinnar. Þar eru jöfnum höndum dregnar upp myndir af fegurð hversdagsleikans, skondnum uppákomum, djúpum sorgum, veikindum og dauða. Undir kraumar vissan um að lífið styttist í annan endann, hver mínúta skipti máli og það sé um að gera að vanda sig við að velja bestu bitana af hlaðborði daganna og þá ekki síður nóttanna. Því til undirstrikunar birtist sama ljóðið á tveimur stöðum í bókinni með mismunandi frumlagi:

*Ástin*
*og óhreinar nærbrækur*
*eru aldrei langt undan*

segir í ljóðinu á síðu 29 en á síðu 71 hefur frumlagið breyst og þar hljómar það:

*Dauðinn*
*og óhreinar nærbrækur*
*eru aldrei langt undan*




Óskar Árni er skólað ljóðskáld, sóar hvorki orðum né myndum og hefur einstakt lag á að koma stórum hugsunum til skila í fáum orðum. Ljóðin láta ekki mikið yfir sér en vaxa og dýpka við hvern lestur. Örfá orð verða heill heimur, vorstemning verður saga heillar mannsævi, draumur um eigin jarðarför, sem settur er fram í hálfkæringi, endurspeglar óttann við að hverfa og gleymast en lýsir um leið þeirri tilfinningu að vera á skjön við samferðamennina, lýsing á upplestri fimm ljóðskálda fyrir tvo áhorfendur verður skondið tilbrigði við það stef Þorsteins frá Hamri að ljóðið rati til sinna og svona mætti endalaust áfram telja. Mörg ljóðanna lýsa horfnum heimi og þótt ekki sé ýjað að því einu orði að sá heimur hafi verið betri er eftirsjáin áþreifanleg.

Strætisvagnar og rútur leika stórt hlutverk, ljóðmælandinn er einlægt á ferð, án þess þó endilega að ætla sér neitt sérstakt. Ferðin er farin ferðarinnar vegna og tilraunir gerðar til að ná sambandi við samferðamenn, oftast með litlum árangri, enda eru þeir stundum staddir bæði innan bíls og utan á sama tíma. Undir og yfir og allt um kring sveimar sú tilfinning að ferðinni fari nú senn að ljúka, dagarnir séu taldir. Sú tilfinning ágerist eftir því sem líður á bókina og lokaljóðinu lýkur á því að kaffið er komið um koll og penninn horfinn af borðinu.

Ljóðin bera hvorki heiti né númer, formið er knappt og myndirnar eins og örsnögg leiftur sem lýsa upp afmörkuð augnablik. Augnablik sem stundum spanna eilífðina sjálfa. **Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Meitluð ljóð sem vaxa og dýpka við hvern lestur. Bók sem án efa verður gripið niður í aftur og aftur.

Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

# BÓKMENNTA-VIÐBURÐUR ÁRSINS



★★★★★

„Hreinsun er líklega **merkilegasta skáldverkið** sem kemur á markað í ár.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„... gríðarlega merkileg bók ... **sálfræðitryllir.**“

ÞORGERÐUR E. SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

„... **óskaplega spennandi** ... þetta er bara algjört meistaraverk.“

ILLUGI JÖKULSSON / KILJAN

„**Alger snilldarbók** ... ofboðslega góð skáldsaga.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„**Sérlega öflugt verk.**“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR /BOKMENNTIR.IS

★★★★

„**Mögnuð** ... lifir lengi í huga lesandans.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„**Stórkostlegt skáldverk.**“

BJARNI ÓLAFSSON / MORGUNBLAÐIÐ




**Margradda og spennandi saga um ást, svik, vald og valdaleysi. Bókin fer nú sigurför um heiminn.**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

**BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2010**

# Fólk

folk@frettabladid.is



**25 KG** hafa farið af söngkonunni Jennifer Hudson síðan hún sló í gegn í American Idol árið 2004.



**JIM CARREY** Dóttir gamanleikarans er skilin eftir aðeins eins árs hjónaband.

## Dóttir Jims Carrey skilin

**Dóttir gamanleikarans Jims Carrey, Jane, hefur skilið við eiginmann sinn Alex Santana eftir einungis eins árs hjónaband. „Þau verða áfram vinir og munu annast í sameiningu uppeldi níu mánaðar sonar þeirra," sagði blaðafulltrúi leikarans. Jane Carrey, sem er 23 ára, eignaðist Jackson Riley, eina barn þeirra fyrrverandi hjóna, í febrúar síðastliðnum. Carrey og Santana, sem eru bæði tónlistarmenn, giftu sig í nóvember. Jane er eina barn Carrey og fyrrverandi eiginkonu hans Melissu Womer. Þau giftust 1987 en skildu átta árum síðar.**

# STÓR NÖFN Í STUTTMYND BARKAR

**Börkur Sigþórsson gerir áhugaverða stuttmynd eftir handriti Stuart Beattie. Í aðalhlutverki er Björn Thors sem leikstjórinn segir að sé besti leikari sinnar kynslóðar.**

„Við skutum hluta myndarinnar síðasta vetur og núna erum við að klára," segir Börkur Sigþórsson, leikstjóri stuttmyndarinnar Come to Harm. Myndin skartar Birni Thors í aðalhlutverki, en með önnur hlutverk fara Þrúður Vilhjálmsdóttir, Magnús Ragnarsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Jón Páll Eyjólfsson, svo einhverjir séu nefndir.

Börkur segir þetta enga venjulega stuttmynd, heldur sé hún hluti af mun stærra verki. „Þetta verkefni kom til mín í gegnum fyrirtæki sem ég tengist í Los Angeles en það fyrirtæki tengist áströlsku framleiðslufyrirtæki sem á í rauninni upphafið að þessu öllu saman," segir Börkur. Framleiðslufyrirtækið ástralska fékk handritshöfundinn Stuart Beattie til þess að skrifa gróft handrit að stuttmynd og síðan fengu sex leikstjórar, hver úr sinni áttinni, handritin í hendurnar. Þegar allir leikstjórarnir hafa lokið tökum á myndunum, verða þær settar saman í eina kvikmynd í fullri lengd. „Þetta er svolítið eins og þú sæir sex mismunandi uppfærslur af sama leikverkinu," segir Börkur.

Stuart Beattie er þekktur handritshöfundur en úr smiðju hans eru myndir á borð við Collateral, Australia og Pirates of the Caribbean svo einhverjar séu nefndar. Börkur segir tökurnar hafa gengið ágætlega. „Þetta var frekar lengi að komast af stað en þetta fer að klárast." Eins og áður sagði fer Björn Thors með aðalhlutverkið í myndinni. „Við Bjössi erum gamlir félagar og höfum unnið mikið saman í gegnum tíðina. Hann er einn af mínum nánari vinum og er að mínu mati besti leikari sinnar kynslóðar. Það var frekar augljóst frá upphafi hver myndi fara með aðalhlutverkið," segir Börkur, en hann vann myndina í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands og íslenska framleiðslufyrirtækið Republik.

kristjana@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**STYTTIST Í STUTTMYNDINA**

**Björn Thors** (að ofan) og **Þrúður Vilhjálmsdóttir** fara með stór hlutverk í myndinni Come to Harm sem **Börkur Sigþórsson** leikstýrir.



**AGENT FRESCO** Hljómsveitin Agent Fresco stígur á svið á laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fagna plötuútgáfu

Plötuútgáfan Record Records ætlar að fagna uppskeru ársins með veglegri tónleikaveislu á Faktorý á föstudags- og laugardagskvöld. Ensími, Bloodgroup, Of Monsters and Men og Sing For Me Sandra stíga á svið fyrra kvöldið en Agent Fresco, Moses Hightower, For a Minor Reflection og Útidúr á því síðara.

„Þetta var í fyrra á Sódómu og gekk ósköp vel. Þá var þetta haldið á miðvikudegi en það var bara eins og á laugardagskvöldi," segir Haraldur Leví hjá Record Records. „Núna leigðum við nýtt hljóðkerfi og þetta verða stærstu tónleikar ársins á Faktorý."

Miðaverð er 1.000 krónur á stakt kvöld og 1.500 kr. á bæði kvöldin. Húsið verður opnað kl. 22 bæði kvöldin og hefjast tónleikarnir hálftíma síðar. Forsala miða fer fram á Midi.is, í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi og Brimi í Kringlunni.

- fb




## Vill meiri illsku

Gamanleikarinn Will Ferrell er orðinn þreyttur á því að leika sömu persónurnar og vill spreyta sig á vondum körlum í auknum mæli. Hann lék hinn illa Mustafa í Austin Powers-myndunum og hafði mjög gaman af því. „Ég hef ekki fengið að prófa þetta nógu oft. Mustafa var vondur en hann var í aukahlutverki og entist ekki lengi," sagði Ferrell. „Illska hans fékk ekki að njóta sín nógu vel."

Nýjasta mynd Ferrells er teiknimyndin Megamind. Þar leikur hann náunga sem er illur en sýnir á sér mjúkar hliðar. „Það var gaman að leika í Megamind. Hann lítur út fyrir að vera illur en síðan kemst fólk að því að hann er góður í sér og vill bara vera elskaður."



**WILL FERRELL** Leikarinn vill spreyta sig á fleiri illum persónum.



**HJALTALÍN** Hljómsveitin er á leiðinni í tónleikaferð um Þýskaland og Belgíu.

# Hjaltalín til Evrópu

Hljómsveitin Hjaltalín heldur á sunnudag í tónleikaferð til Þýskalands og Belgíu og stendur ferðin til 18. desember. Tónleikarnir verða sex talsins og verða fimm þeirra í Þýskalandi. Snorri Helgason mun hita upp á tónleikunum í Þýskalandi. Hjaltalín ætlar að einnig að ferðast til Parísar þar sem sveitin kemur fram í sjónvarpsþættinum vinsæla Soiree de Poche sem er gerður í samstarfi við sjónvarpsstöðina Arte. Þátturinn er þannig uppbyggður að hljómsveitum er komið fyrir í íbúð þar sem haldnir eru tónleikar fyrir helstu aðdáendur sveitarinnar og herlegheitin eru síðan tekin upp.

Stutt er síðan Hjaltalín sendi frá sér mynddiskinn og plötuna Alpanon sem hefur að geyma efni frá tónleikum hennar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Myndin verður sýnd í Bíó Paradís um næstu helgi.

# Rétt missti af gullinu

**Nýjasta plata rapparans Kanye West, My Beautiful Dark Twisted Fantasy, fór beint í efsta sætið á bandaríska vinsældalistanum sína fyrstu viku á lista. Þetta er fjórða plata West sem nær þessum merka áfanga. Alls seldust 496 þúsund eintök af plötunni og vantaði því aðeins fjögur þúsund upp á að hún næði gullsölu. Nýjasta platan hefur selst aðeins betur en hans síðasta, 808 and Heartbreaks, sem kom út fyrir tveimur árum. Besta árangrinum náði West með plötunni Graduation sem seldist í 957 þúsund eintökum árið 2007.**

# Fyrsta platan í febrúar

**Ný hljómsveit Liams Gallagher, Beady Eye, gefur út sína fyrstu plötu 28. febrúar. Hún nefnist Different Gear, Still Speeding og hefur að geyma þrettán lög, þar á meðal fyrsta smáskífulagið Bring the Light. Einnig eru á plötunni lög á borð við Four Letter Word, Millionaire og Beatles and Stones. Upptökustjóri plötunnar er Steve Lilywhite, sem er þekktastur fyrir að hafa unnið með U2 í gegnum árin. Auk Gallaghers eru í Beady Eye Oasis-mennirnir fyrrverandi Gem Archer og Andy Bell, auk trommarans Chris Sharrock.**



**LIAM GALLAGHER** Oasis-söngvarinn fyrrverandi gefur út sína fyrstu plötu með Beady Eye í febrúar.






**DUGNAÐUR** Hin ársgamla Skálmöld hefur gert meira á einu ári en margar hljómsveitir gera á fimm. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skálmöld bókuð á stærstu þungarokksútihátíð heims

**Þrátt fyrir að hafa starfað í stuttan tíma er hljómsveitin Skálmöld tilbúin með plötu, búin að skrifa undir útgáfusamning og á leiðinni á risastóra þungarokkshátíð í Þýskalandi á næsta ári.**

„Við höfum trú á því sem við erum að gera,“ segir gítarleikarinn Björgvin Sigurðsson í hljómsveitinni Skálmöld.

Víkingarokksveitin Skálmöld var stofnuð í fyrra og kemur fram á Wacken Open Air-hátíðinni, sem er stærsta þungarokksútihátíð heims, næsta sumar. Hátíðin hefur verið haldin frá árinu 1990 og yfir 80.000 manns sóttu hana á þessu ári, en þá komu fram hljómsveitir á borð við Iron Maiden, Mötley Crüe og Slayer. Á næsta ári hefur myrkraprinsinn Ozzy Osbourne boðað komu sína ásamt hljómsveitum á borð við Judas Priest og Sepultura.

En hvernig fer ársgömul hljómsveit að því að komast á Wacken?

„Það er góð spurning. Ætli það sé ekki aðallega heppni,“ segir Björgvin. „Hópurinn sem fór þangað í fyrra tók með sér kynningardiska frá okkur og lét menn hafa. Það var greinilega einhver sem var hrifinn og okkur var boðið að taka þátt.“

Björgvin vísar þar í hljómsveitina Sólstafi, sem kom fram á Wacken í fyrra, og tónleikahaldarann Þorstein Kolbeinsson. Hann hefur staðið fyrir árlegri hljómsveitakeppni þar sem þungarokkarar keppast um að fá að koma fram á hátíðinni.

Meðlimir Skálmaldar eru engir aukvisar, en þeir koma úr hljómsveitinum Ljótu hálfvitarnir, Ampop, Innvortis, Klamydía X og Hraun. Og það er ýmislegt á döfinni, fyrir utan stærstu þungarokkshátíð heims. „Við erum á leiðinni til Svíþjóðar að spila á tvennum tónleikum. Platan kemur út í næstu viku, þannig að það er mikið að gerast hjá okkur núna,“ segir Björgvin. Færeyska útgáfufyrirtækið Tutl gefur plötu hljómsveitarinnar út.

Lagalisti plötunnar var tilbúinn áður en Skálmöld kom fyrst saman, en á plötunni er sögð saga sem vísar í íslenska goðafræði. „Um leið og hljómsveitin var stofnuð var lagður grunnur að plötu,“ segir Björgvin. „Svo voru lög samin fyrir plötuna. Við vorum langt komnir með að taka upp plötuna þegar við spiluðum á fyrstu tónleikunum. Þetta er *concept*-plata sem segir eina sögu í tíu lögum. Okkur fannst hugmyndin svo flott að við vikum aldrei frá henni.“

**atlifannar@frettabladid.is**

# Fallegur pakki fyrir aðdáendur

Tónlist ★★★

**Alpanon**
Hjaltalín



Hljómsveitin Hjaltalín hefur verið yfirburðasveit undanfarin ár. Tvær fyrstu plöturnar hennar, Sleepdrunk Seasons (2007) og Terminal (2009), eru margverðlaunaðar og af mörgum taldar bestu plötur síðustu ára í íslensku poppi. Hjaltalín hefur líka verið dugleg við spilamennsku og lagt í mörg metnaðarfull verkefni. Útsetningin á Þú komst við hjartað í mér var snilldarleikur og á Listahátíð 2009 spilaði hljómsveitin eftirminnilega tónleika í Íslensku óperunni með kammersveit. Og svo voru það stórtónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í júní 2010 sem nú eru komnir á geislaplötu og DVD-disk undir nafninu Alpanon.

Popphljómsveitir sem spila með Sinfó er konsept sem gengur misvel upp, en það er óhætt að reikna með góðu þegar Hjaltalín á í hlut þar sem klassískur þráður er þegar í tónlist hennar. Og það er margt sem gengur upp á Alpanon. Umgjörðin er falleg og það eru ágæt tilþrif í gangi í útsetningunum. Umslagið er líka fallegt, tilbrigði við hið frábæra umslag á Terminal. Hljómurinn er góður og öll vinnsla til fyrirmyndar.

Samt varð ég fyrir vonbrigðum með þessa tónleika. Kannski hefði mátt leggja meira upp úr nýju efni. Á disknum eru tvö ný lög, A Bag Lady og Year of the Horse, og það eru mín uppáhaldslög á Alpanon, sérstaklega það fyrrnefnda. Þrjú lög eru af Sleepdrunk Seasons og níu af Terminal. Það er kannski vandamálið við þessa útgáfu. Það er of stutt liðið frá því að Terminal kom út og búið að spila mörg þessara laga í tætlur síðustu misseri. Og útsetningarnar bæta litlu við lög eins og Sweet Impressions, Stay By You og Feels Like Sugar. Stærri útsetning er ekki endilega betri. Kannski hefði mátt hugsa einhver lög alveg upp á nýtt? Fyrir utan nýju lögin eru samt nokkur sem koma sérstaklega vel út, t.d. Traffic Music, Hooked on Chili, Song From Incidental Music og Trailer Music.

Á heildina litið er Alpanon fallegur pakki fyrir Hjaltalín-aðdáendur þó að það dragi úr hvatanum til að setja hann í tækið hvað maður er búinn að heyra mörg þessara laga oft undanfarið. Það verður spennandi að hlusta á hann eftir svona fimm ár og meta hann upp á nýtt.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Margt vel gert, en nýju lögin hefðu mátt vera fleiri.


MIÐASALA Á SAMbio.is

LIFE AS WE KNOW IT
"SPRENGHLÆGILEG" ALI GRAY, IVILLAGE.COM
"FUNNY, SEXY AND SURPRISINGLY SWEET!" SAINT BRYAN, NBC-TV
THE JONESES
★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
★★★★ - ORLANDO SENTINEL
★★★★ - TIME OUT NEW YORK
Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma
ÆVINTÝRI SAMMA Leynigöngin
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER DUE DATE LEAVE YOUR COMFORT ZONE COMING SOON
RED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5, 6, 8, og 9 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 og 10.10 | 10 |
| GNARR | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE JONESES | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ miðasala á midi.is

FASTER Hann leitar hefnda á þeim sem sviku hann. Frábær hasarmynd! 16 LÚXUS
PARANORMAL ACTIVITY 16
RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS 12
AGORA 14 ★★★ -S.V., MBL
NIKO L ÍSL. TAL ★★★★ -B.B., MBL
"MYND SEM HITTIR Í MARK!" -H.H, MBL jackass 3D 12
ARTÚR 3 L ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FASTER LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.50 - 6 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 3.50 | L |
| AULINN ÉG 3D ÍSL. TAL | KL. 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | 12 |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |
| BRIM | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 5.45 | 12 |
| JACKASS 3D | KL. 5.45 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5% facebook/smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 og 10.10 | 16 |
| FASTER | 8 og 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐINN TIL STJARNANNA | 6 - ISL TAL | L |
| ARTÚR 3 | 6 - ISL TAL | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 - ISL TAL | L |

BÍÓ PARADÍS

CAFÉ

| | |
|---|---|
| GNARR(L) | 18:00, 20:00 |
| ÓRÓI(L) | 20:30 |
| INSIDE JOB(L) | 18:00 |
| ÁSTARSTJARNA(BRIGHT STAR)(L) | 18:10 |
| INHALE(16) | 18:20 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 20:20 |
| SOCIAL NETWORK (SÍÐ.SÝNING)(L) | 20:20 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

SÝNINGATÍMAR MIÐVIKUDAG
GNARR INHALE YOU DON'T GET TO 500 MILLION FRIENDS WITHOUT MAKING A FEW ENEMIES ÁSTAR STJARNA ÓRÓI
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl
Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Kartöflu- og sveppagratín**
6 bökunarkartöflur • 2 box sveppir • 2 skarlottulaukar • 4 hvítlauksrif • 1 búnt steinselja • 500 ml rjómi
Skrælið og skerið kartöflur niður í teninga, forsjóðið. Sneiðið sveppi og steikið í smjöri ásamt söxuðum hvítlauk og skarlottulauk. Kryddið með saxaðri steinselju, salti og pipar. Hellið rjómanum út á, setjið í eldfast mót og bakið í 15 - 20 mín við 170°C.

**Rauðvínssoðnar perur**
6 perur • 1 flaska rauðvín • 100 g sykur • 1 kanilstöng • 1 myntugrein • 1 negulnagli
Sjóðið allt saman og setjið svo afhýddar perurnar út í og eldið að suðu í u.þ.b. 20 mín. Kælið í vökvanum.

**Sósa**
Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

# sport

sport@frettabladid.is



**SVARTFJALLALAND** verður næsti andstæðingur íslenska liðsins á EM í Danmörku. Sá leikur fer fram á morgun klukkan 17.15. Svartfellingar eru almennt taldir vera með sterkara lið en Króatía og róðurinn verður því þungur fyrir stelpurnar.

## ÚRSLIT

*EM kvenna:*

**Ísland-Króatía 25-35 (12-19)**
Mörk Íslands (skot): Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6/2 (9/2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (4), Þorgerður Anna Atladóttir 4 (9), Karen Knútsdóttir 3 (7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (4), Rakel Dögg Bragadóttir 2/2 (5/3), Arna Sif Pálsdóttir 1 (1), Rut Jónsdóttir 1 (1), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 1 (10).
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 5 (16/2, 31%), Berglind Íris Hansdóttir 5 (29/4, 17%).
Hraðaupphlaup: 3 (Hanna Guðrún 2, Karen 1).
Fiskuð víti: 5 (Anna Úrsúla 3, Karen 1, Rut 1).
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk Króatíu (skot): Kristina Franic 9/6 (13/6), Lidija Horvat 6 (9), Dijana Golubic 3 (4), Andrea Penezic 3 (5), Maja Zebic 3 (5), Martina Pavic 2 (2), Dina Havic 2 (2), Miranda Tatari 2 (3), Nikica Pusic 2 (3), Andrea Seric 1 (1), Vesna Milanovic-Litre 1 (1), Nina Jukopila 1 (1), Anita Gace (1), Zana Covic (1).
Varin skot: Ivana Jelcic 9/1 (22/4, 41%), Jelena Grubisic 6 (18/1, 33%).
Hraðaupphlaup: 7 (Golubic 2, Seric 1, Horvat 1, Franic 1, Penezic 1, Milanovic-Litre 1).
Fiskuð víti: 5 (Milanovic-Litre 2, Tatari 1, Pavic 1, Horvat 1).
Utan vallar: 4 mínútur.
Dómarar: Slomo Cohen og Yoram Peretz, Ísrael.
**Svartfjallaland-Rússland 24-22**



**ANNA ÚRSULA** Lét til sín taka á línunni. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

# Slæmur skellur í fyrsta leik á EM

**Ísland tapaði sínum fyrsta stórmótsleik í handbolta þegar stelpurnar máttu þola tíu marka tap gegn Króatíu í Árósum í gær. Stelpurnar gerðu sig sekar um of mörg einföld mistök og það reyndist dýrkeypt.**

**HANDBOLTI** Ísland tapaði í gær fyrir Króatíu í fyrsta leik sínum á EM í handbolta. Von var á erfiðum leik í frumraun stelpnanna á stórmóti en tíu marka tap, 35-25, var engu að síður óþarflega stórt.

Króatar höfðu sjö marka forystu eftir fyrri hálfleikinn og sáu til þess að hleypa aldrei spennu í hann í þeim síðari. Ísland náði ekki sínu besta fram í gær og á nú erfiða baráttu fyrir höndum til að ná markmiði sínu – að komast í milliriðlakeppnina.

Karen Knútsdóttir hlaut þann heiður að skora fyrsta mark Íslands á stórmóti og var það viðeigandi að það hafi komið Íslandi yfir í leiknum.

En það reyndist þó skammgóður vermir þar sem Króatar skoruðu næstu fimm mörk í leiknum. Sóknarleikur Íslands var alls ekki sannfærandi og þær króatísku voru duglegar að refsa með mörkum úr hraðaupphlaupum.

Íslenska liðið sýndi þó marga ágæta tilburði inni á milli í fyrri hálfleik þegar stillt var upp í bæði vörn og sókn. Stelpurnar héldu í við Króatana framan af fyrri hálfleik og þegar best gekk sýndu þær að þær eiga fullt erindi í þetta lið þegar þær ná sínu besta fram.

En það vantaði þó ýmislegt. Sérstaklega alla grimmd og áræðni í varnarleikinn og markvarslan var eftir því allt of lítil. Sóknarmistökin voru einnig allt of mörg og Króatar refsuðu fyrir nánast öll mistök íslenska liðsins. Það gerðist sífellt erfiðara að halda í við andstæðinginn og Króatar sigur fram úr undir lok hálfleiksins og náðu sjö marka forystu, 19-12, þegar flautað var til leikhlés.

Það var aldrei spurning hvoru megin sigurinn myndi lenda og bar síðari hálfleikur keim af því.




**ÖLL SUND LOKUÐ** Rakel Dögg Bragadóttir og stöllur hennar í íslenska landsliðinu komust lítt áfram gegn sterkri vörn króatíska liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Íslensku leikmennirnir héldu þó áfram og reyndu hvað þær gátu, en varamarkvörðurinn Ivana Jelcic átti stórleik fyrstu tíu mínútur leiksins og varði nánast allt sem á markið kom.

Króatísku leikmennirnir fengu greinilega þau skilaboð að skjóta meira að utan. Það bar árangur þar sem þær skoruðu nánast af vild af níu metrunum. Skipti því engu máli að Króatar skoruðu ekki eitt einasta mark úr hraðaupphlaupi í síðari hálfleik.

Varnarleikurinn var ekki góður þegar á heildina er litið og var því ekki hægt að búast við miklu af markvörðum Íslands. Þær fengu erfitt verkefni og náðu sér aldrei á flug í leiknum.

Það sá þó glitta í margt ágætt í sóknarleiknum. Ísland átti nokkra spretti og það gekk vel að finna línuna og hornamennina, sérstaklega í fyrri hálfleik.

Tapaðir boltar voru hins vegar allt of margir og það reyndist dýrkeypt. Íslenska liðið var nokkrum skrefum á eftir andstæðingnum nánast allan leikinn og ur varð eltingarleikur sem Ísland átti aldrei möguleika á að vinna.

Karen og Hanna Guðrún sýndu ágæta takta í sókninni og Anna Úrsúla komst ágætlega frá sínu hlutverki. Þorgerður Anna átti fína innkomu en munaði miklu að lykilmenn eins og Hrafnhildur Skúladóttir og Rakel Dögg Bragadóttir voru langt frá sínu besta.

Stelpurnar vita það best sjálfar hvað fór úrskeiðis og hvað þarf að laga. Þó svo að Króatía hafi fyrir fram verið talinn lakasti andstæðingur Íslands í riðlinum er baráttunni engan veginn lokið.

Bæði Svartfellingar og Rússar sýndu í gær að þau lið geta dottið niður á lágt plan, þó svo að bæði séu vissulega ógnarsterk og vissulega sigurstrangleg í leikjum sínum gegn Íslandi.

En miði er möguleiki og stelpurnar sýndu í gær að þær gefast ekki upp – sama hvað gekk á í gær hengdu þær aldrei haus. Það veit á gott.




**GÁFUST ALDREI UPP** Stelpurnar gáfu allt í leikinn og fögnuðu mörkum sínum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
skrifar frá Árósum
eirikur@frettabladid.is



Anna Úrsúla Guðmundsdóttir:

## Náðum ekki að klukka þær

**HANDBOLTI** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir átti ágætan leik fyrir Ísland í gær en segir að leikmenn hafi ekki náð nógu mikilli grimmd í varnarleiknum.

„Við náðum bara ekki að klukka þær. Við vorum bara fastar á vítateignum og þær hittu gríðarlega vel að utan. Við áttum samt að geta strítt þeim í skotunum en okkur tókst það ekki.“ Hún segir að ýmislegt jákvætt hafi verið við leikinn.

„Seinni hálfleikurinn var frekar jafn á tölunum. Það vantaði að klára færin sem við fengum og þá hefði þetta litið betur út. En ef vörnin er í ólagi þá falla aðrir hlutir bara ekki með okkur. Því fór sem fór.“ - esá

Rakel Dögg Bragadóttir:

## Ég er hundfúl

**HANDBOLTI „Tíu marka tap er allt of mikið og sérstaklega í ljósi þess að við vorum tíu mörkum undir nánast allan seinni hálfleikinn,“ sagði fyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir.**

**„Við getum gert miklu betur og náðum alls ekki að sýna okkar rétta andlit. Við þurfum að bæta okkur í vörninni og það gengur ekki að leyfa skyttunum að skjóta að vild.“**

**Hún segir að vörnin hafi aldrei skilað sér og því hafi vantað markvörslu og hraðaupphlaup. „Það var mjög svekkjandi að við áttum nánast ekki breik í leiknum. Mér finnst ekki svo mikill munur á liðinu, sama hversu furðulega það hljómar.“** - esá

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari og Karen Knútsdóttir eftir leikinn gegn Króatíu í gær:

# Hefði viljað vera lengur inni í þessum leik

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari segir að íslenska liðið eigi meira inni en það sýndi gegn Króatíu í gær og að tap liðsins hafi verið allt of stórt. „Auðvitað hefði þetta litið strax betur út ef við hefðum tapað með 5-6 mörkum en við vorum í vandræðum nánast allan leikinn,“ sagði Júlíus, sem sagði að varnarleikurinn hefði verið helsti löstur liðsins í gær.

„Þetta small í raun aldrei. Það komu kaflar inni á milli þar sem við náðum ágætu spili í vörninni en í raun héldum við aldrei sjó.“

Forysta Króatíu var örugg nánast allan leikinn og sagði Júlíus að liðið hefði átt von á erfiðum leik. „Við vorum vissulega að spila á móti frábæru liði en ég veit að þær eiga heilmikið inni og munurinn á milli liðanna var ekki svo mikill. Króatía lagði upp leikinn með því að keyra á okkur í byrjun og láta okkur finna fyrir því strax. Við fengum því aldrei það tækifæri sem við vorum að vonast eftir – að mæta liði sem væri enn sofandi. Það varð ekki raunin og þær voru klárar í þennan slag. Ég hefði viljað vera lengur inni í leiknum og geta verið í þeirri stöðu að eiga eitthvað inni fyrir síðasta korterið í leiknum.“

Karen Knútsdóttir átti ágætan leik í gær og var valin besti leikmaður íslenska liðsins af mótshöldurum. „Við klikkuðum fyrst og fremst í vörninni og þá fylgdi markvarslan ekki með. Þær eru með góðar skyttur og við förum einfaldlega ekki út á móti þeim. Það kom okkur þó ekkert á óvart á þessum leik. Við klikkuðum bara.“

Hún sagði að getumunurinn á milli liðanna hefði ekki verið jafn mikill og úrslit leiksins gæfu til kynna. „Það kom fullt af fínum sóknum í leiknum sem við getum tekið með okkur í næstu leiki. Við þurfum að gera meira af því þar sem öll þessi lið refsa duglega fyrir mistökin okkar. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir öll mistök en þetta var kannski full mikið af því góða,“ sagði Karen. - esá



**Á FLUGI** Arna Sif Pálsdóttir er hér komin í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

# Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður.
Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

**Berlín**
**München**
**Hamborg**
**Varsjá**
**Zürich**
**Mílanó**
**Vilníus**
**Ósló**
**Kaupmannahöfn**
**Stokkhólmur**
**Helsinki**
**Gautaborg**
**Stafangur**
**Þrándheimur**
**Bergen**
**London**
**París**
**Frankfurt**
**Peking**
**Tokyo**
**Bangkok**

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

ICELANDAIR

SAS
Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

**flysas.is**

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu:

**A-RIÐILL:**

Twente-Tottenham 3-3
0-1 Peter Wisgerhof, sjm. (12.), 1-1 Denny Landzaat, víti (22.), 1-2 Jermain Defoe (47.), 2-2 Rosales Roberto (54.), 2-3 Jermain Defoe (58.), 3-3 Nacer Chadli (54.).
Werder Bremen-Inter 3-0
1-0 Sebastian Prödl (37.), 2-0 Marko Arnautovic (48.), 3-0 Claudio Pizarro (87.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tottenham** | **6** | **3** | **2** | **1** | **18-11** | **11** |
| Inter | 6 | 3 | 1 | 2 | 12-11 | 10 |
| **Twente** | **6** | **1** | **3** | **2** | **9-12** | **6** |
| Bremen | 6 | 1 | 2 | 3 | 6-12 | 5 |

**B-RIÐILL:**

Benfica-Schalke 1-2
0-1 Jose Durado (18.), 0-2 Benedikt Höwedes (81.), 1-2 Luisao (86.).
Lyon-Hapoel Tel Aviv 2-2
1-0 Lisandro Lopez (62.), 1-1 Ben Sahar (63.), 1-2 eran Zehavi (68.), 2-2 Alexandre Lacazette (87.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Schalke** | **6** | **4** | **1** | **1** | **10-3** | **13** |
| Lyon | 6 | 3 | 1 | 2 | 11-10 | 10 |
| **Benfica** | **6** | **2** | **0** | **4** | **7-112** | **6** |
| Hapoel | 6 | 1 | 2 | 3 | 7-10 | 5 |

**C-RIÐILL:**

Bursaspor-Rangers 1-1
0-1 Kenny Miller (18.), 1-1 Sercan Yildirim (79.)
Man. Utd-Valencia 1-1
0-1 Pablo (31.), 1-1 Anderson (61.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. Utd** | **6** | **4** | **2** | **0** | **7-1** | **14** |
| Valencia | 6 | 3 | 2 | 1 | 15-4 | 11 |
| **Rangers** | **6** | **1** | **3** | **2** | **3-6** | **6** |
| Bursaspor | 6 | 0 | 1 | 5 | 2-16 | 1 |

**D-RIÐILL:**

Barcelona-Rubin Kazan 2-0
1-0 Fontás (51.), 2-0 Victor Vazquez (81.)
FCK-Panathinaikos 3-0
1-0 Martin Vinsgaard (26.), 2-0 Jesper Grönkjær, víti (50.), 3-0 Djibril Cisse, sjm (72.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | **6** | **4** | **2** | **0** | **14-3** | **14** |
| FCK | 6 | 3 | 1 | 2 | 7-4 | 10 |
| **Rubin Kazan** | **6** | **1** | **3** | **2** | **2-4** | **6** |
| Panathinaikos | 6 | 0 | 2 | 4 | 1-13 | 2 |

### Heimsbikarinn:

**Svíþjóð-Ísland 31-26 (19-14)**
Mörk Svía (skot): Martin Ekdahl du Rietz 6 (10), Jonas Larholm 5 (6), Dalibor Doder 4 (5), Oscar Carlén 4 (8), Niclas Ekberg 4/1 (5/1), Jan Lennartson 2 (3), Fredrik Petersen 2 (2), Robert Johanson 2 (3), Robert Arrhenius 1 (1), Fredric Petterson 1 (1).
Varin skot: Andreas Palincka 18 (46) 39%.
Hraðaupphlaup: 4.
Fiskuð víti: 1.
Utan vallar: 10 mín.
Mörk Íslands (skot): Sigurbergur Sveinsson 6 (10), Aron Pálmarsson 5 (11), Oddur Gretarsson 5 (8), Alexander Petersson 5 (12), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Ingimundir Ingimundarson 1 (1), Arnór Atlason 1 (5), Róbert Gunnarsson 1 (2), Arnór Þór Gunnarsson (2), Snorri Steinn Guðjónsson (1).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 9 (26) 35%, Birkir Ívar Guðmundsson 2 (16/1) 12%.
Hraðaupphlaup: 7 (Oddur 2, Alexander 2, Ingimundur, Aron, Ásgeir).
Fiskuð víti: 0.
Utan vallar: 2 mín.
**Danmörk-Noregur 36-31**



**BIRGIR LEIFUR** Er nokkuð frá því að komast áfram á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Birgir Leifur Hafþórsson:

# Svipuð staða hjá Birgi Leifi

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson lék vel á þriðja keppnisdegi lokaúrtökumótsins í golfi í gær á Spáni. Íslandsmeistarinn fékk fimm fugla á síðari níu holunum og lék á 71 höggi eða einu höggi undir pari.

Staða hans breyttist lítið en hann fór upp um sex sæti og er hann í 149. sæti á níu höggum yfir pari samtals en aðeins 70 efstu fá tækifæri til þess að leika 36 holur til viðbótar um 30 laus sæti á Evrópumótaröðinni á næsta keppnistímabili.

- seþ

Lokaleikirnir í riðlum A-D í Meistaradeildinni í gær:

# Sölvi Geir og FCK áfram

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen og félagar í Kaupmannahafnarliðinu náðu í gær þeim frábæra árangri að tryggja sér sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu þegar þeir unnu öruggan 3-1 sigur á Panathinaikos. Sölvi lék síðustu þrettán mínútur leiksins.

Danska liðið fylgir stórliði Barcelona upp úr riðli sínum en Börsungar unnu Rubin Kazan.

Enn hitnar sæti Rafa Benítez, þjálfara Inter, en liðið tapaði illa fyrir Werder Bremen. Evrópumeistararnir komast þó áfram upp úr riðlinum en þeir lentu í öðru sæti A-riðils á eftir Tottenham, sem gerði 3-3 jafntefli við Twente í markaleik þar sem Jermain Defoe skoraði tvö mörk.

Tottenham hefur verið skemmtilegasta lið keppninnar í vetur en liðið skoraði tvö mörk eða meira í öllum leikjum sínum í riðlakeppninni og varð fyrsta liðið til þess.

Ben Amos stóð í marki Manchester United þegar liðið gerði jafntefli við Valencia, 1-1. Stigið tryggði United sigur í riðlinum og markið í leiknum var einnig það eina sem United fékk á sig í riðlinum.

- egm




**ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM** FC Kaupmannahöfn er að gera góða hluti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Strákana vantaði stöðugleika

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sagði meira hafa verið jákvætt í leik Íslands gegn Svíþjóð í gær en í síðustu leikjum liðsins. Leikur íslenska liðsins var allt of sveiflukenndur í gær.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið mun leika um þriðja sætið í heimsbikarnum gegn Norðmönnum eftir fimm marka tap, 31-26, gegn Svíum. Leikur íslenska liðsins var allt of sveiflukenndur og lykilleikmenn ekki að skila sínu.

„Þetta var köflótt hjá okkur," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leik. „Varnarleikurinn í fyrri hálfleik var alls ekki nægilega góður en hann var mun betri lengst af í seinni hálfleik. Við getum ekki kvartað yfir sóknarleiknum stærstan hluta þótt hann hafi dottið niður eftir góðan kafla í seinni hálfleiknum."

Íslenska liðið byrjaði leikinn mjög vel. Guðmundur byrjaði á því að láta liðið spila gríma framliggjandi vörn sem svínvekk. Strákarnir slógu vopnin úr höndum Svíanna, keyrðu fín hraðaupphlaup og náðu forskoti. Það var mikill kraftur í leik strákanna og byrjunin lofaði góðu.



**SKÁRRA** Guðmundur var nokkuð sáttur við leik liðsins í gær. MYND/DIENER

Eftir rúmlega tíu mínútna leik var ekki sama grimmd í íslensku vörninni og Svíarnir fóru að skora allt of auðveld mörk. Ekki bætti úr skák að markvarslan var nákvæmlega engin en íslensku markverðirnir vörðu aðeins þrjú skot í fyrri hálfleik. Á sama tíma hafði hraðinn í sóknarleiknum dottið niður. Svíarnir skoruðu að vild og leiddu með fimm mörkum í hálfleik, 19-14.

Síðari hálfleikur byrjaði mjög vel. Vörnin var aftur komin í fínan gír og Sveinbjörn byrjaði að verja í markinu. Sóknarleikurinn var yfirvegaður og árangursríkur. Í stöðunni 20-19 tóku Svíar leikhlé, fóru yfir stöðuna og tóku í kjölfarið aftur völdin.

Leikur íslenska liðsins hrundi á nýjan leik. Vörnin datt niður sem og markvarslan. Sóknarleikurinn var slakur og skotin illa ígrunduð. Þegar upp var staðið unnu Svíar sanngjarnan fimm marka sigur.

Leikur íslenska liðsins var allt of sveiflukenndur en vissulega voru margir jákvæðar punktar. Sigurbergur átti frábæra innkomu í síðari hálfleik og Oddur var magnaður. Aron var sterkur lengstum og Sveinbjörn varði ágætlega í korter.

Vonbrigðin voru Snorri og Arnór. Þessir reynslumiklu menn geta miklu betur og verða að gera betur. Þeir hafa verið slakir í allt of mörgum leikjum í röð og verða að rífa sig upp. Róbert var einnig ekki upp á sitt besta á línunni. Línuspilið var síðan dapurt, sem og hornaspilið.

Guðmundur telur sig þó geta tekið fleira jákvætt úr þessum leik en Austurríkisleiknum. Sigurbergur var markahæstur í íslenska liðinu og var Guðmundur ánægður með hans framlag.

„Hann stóð sig mjög vel og Oddur gerði mjög vel í fyrri hálfleik. Þá varði Sveinbjörn vel í seinni hálfleik og ekki hægt að kvarta yfir honum. Nokkrir aðrir áttu góðar rispur en skorti stöðugleika," sagði Guðmundur að leik loknum og bætti við:

„Nú stefnum við bara á sigur gegn Noregi en viljum samt sem áður prófa eitt og annað eins og kostur er."

- hbg, egm




**LEIÐINLEGT TAP** Svíar unnu sanngjarnan sigur á Íslandi í gær. Alexander Petersson var magnaður í fyrri hálfleik en ekkert gekk upp hjá honum í þeim síðari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðustu leikir riðlakeppni Meistaradeildarinnar fara fram í kvöld en spennan er ekki mikil í mörgum riðlanna:

# Arsenal eina stórliðið í einhverri hættu

**FÓTBOLTI** Arsenal er eina stóra liðið í Meistaradeildinni sem er í einhverri hættu að detta út í Meistaradeildinni þegar riðlakeppnin klárast í kvöld. Arsenal er eitt af þremur liðum í H-riðli sem eiga möguleika á því að komast áfram í sextán liða úrslit en hin eru úkraínska liðið Shakhtar Donetsk og portúgalska liðið Braga. Shakhtar er á toppi riðilsins með tólf stig og með þremur stigum meira en Arsenal og Braga.

Arsenal þarf þó ekki að treysta á neinn annan en sjálfan sig því með sigri á botnliði Partizan Belgrad á heimavelli tryggja lærisveinar Arsene Wenger sér sæti í sextán liða úrslitunum. Vinni Braga Shakhtar í hinum leiknum þá verða öll liðin jöfn með tólf stig en Arsenal er með bestu innbyrðisstöðuna þökk sé 6-0 (Braga) og 5-1 (Shakhtar) sigrum í fyrri umferðinni.

Braga á líka langminnstu möguleikana á því að komast áfram því vinni Arsenal sinn leik þá þurfa Portúgalarnir að vinna Shakhtar Donetsk með fjögurra marka mun á útivelli til þess að verða með betri innbyrðisstöðu. Shakhtar vann nefnilega fyrri leik liðanna í Portúgal 3-0 og því eru allar líkur að liðið komist áfram í sextán liða úrslitin.

„Þetta verður mikilvægur leikur fyrir okkur. Pressan er á okkur en við munum standast hana. Ég hef enga trú á öðru en að við klárum þennan leik og tryggjum okkur áfram," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, sem sá sína menn fara í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar um síðustu helgi. Partizan hefur tapað öllum fimm leikjum sínum í riðlinum og hefur aðeins skorað eitt mark. Það kom reyndar í 1-3 tapi fyrir Arsenal í fyrri leik liðanna í Serbíu.

Fimm af átta sætum úr riðlum E til H í sextán liða úrslitunum eru klár því Bayern München, Chelsea, Marseille, Real Madrid og AC Milan hafa öll tryggt sig áfram. Fyrir utan H-riðil Arsenalmanna þá er aðeins keppt um annað sætið í E-riðli í kvöld. Bayern hefur þegar unnið riðilinn en Roma og Basel berjast um hitt sætið í sextán liða úrslitunum. Roma hefur þriggja stiga forustu en Basel verður alltaf ofar verði liðin jöfn að stigum. Roma sækir CFR Cluj heim og nægir jafntefli en Basel fer til München og þarf því að kljást við mun erfiðara verkefni.

- óój



**Í FRÁBÆRU FORMI** Arsenal treystir á Samir Nasri í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP


Frón
Frón kemur við sögu
á hverjum jólum
Þú læðist bara
Færð þér eina og eina smáköku frá Frón.
Fáðu þér fjórar tegundir af íslenskum jólasmákökum
í dag á góðu íslensku verði frá Frón.
Mömmukossar
Vanilluhringir
Súkkulaðibitakökur
Frón Mömmukossar
Smakkaðu bara ljúfan
mömmukoss.
Frón Vanilluhringir
Fáðu þér ljúffengar vanillukökur.
Frón Súkkulaðibitakökur
Bragðaðu á ekta
súkkulaðibitaköku í dag.
Frón Loftkökur
Láttu þær bráðna í
munni þér.
Gleðileg íslensk jól
Jólasmákökur frá Frón fást í helstu verslunum.

## > Angelina Jolie

„Mér finnst gott að fela mig bak við persónurnar sem ég leik. Þrátt fyrir alla umfjöllunina og athyglina sem ég fæ er ég mjög einræn og á mjög erfitt með það að höndla frægðina.“

***Angelina Jolie fer með hlutverk Susönnu í kvikmyndinni Girl, Interrupted sem færði Jolie Óskarsverðlaun á sínum tíma. Girl, Interrupted er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HLÓ OG GRÉT (NÆSTUM ÞVÍ) YFIR SJÓNVARPINU

# Þjóðargersemin Reynir Pétur



Ég var eins árs þegar Reynir Pétur gekk hringinn í kringum landið. Samt finnst mér eins og ég muni eftir því. Það stenst ekki skoðun þar sem ég man varla hvað ég gerði í síðustu viku. Ástæðan er kannski sú að Reynir hefur reglulega skotið upp kollinum í fjölmiðlum og umræðum þessi 25 ár sem eru liðin frá þessu ógleymanlega afreki, sem vakti athygli á málefnum fólks sem er ekki steypt í sama mót og við sem teljum okkur *venjuleg* (sem er hræðilegt orð).

Myndin um Reyni Pétur, sem sýnd var í Sjónvarpinu á sunnudaginn, er frábær og María Sigrún Hilmarsdóttir, sem gerði myndina, á hrós skilið. Ég bjóst við að myndin yrði fyndin, enda virðist Reynir vera hrikalega skemmtilegur maður. Það gekk eftir, en hún var á sama tíma einstaklega ljúfsár. Ég fékk t.d. gæsahúð þegar Reynir útskýrði tilurð ljósmyndar af honum barnungum sem hangir á vegg í stofunni hans; myndin gefur nefnilega Reyni vísbendingu um útlit sonar hans, hefði hann eignast slíkan.

Það var skemmtilegt að fylgjast með Reyni Pétri ræða um gömul myndskeið, hvort sem maður var búinn að sjá þau eða ekki. Honum tókst alltaf að varpa sérstöku ljósi á atburði fortíðarinnar og aðrir viðmælendur krydduðu frásögnina með skemmtilegum staðreyndum um þennan ótrúlega mann. Þá var einnig skemmtilegt að fylgjast með daglegu lífi Reynis, hvort sem hann var að heimta fleiri kartöflur í mötuneyti Sólheima eða grínast í starfsfólkinu.

Loks var ótrúlega sniðugt að útsetja frumsamin stefin sem Reynir Pétur söng lar á meðan hann hlúir að grænmetinu á Sólheimum. Það var lítil hugmynd sem gerði gríðarlega mikið fyrir myndina – enda er safaríkt steikin ekkert án salts og pipars.

## SJÓNVARPIÐ

**14.40 EM kvenna í handbolta** (Ísland - Króatía) Upptaka frá leik Íslendinga og Króata sem leikinn var í gær.
**16.20 Návígi** (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Disneystundin**
**17.26 Snillingarnir** (11:28)
**17.49 Sígildar teiknimyndir** (11:42)
**17.57 Gló magnaða** (11:19)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (33:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Brimreið** (Surfwise) Bandarísk heimildamynd frá 2007 um dr. Dorian Paskowitz, hálfníræðan brimbrettakappa, heilsuræktarfrömuð og kynlífsmeistara.
**23.55 Landinn** (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.35 Cake: A Wedding Story**
**08.10 Scoop**
**10.00 Wayne's World 2**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Scoop**
**16.00 Wayne's World 2**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Cake: A Wedding Story**
**22.00 Girl, Interrupted**
**00.05 Man in the Iron Mask**
**02.15 Friday the 13th**
**04.00 Girl, Interrupted**
**06.05 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Galdrabókin** (8:24)
**07.50 Maularinn**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Ameríski draumurinn** (1:6)
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (15:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (6:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (2:22)
**13.50 Gossip Girl** (15:22)
**14.40 ER** (6:22)
**15.30 iCarly** (16:25)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (9:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (14:24)
**19.55 How I Met Your Mother** (6:20)
**20.20 Gossip Girl** (5:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan.
**21.10 Hawthorne** (2:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**22.00 Medium** (11:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar.
**22.45 Nip/Tuck** (10:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar.
**23.30 Sex and the City** (10:18)
**00.05 NCIS: Los Angeles** (16:24)
**00.50 Human Target** (7:12)
**01.35 Life on Mars** (3:17)
**02.20 Sjáðu**
**02.50 After School Special**
**04.20 Gossip Girl** (5:22)
**05.05 The Simpsons** (9:23)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**11.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**13.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.45 Danmörk - Noregur**
**15.20 Svíþjóð - Ísland**
**16.55 Heimsbikarinn í handbolta - upphitun** Þorsteinn Joð fær til sín góða gesti og hitar upp fyrir leikina.
**17.25 Heimsbikarinn í handbolta**
**19.25 Heimsbikarinn í handbolta**
**22.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.40 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Partizan**
**00.30 Meistaradeild Evrópu: Cluj - Roma**
**02.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 enski boltinn

**16.30 Wigan - Stoke** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Man. City - Bolton** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football Legends - Schmeichel** Einn besti markvörður veraldar fra upphafi verður kynntur til sögunnar að þessu sinni. Peter Schmeichel, danska tröllið, gerði garðinn frægann með Manchester Utd og þykir einn besti markvörður heims fyrr og síðar.
**22.20 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**23.20 Liverpool - Aston Villa**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Dr. Phil**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Nýtt útlit** (12:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (14:23) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**19.45 Matarklúbburinn** (5:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.
**20.10 Spjallið með Sölva** (12:13)
**20.50 Parenthood** (10:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
**21.35 America's Next Top Model** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.25 Billie and the Real Belle Bare All** Einstök heimildarmynd um hina raunverulegu vændiskonu á bak við Secret Diary of a Call Girl.
**22.55 Jay Leno**
**23.40 CSI: Miami** (10:24) (e)
**00.30 The Cleaner** (9:13) (e)
**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.45 Golfing World** (e)
**12.35 Golfing World** (e)
**13.25 Dubai World Championship** (2:4) (e)
**17.25 Golfing World** (e)
**18.15 Golfing World**
**19.05 PGA Tour Yearbooks** (9:10) (e)
**19.50 LPGA Highlights** (8:10)
**21.10 European Tour - Highlights 2010** (9:10) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 Ryder Cup Official Film 1999** (e)
**00.25 Golfing World** (e)
**01.15 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.35 Falcon Crest** (4:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**20.25 Ástríður** (3:12) Ástríður er ekki alveg viss hvort hún vill halda sambandinu við hinn drykkfellda Björn blaðamann áfram.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (2:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**22.15 Chuck** (4:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**23.00 The Shield** (13:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliðið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Ástríður** (3:12)
**00.35 The Doctors**
**01.15 Falcon Crest** (4:28)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Orri Hauksson framkvæmdarstjóri
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**21.30 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |








VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 16.55 Heimsbikarinn í handbolta

Úrslitin ráðst í Heimsbikarnum í handbolta í Svíþjóð í dag. Fjörið hefst með skemmtilegri upphitun að hætti Þorsteins Joð klukkan 16.55 og síðan taka „strákarnir okkar“ við kl. 17.25 og keppa um verðlaun við Dani eða Norðmenn. Seinni leikur dagsins tekur við strax í kjölfarið.



**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Bjarni Felixson **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ,Allo ,Allo! **15.15** ,Allo ,Allo! **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Fawlty Towers **19.30** Gavin & Stacey **20.00** After You've Gone **20.30** Whitechapel **21.20** Whose Line Is It Anyway? **21.45** Fawlty Towers **22.15** Gavin & Stacey **22.45** After You've Gone **23.15** EastEnders **23.45** Monarch of the Glen

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Koste hvad det vil **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Svampebob Firkant **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Kender du typen **19.30** Det søde liv **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.30** Onsdags Lotto **22.35** DR1 Dokumentaren **23.35** OBS **23.40** Boogie Mix

### NRK 1

**12.40** Glimt av Norge **12.50** Klasse 10 B **13.30** Det søte liv **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.05** Filmavisen 1960 **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Klovn til fjells **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Bunnen er nådd **23.40** Trekant

### SVT 1

**12.05** Skavlan **13.05** Melvin och Howard **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den förlorade dottern **20.50** Nobel 2010. Nobelkonserten **22.20** Min jul **22.25** Våra vänners liv **23.25** Vem tror du att du är?







## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Draumadagurinn væri að vera með Frank Sinatra í eyrunum að syngja New York, New York. Allir sem hafa verið í New York vita að það er málið.“*

Baldur Öxdal matreiðslumeistari

# Gillz býður rithöfundum í Burn-partí



„Ég hef aldrei verið jafn ánægður á ævinni,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson rithöfundur.

Í gær lauk þriggja mánaða bið hjá Agli þegar honum var tilkynnt að umsókn hans um inngöngu í Rithöfundasamband Íslands hefði verið samþykkt. Fréttablaðið sagði frá umsókn Egils í september en hún vakti nokkurt umtal. Rithöfundurinn segist hlakka til starfsins í sambandinu og ætlar þegar að taka til hendinni. „Það eru nokkur markmið sem ég hef sett mér. Ég ætla að kjöta Sjón upp, ætli ég sendi honum ekki SMS strax á eftir, ég ætla að rífa hattinn af Hallgrími Helga, það þarf einhver að segja honum að hattar voru töff árið 2005. Og svo er aðalmarkmiðið að koma meðal fituprósentunni hjá meðlimum Rithöfundasambandsins niður í 25 prósent.“

Þó Egill sé hæstánægður með inngönguna ber þó einn skugga á starfið fram undan. „Um leið og ég fékk góðu fréttirnar renndi ég yfir meðlimi í Rithöfundasambandinu og það eru nokkrir sem eiga ekkert að vera þarna. Til dæmis Hávar Sigurjónsson, ég veit ekki til þess að hann hafi gefið út bók. Ég neyðist til að tilkynna honum á morgun [í dag] að hann sé ekki lengur meðlimur.“

Rithöfundurinn áformar mikil veisluhöld til að fagna þessum áfanga. Hann er að íhuga að halda áramótapartí á heimili sínu fyrir félaga sína í Rithöfundasambandinu en tekur þó forskot á sæluna. „Fyrsta partíið verður um helgina. Það verður Burn-partí á Austur, Burnskvísur að afgreiða drykki og allur pakkinn. Auðvitað er öllum meðlimum sambandsins boðið.“ **- hdm**

**KOMINN INN** Egill Einarsson er orðinn meðlimur í Rithöfundasambandinu og ætlar að taka til þar.









PÉTUR MÁR ÓLAFSSON: TVEGGJA TURNA TAL UM ÞESSI JÓL

# Arnaldur og Yrsa að stinga af í jólabókaflóði ársins

„Þetta er alveg magnað, við höfum prentað tíu þúsund eintök og höfum núna selt sjö þúsund. Þetta er hennar langbesta byrjun á jólabókavertíðinni og allt útlit fyrir að hún slái eigið sölumet,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Veröld. Hann telur óhætt að tala um tveggja turna tal á jólabókamarkaðinum í ár og Arnaldur Indriðason væri þá hinn turninn. „Yrsa hefur toppað Arnald á tveimur listum um þessi jól og það segir sitthvað um hennar vinsældir. Það hefur ekki gerst áður,“ bendir Pétur Már á og vísar þar meðal annars til nýlegs metsölulista Hagkaups sem birtist í Fréttablaðinu í gærmorgun. Nýr listi frá Félagi bóksala ýtir undir þessa fullyrðingu; Yrsa og Arnaldur hafa komið sér makindalega fyrir í þriðja og öðru sæti á eftir Léttum réttum Hagkaups.

Pétur segir að bækur Yrsu hafi selst í áttatíu þúsund eintökum en Ég man þig er fimmta skáldsaga hennar. Rithöfundurinn nálgast nú milljón eintaka múrinn á heimsvísu og þýskt framleiðslufyrirtæki keypti nýlega sjónvarpsréttinn að bókum hennar. „Umtalið hefur verið gott, dómarnir góðir og að mati Times standast bækur Yrsu það besta í glæpasagnaheiminum.“

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segir það vissulega gleðilegt að Yrsa skuli seljast vel. En hann er hins vegar ekki reiðubúinn til að kvitta upp á fullyrðingu Péturs Má um tveggja turna tal þetta árið. „Það er alveg ljóst að bækur Arnaldar og Yrsu falla Íslendingum vel í geð. Arnaldur hefur hins vegar borið höfuð og herðar yfir aðra rithöfunda, hann hefur átt mest seldu skáldsögu ársins á undanförnum árum,“ segir Egill og bendir á að nýjast bók Arnaldar, Furðustrandir, hafi um þessi jól selst betur og hraðar en nokkru sinni og allt útlit sé fyrir að hann slái sitt fyrra Íslandsmet sem Myrká setti fyrir tveimur árum þegar bókin rauf 30 þúsund eintaka múrinn. „Þá töldum við að toppnum væri náð og við gætum ekki selt fleiri eintök. En annað er að koma í ljós,“ segir Egill og bendir á að Arnaldur hafi selt nálægt 300 þúsund eintök hér á landi undanfarin þrettán ár eða síðan Synir duftsins kom út.

**freyrgigja@frettabladid.is**





MYND/KRISTINN INGVARSSON

**ALGJÖRT MET**

**Arnaldur Indriðason** og **Yrsa Sigurðardóttir** eru líkleg til að slá eigin met um þessi jól. Yrsa rýfur sennilega tíu þúsund eintaka múrinn en Arnaldur gæti sett nýtt Íslandsmet og selt yfir þrjátíu þúsund eintök af Furðuströndum.

# Fá skemmtikrafta í skólaverkefni

„Þetta á að vera svona spjallþáttur svipaður Loga í beinni, nema með Mána,“ segir Fannar Sveinsson, nemi í Kvikmyndaskóla Íslands.

Um þrjátíu nemendur Kvikmyndaskólans vinna nú hörðum höndum að því að undirbúa sjónvarpsþáttinn „Máni í beinni frá Garðabæ“, en um er að ræða einn prufuþátt þar sem nemendur Kvikmyndaskólans læra á allt sem við kemur beinni útsendingu á sjónvarpsþætti. „Við fengum Völu Grand og Svavar Sigurðsson til að koma í spjall og Friðrik Dór ætlar að taka lagið,“ segir Fannar. Það verður Þorkell Máni Pétursson, útvarpsmaður X-ins, sem sér um þáttastjórnina en upptökur fara fram í Latabæjarstúdíóinu.

Þeir nemendur sem taka þátt í verkefninu hafa verið að sækja áfanga tengda þessu í vetur, en það er Heimir Jónasson, fyrrverandi dagskrárstjóri Stöðvar 2, sem kennir áfangann. „Þetta er í rauninni eins og skólaverkefni í beinni útsendingu,“ segir Fannar, en hann segir að þetta sé einungis hugsað fyrir skólann. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Kvikmyndaskólinn vinnur að verkefni sem þessu. „Þetta var líka gert í fyrra, en þá var það Villi naglbítur sem sá um þáttarstjórnina,“ segir Fannar. **- ka**



**Í FULLUM UNDIRBÚNINGI** Nemendur Kvikmyndaskólans fá til sín góða gesti í spjallþátt sem er liður í skólaverkefni þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

*Gleðileg jól*



# GEFÐU GÓÐAR STUNDIR

## Gjafakort Þjóðleikhússins á hátíðartilboði



**GJAFAKORT**
Gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.
Fjöldi glæsilegra sýninga í boði!
**Hátíðartilboð 3.500 kr.**

**BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM**
Nýtt og sprellfjörugt barnaleikrit eftir Gerði Kristnýju.
Frábær jólagjöf fyrir alla krakka!
**Hátíðartilboð 2.800 kr.**

Miðasala Hverfisgötu | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Times velur RAX

Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson, RAX, er nú á siglingu við Suðurskautslandið í boði Le Cercle Polaire ásamt sérlegum sendiherra frönsku ríkisstjórnarinnar á heimsskautasvæðunum, Michel Rocard. Hann hefur því eflaust ekki hugmynd um að ljósmyndabókin hans, Veiðimenn norðursins, hafi verið valin ein af jólagjöfum ársins af breska blaðinu The Times. Ragnar var fyrir skemmstu á flakki um Írland og hlaut góðar viðtökur í Dublin en þar fjallaði The Irish Times meðal annars ítarlega um bókina og ljósmyndarann. - fgg



### Vinsældir vekja furðu

Bandarískir sendiráðsfulltrúar hér furðuðu sig á vinsældum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem síðast gegndi embætti utanríkisráðherra í forsætisráðherratíð Geirs H. Haarde. Í bréfi sem sent var úr ráðuneytinu til bandaríska utanráðuneytisins og Hvíta hússins í Washington í lok janúar í fyrra og lekasíðan Wikileaks komst yfir segir að vinsældirnar séu undarlegar, ekki síst fyrir þær sakir að Ingibjörg Sólrún var í Samfylkingunni. Á sama tíma virðist sú almenna skoðun vera ríkjandi að ráðuneyti hennar sé fullt af framsóknar- og sjálfstæðismönnum, að því er segir í skjölunum. - jab



### Mest lesið vísir.is

1. Helga Sigríður vöknuð
2. Einn stærsti myndabanki veraldar í mál við Barnaland
3. Ellefu læknar sáu ekki krabbameinið í tæka tíð
4. Lítill hundur og stóðr flugvél
5. Hrædd eftir líflátshótanir: „Ég píni ekki dýrin mín“




